MARGRÉT ÓSK MARINÓSDÓTTIR
*Sterk mexíkósk súpa góð í flensutíðinni*
matur
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



ÚTIVERA OG HEILSA
*Landið séð í gegnum linsuna*
Sérblað um útiveru og heilsu
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




MAX RAFTÆKI
Dúndur TILBOÐ
AUKABLAÐ Í DAG
Velkomin í Holtagarða og Kauptún

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
7. mars 2008 — 66. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR



**Þið munið hann Jörund**
Ungmennafélag Reykdæla 100 ára. Frumsýnir í Logalandi í kvöld.
TÍMAMÓT 32

**Spurt er um lið**
MR borðar bakkelsi en Borgarholtsskóli spilar ólsen-ólsen til að búa sig undir seinni hluta undanúrslita í Gettu betur.
FÓLK 42



**Stjarnan felldi tvö lið**
Hamar og Fjölnir féllu bæði úr Iceland Express-deildinni í körfubolta eftir sigur Stjörnumanna á ÍR.
ÍÞRÓTTIR 46

FÖSTUDAGUR

**Merzedes Club er pönk**
Ceres 4 hefur í nógu að snúast.
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




## VEÐRIÐ Í DAG




**BREYTILEG ÁTT** Í dag verður norðaustan strekkingur á Vestfjörðum, annars hæg breytileg átt. Víða snjó- eða slydduél en þurrt fyrir austan. Léttir til norðaustanlands eftir hádegi.
VEÐUR 4

# Orkuveitan vill kaupa lóð og hús á milljarð

**Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur hug á að kaupa 33.000 fermetra lóð Osta- og smjörsölunnar að Bitruhálsi og 4.700 fermetra hús. Lóðin og húsið eru metin samtals á 938 milljónir í fasteignamati. Markaðsverð er væntanlega hærra.**

**ORKA** Meirihluti stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur hefur hug á því að kaupa lóð og hús Osta- og smjörsölunnar að Bitruhálsi 2.

Lóðin er 33.092 fermetrar að stærð og húsið 4.723 fermetrar. Fasteignamat ríkisins metur lóðina á 181.750.000 en húsið á 756.300.000. Samtals á 938.050.000 krónur. Raunverulegt markaðsverð er væntanlega eitthvað hærra.

Hjörleifur B. Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar, segir að þáverandi meirihluti sjálfstæðismanna og Framsóknarflokks hafi gert þetta að tillögu á sínum tíma.

„Og nú er málið komið á ákvörðunarstig stjórnar og það er hjá henni,“ segir hann.

Kjartan Magnússon, stjórnarformaður Orkuveitunnar, vill ekki tjá sig um málið en staðfestir að það sé í skoðun.

Með kaupum á lóðinni er fyrst og fremst hugsað til framtíðar, að sögn forstjórans. Þar fá vinnuflokkar fyrirtækisins rými fyrir áhaldahús sín og tól og tæki. Að auki skortir fleiri bílastæði fyrir starfsmenn Orkuveitunnar, þrátt fyrir þriggja hæða bílastæðahús fyrir austan Orkuveituhúsið.

Einnig er gert ráð fyrir að Orkuveitan hýsi orkuskólann REYST þegar fram líða stundir. Til greina mun koma að sameina lóðir Smjörsölu og Orkuveitu í framtíðinni og ekki er loku fyrir það skotið að byggt verði.

Orkuveituhúsið kostaði á sínum tíma eina 5,8 milljarða króna en átti að kosta jafnmikið og húsnæði þeirra fyrirtækja sem sameinuðust í Orkuveitunni. Söluandvirði þeirra var 1,8 milljarðar og fór því Orkuveituhúsið fjóra milljarða fram úr áætlun.

Mikill kostnaður við bygginguhússins var gagnrýndur mjög, sérstaklega af þáverandi minnihluta sjálfstæðismanna. - kóþ



**FLÝTTI SÉR OF MIKIÐ OG HAFNAÐI OFAN Á TJÖRNINNI** Karlmaðurinn ungi sem ók allt of geyst miðað við aðstæður á Skothúsvegi í gær slapp ómeiddur eftir að hafa misst stjórn á bíl sínum þegar hann ætlaði að taka fram úr á brúnni. Lögregla telur að bíll hans hafi að minnsta kosti farið eina veltu áður en hann hafnaði ofan á ísilagðri tjörninni skammt vestan við brúna. Ökumanninum tókst sjálfum að komast úr bíl sínum og upp á tjarnarbakkann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**VINNA Á KÁRAHNJÚKUM** Ráðgert er að heildarkostnaður við virkjunina verði 133,3 milljarðar króna.

Kostnaður við Kárahnjúka:

## Framúrkeyrslan 17,7 milljarðar

**ORKUMÁL** Heildarkostnaður við Kárahnjúkavirkjun verður að líkindum um 133,3 milljarðar króna, 17,7 milljörðum hærri en uppreiknuð kostnaðaráætlun hljóðaði upp á.

Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri grænna, segir að í skýrslu iðnaðarráðherra sem lögð var fyrir Alþingi í gær komi í fyrsta skipti fram að áætlanir um ófyrirséðan kostnað hafi ekki dugað til að mæta kostnaði. Í skýrslunni er verið að bera saman epli og appelsínur með því að bera saman upphaflega áætlun og endanlegan kostnað, segir Álfheiður. Réttara væri að bera saman verksamninga og kostnað. - bj / sjá síðu 2

Gott gengi í Berlín:

## Leikhús Helga Björns tilnefnt

**MENNING Leikhús Helga Björnssonar tónlistarmanns, Admiralspalast, hefur verið tilnefnt til Der Deutsche Live Entertainment-Preis – eða þýsku menningarverðlaunanna. Afhending fer fram á þriðjudag.**

**Admiralspalast er mikið hús í hjarta Berlínar þar sem fer fram fjölþætt menningarstarfsemi. Húsið er á fimm hæðum og er 2.500 fermetrar. Helgi ætlar að mánaðarlega komi um 50 þúsund gestir í húsið. „Þjóðverjar eru duglegir að fara í leikhús og sækja skemmtanir,“ segir Helgi, sem lætur afar vel af sér í Berlín.** - jbg / sjá síðu 50

Stjórnarformaður Kaupþings segir mikið kynningarstarf bankanna fyrir höndum:

# Kaupþing ekki farið of geyst

**VIÐSKIPTI** „Ef ég lít til baka á fjárfestingar Kaupþings á ég erfitt með að sjá að við höfum almennt farið of geyst í fjárfestingum okkar,“ segir Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, í grein í Fréttablaðinu í dag.

Hann segir að hafa verði í huga hversu miklu fjárfestingar bankans hafi skilað. „Ég leyfi mér að efast um að staða Kaupþings væri betri nú ef við hefðum ekki keypt þessi fyrirtæki.“ Sigurður segir að bankarnir hafi vaxið hratt á liðnum árum og það hafi skilað miklum verðmætum inn í íslenskt samfélag með góðri þjónustu, miklum skatttekjum og vel launuðum störfum.

„Ekkert bendir til þess að sú þróun sé á enda, þótt það kunni að hægja á henni um stundarsakir og jafvel þótt komi tímabundið bakslag.“ - bg / sjá síðu 24



**SIGURÐUR EINARSSON**

OPIÐ til 20
alla daga í öllum verslunum
HAGKAUP
Ein ferð betra verð




Stóri BÓKA MARKAÐURINN Perlunni
28. febrúar til 9. mars
Opið 10–18 alla daga



**SPURNING DAGSINS**



*Júlíus, þolir REI-málið ekki enn dagsins ljós?*

„Jú, nú förum við að horfa fram á bjartari tíð.“

Borgarstjórnarfundur stóð til klukkan þrjú aðfaranótt miðvikudags, og var tekist harkalega á um málefni Reykjavik Energy Invest. Júlíus Vífill Ingvarsson er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Læknar á slysa- og bráðadeild farnir að sligast undan álagi:

# Landlæknir segir illa staðið að breytingum

**HEILBRIGÐISMÁL** Jón Baldursson, yfirlæknir utanspítalaþjónustu slysa- og bráðasviðs Landspítalans, segir að gríðarlegt álag sé á læknum slysa- og bráðadeildar vegna manneklu og sé hann farinn að sjá veruleg þreytumerki á þeim. Einnig kvarti sjúklingar undan löngum biðtíma.

„Læknarnir þurfa að taka margar vaktir og þær eru afar strembnar,“ segir hann. „Þetta hefur verið erfitt, okkur vantar fólk og svo hefur verið ósamkomulag um breytingarnar en ég hef góða von um að það muni lagast.“

Sigurður Guðmundsson landlæknir segist ekki sáttur við hvernig staðið var að breytingunum á starfssviði lækna á neyðarbílum sem tóku gildi í janúar síðastliðnum en í kjölfarið sögðu margir læknar upp störfum. „Ég hefði viljað að þær hefðu verið gerðar eingöngu á faglegum forsendum en ekki út frá sparnaðarsjónarmiði, þá hefði verið meiri friður um þær,“ segir hann en mikill styr hefur staðið um þá ákvörðun að læknir fylgi ekki neyðarbíl nema í sérstökum tilvikum.

Að sögn Sigurðar hafði sá kvittur komist á kreik að maður hefði látist í neyðarbílnum fyrir hálfum mánuði og þá hefði ekki verið læknir í bílnum.

Hann segir hið rétta vera að maðurinn hafi látist fimmtán mínútum eftir að hann kom á spítalann og ekkert hafi komið fram, þegar farið var yfir málið, sem benti til þess að viðvera læknis hefði nokkru breytt eða að agnúar hefðu verið á vinnulaginu. **- jse**



**Á BRÁÐA- OG SLYSADEILD** Mikið álag er á læknum á bráða- og slysadeild í kjölfar umdeildra skipulagsbreytinga sem gengu í garð í janúar.



**HANDTEKINN Í TAÍLANDI** Viktor Bout í fylgd lögreglumanna í Bangkok. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alræmdur vopnasali:

## Handtekinn á hótelherbergi

**MOSKVA, AP** Rússneski vopnasalinn Viktor Bout var handtekinn á hótelherbergi í Taílandi í gær.

Bout er rúmlega fertugur, fyrrverandi yfirmaður í rússneska hernum, og sagður hafa auðgast gífurlega á ólöglegum vopnaviðskiptum við skæruliða og stríðsherra í fjórum heimsálfum eftir hrun Sovétríkjanna.

Hann er sagður hafa selt bæði talibönum og al-Kaída vopn en jafnframt starfað fyrir bandaríska herinn og leyniþjónustuna CIA í Írak og Afganistan.

Einnig er hann sagður hafa selt vopn til skæruliðasveitanna FARC í Kólumbíu, einræðisherranum Charles Taylor í Líberíu, Moammar Gaddafí Líbíuleiðtoga, og bæði skæruliðum UNITA-hreyfingarinnar í Angóla og stjórnvöldum í Angóla. **- gb**

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR**

### Matvælaverð hækki til 2010

Yfirmaður Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) varaði í gær við því að matvælakostnaður gæti haldið áfram að hækka til ársins 2010. Vísaði hann til þess að spáð væri hækkandi orkuverði sem leiði til aukinnar eftirspurnar eftir lífrænu eldsneyti.

# Innan við helmingur talinn fram til skatts

**Innan við fjörutíu milljarðar króna voru taldir fram sem arður af hlutabréfum í fyrra. Hluthafar fjármálafyrirtækja fengu hins vegar yfir sjötíu milljarða í arð.**

**EFNAHAGSMÁL** Einstaklingar sem eiga hlut í innlendum fyrirtækjum gáfu rúma 34 milljarða króna upp til skatts sem arðgreiðslur í fyrra. Arður af erlendri hlutabréfaeign sem gefin var upp í fyrra nam rúmum þremur milljörðum króna. Þetta kemur fram í staðtölum skatta sem birtar eru á vef ríkisskattstjóra.

Ætla má að arðgreiðslur fyrirtækja í heild hafi hins vegar numið miklu hærri upphæð. Heildarupphæð arðgreiðslna liggur ekki fyrir en níu stærstu fjármálafyrirtækin greiddu hluthöfum sínum yfir 70 milljarða króna í arð. Því er ljóst að langt í frá allur arður er talinn fram til fjármagnstekjuskatts.

„Þessi mismunur kann að skýrast af því,“ segir Símon Þór Jónsson, yfirmaður skattasviðs KPMG, „að það eru einstaklingar sem þurfa að greiða tíu prósenta skatt af fjármagnstekjum. Almennt greiða fyrirtæki hins vegar ekki skatt af arði af hlutabréfaeign.“ Skattur af fjármagnstekjum sé ekki greiddur fyrr en arðurinn er kominn í hendur einstaklinga.



**INDRIÐI H. ÞORLÁKSSON** Ríkisskattstjóri.

Stærstu hluthafar félaga í Kauphöllinni eru yfirleitt önnur félög. Mörg þeirra eru erlend, þótt þau séu í eigu Íslendinga. Flest þeirra eru skráð í Hollandi og Lúxemborg og sum jafnvel í skattaparadísum.

Indriði H. Þorláksson, fyrrverandi ríkisskattstjóri, hefur sagt að þetta kunni að verða til þess að ríkið verði af skatttekjum. Hann segir einnig að laga verði íslenska löggjöf að þessum aðstæðum.

Nefnd fjármálaráðherra sem á að endurskoða skattkerfið hefur verið að störfum í tvö og hálft ár. Hún hefur ekki haldið fund í marga mánuði. **- ikh**




**FRAMTALINU SKILAÐ** Einstaklingar töldu fram rúma 34 milljarða í arðgreiðslur af hlutabréfum. Fyrirtækin greiddu meira en tvöfalda þá upphæð til hluthafa sinna í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Dómur Hæstaréttar:

## Þjófur situr inni í tvö ár

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt karlmann í tveggja ára fangelsi fyrir að hafa í fimm skipti stolið munum að andvirði samtals um tveimur milljónum króna, svo og umferðarlagabrot.

Með brotunum rauf maðurinn reynslulausn. Við ákvörðun refsingarinnar var einkum litið til þess að maðurinn hafði ítrekað gerst sekur um þjófnaðarbrot. Um var að ræða talsverð verðmæti og brotavilji hans var einbeittur. Héraðsdómur hafði áður dæmt manninn í tveggja ára og fjögurra mánaða fangelsisvist. **- jss**

Sektardómur og fangelsi:

## Kostaði tönn að klípa ranga konu

**DÓMSMÁL Manni hafa verið dæmdar 140 þúsund krónur í miskabætur eftir að hann kleip ranga konu í rassinn á skemmtistað, sem varð til þess að hann missti tönn.**

**Maðurinn var að skemmta sér með unnustu sinni. Hann taldi sig vera að koma aftan að henni þar sem hún stóð við bar og kleip hana eins og áður sagði. Hann reyndist hafa ruglast á konum.**

**Kærasti þeirrar sem klipin var vildi ekki una þessum málalyktunum en sló manninn svo að hann missti framtönn. Árásarmaðurinn var, auk greiðslu miskabótanna, dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi.** **- jss**

**ÍSRAEL**

### Sjö látnir í árás í Jerúsalem

Í það minnsta sjö manns féllu og sex særðust í árás byssumanns á hóp námsmanna þar sem þeir sátu að snæðingi í skóla í Jerúsalem í gær. Byssumaðurinn var skotinn til bana af hermanni. Hamas-samtökin fögnuðu árásinni en sögðust ekki ábyrg.






Framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun taldar munu kosta um 133,3 milljarða króna:

# Fóru langt fram úr áætlunum

**ORKUMÁL** Framkvæmdir við byggingu Kárahnjúkavirkjunar hafa farið 17,7 milljarða króna fram úr uppreiknaðri kostnaðaráætlun, og 32,5 milljarða fram úr uppreiknuðum upphæðum á verksamningum sem gerðir voru við verktaka.

Þetta kemur fram í skýrslu um kostnað vegna virkjunarinnar sem Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra lagði fyrir Alþingi í gær.

Upphafleg kostnaðaráætlun hljóðaði upp á rúmlega 84 milljarða króna í desember 2002. Uppreiknuð á verðlag september 2007 hljóðar áætlunin upp á 115,6 milljarða króna.

Heildarkostnaður við virkjunina er nú áætlaður 123,9 milljarðar, 8,3 milljörðum yfir uppreiknaðri áætlun. Verkið sem slíkt er því komið 7,1 prósent fram úr kostnaðaráætlun.



**KÁRAHNJÚKAVIRKJUN** Arðsemi eiginfjár vegna virkjunarinnar er nú talin verða 13,4 prósent, ekki 11,9 prósent eins og upphaflega var áætlað. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Við það bætist um 9,4 milljarða fjármagnskostnaður, sem ekki var reiknaður inn í upphaflega áætlun.

Kostnaðurinn er því samanlagt 133,3 milljarðar króna.

Álfheiður Ingadóttir, þingmaður Vinstri grænna, bendir á að réttara væri að miða við heildarupphæð verksamninga, sem voru um ellefu milljörðum undir áætlun. Séu þeir uppreiknaðir á verðlag september 2007 hljóða þeir upp á 100,8 milljarða, og umframkostnaður því 32,5 milljarðar, eða 32 prósent. Sé fjármagnskostnaði sleppt út er framúrkeyrslan 23,1 milljarður, eða 23 prósent.

Arðsemi eiginfjár vegna virkjunarinnar hljóðar nú upp á 13,4 prósent, en upphaflega var reiknað með 11,9 prósenta arðsemi. Þar vega þyngst hækkanir á álverði.

Fram kemur í skýrslunni að Alcoa hafi ekki gert kröfur um greiðslu skaðabóta vegna dráttar á afhendingu orku. **- bj**


Í DAG
DAGUR MÁLARANS
2008
Í dag kl. 13 - 18
Hótel Loftleiðir
Slippfélagið kynnir nýjungar á fjölmörgum sviðum
Scanspac kynnir það nýjasta í spörtlun
Graco kynnir málningar- og sandspartlsprautur
Alcro-Beckers kynnir vatnsþynnanleg lökk
Packexe kynnir sjálflímandi yfirbreiðslur
Fyrirlestrar kl. 14 og 16
Guðni Örn Jónsson, tæknifræðingur hjá Línuhönnun fjallar um viðhald utanhúss.
Hörður Backmann og Þorsteinn Hauksson fjalla um málun á þökum og meðhöndlun á vatnsþynnanlegum eldtefjandi málningum.
MÁLARAMEISTARAFÉLAGIÐ
Slippfélagið
Málningarverksmiðja

## GENGIÐ 06.03.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,10 | 66,42 |
| Sterlingspund | 131,89 | 132,53 |
| Evra | 101,31 | 101,87 |
| Dönsk króna | 13,598 | 13,678 |
| Norsk króna | 12,924 | 13,000 |
| Sænsk króna | 10,820 | 10,884 |
| Japanskt jen | 0,6389 | 0,6427 |
| SDR | 106,94 | 107,58 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
132,0172

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar gagnrýnir eftirlit með stúkubyggingu í Laugardal:

# Byggingarnefndin brást alveg

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Í fundargerðum byggingarnefndar er ekki að finna umfjöllun um nein aukaverk né heldur breytingar á heildarkostnaði við framkvæmdir. Nefndin hefur að þessu leyti brugðist hlutverki sínu,“ segir í greinargerð innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um framkvæmdir við Laugardalsvöll sem fóru langt fram úr kostnaðaráætlun. Reykjavíkurborg og Knattspyrnusamband Íslands sömdu um framkvæmdirnar 15. september 2005.

Upphafleg kostnaðaráætlun vegna framkvæmda við Laugardalsvöll var rúmlega milljarður króna en lokauppgjör verkefnisins hljóðar upp á rúmlega 1.600 milljónir króna.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær voru upphaflegar áætlanir vegna framkvæmdanna gallaðar þar sem ekki var gert ráð fyrir virðisaukaskatti. Áætlunin var uppfærð í apríl 2006 og var þá gert ráð fyrir heildarkostnaði upp á 1.300 milljónir.

Haft var eftir Eggerti Magnússyni, fyrrverandi formanni byggingarnefndarinnar, í Fréttablaðinu í gær að embættismenn borgarinnar hefðu vitað um öll skref í málinu.

Dagur B. Eggertsson og Björn Ingi Hrafnsson voru í nefndinni fyrir hönd borgarinnar en aðeins tveir fundir voru haldnir á framkvæmdatímanum; í nóvember 2005 og í apríl 2006. Borgarráð mun taka greinargerð innri endurskoðunar til umfjöllunar á næsta fundi borgarráðs. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, sem kallaði eftir skoðun á innri endurskoðun borgarinnar, vildi gefa öðrum borgarfulltrúum tíma til þess að kynna sér greinargerðina ítarlega áður en hann tjáði sig um hana. **- mh**

### AUKAVERK UMFRAM ÁÆTLANIR

| | |
|---|---|
| Lóð | 16,5 millj. |
| Magnaukningar | 73 milljónir |
| Hönnun og eftirlit | 80 milljónir |
| Virðisaukaskattur af hönnun | 36 milljónir |
| Varamannaskýli | 12 milljónir |
| Jarðvinna | 16 milljónir |
| Sæti 14 milljónir | |
| VIP-stúkur | 12 milljónir |
| Steinteppi í aðkomusal | 13 milljónir |
| Handr. í stúku og v/ kjallaraingg. | 9 milljónir |
| Öryggis- og myndavélakerfi | 8 milljónir |
| Innréttingar í miðasölu | 2,1 milljónir |
| Frágangur blaðamannaskýla | 1,4 milljónir |
| Burðarfestingar fyrir lampa í þaki | 1,2 milljónir |
| Gera við Tartan-efni | 2,1 milljónir |
| Veggir undir bogaglugga | 3,1 milljónir |
| Ýmislegt viðhald | 22 milljónir |
| Önnur aukaverk 50,5 milljónir | |
| **Samtals** | **371,9 millj.** |



**RÓSANÆLAN Á ALÞINGI** Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, brosti er hann fékk rósanæluna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Zontakonur selja rósanælur:

## Víða þörf á Stígamótum

**STÍGAMÓT** Zontakonur á Íslandi ætla að selja 10.000 rósanælur til styrktar Stígamótum á næstu dögum.

Nælurnar verða seldar í helstu stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu, í Árborg, á Ísafirði og á Akureyri. Ágóðinn á að standa undir bættri og aukinni þjónustu Stígamóta á landsbyggðinni. Utan höfuðborgarsvæðisins er þörf fyrir þjónustu Stígamóta og samtökin vilja mæta þeirri þörf. Undanfarin 18 ár hafa Stígamót þjónað um 4.800 manns aðallega vegna sifjaspella og nauðgana en í auknum mæli vegna vændis. **- sgs**

**BANDARÍKIN**

### Miklagljúfur flætt

Hafist var handa við það á miðvikudag að hleypa vatni á Miklagljúfur (Grand Canyon) í Arizona. Það er gert í von um að endurlífga vistkerfið í gljúfrinu, sem breyttist verulega við byggingu Glen Canyon-stíflunnar árið 1963.

**TYRKLAND**

### Matareitrun 700 barna

Sjö hundruð skólabörn í Balikesir-héraði í Tyrklandi voru flutt á sjúkrahús, að því er virðist með heiftarlega matareitrun. Börnin höfðu fengið kjúkling í hádegismat og byrjuðu fljótlega eftir það að kasta upp.

# Norðmenn hvetja til samstarfs í þorskeldi

**Sjávarútvegsráðherra og framleiðendur hér telja tímabært að stórauka umsvif í eldi á þorski. Stjórnvöld, framleiðendur og tæknisamfélagið í Noregi telja ekkert mæla á móti því að starfa með Íslendingum í uppbyggingu þorskeldis.**

**FISKELDI** „Ég held að það sé komið að ögurstundu varðandi þorskeldið hér á landi. Það blasir við að við höldum ekki mikið lengur áfram á því róli sem við höfum verið undanfarin ár. Í því eru engir framtíðarmöguleikar. Það sem þarf að gerast er að fyrirtækin stækki og framleiðslan geti aukist verulega frá því sem nú er,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.

Einar segir að niðurskurður á þorskkvóta ýti mjög á þörfina á framþróun þorskeldis. Nefnd á hans vegum kannar nú möguleika á byggingu og starfrækslu seiðaeldisstöðvar sem þjónað gæti allri matfiskframleiðslu hér á landi. Íslenskt þorskeldi standur á krossgötum og tímabært er að auka framleiðslu verulega, að mati eldismanna. Einar telur tímabært að taka skref til að þorskeldi geti orðið „alvöru atvinnugrein“. Bygging fullkominnar seiðastöðvar er honum ofarlega í huga sem forsenda framfara.



**EINAR K. GUÐFINNSSON**

Fréttablaðið heimsótti í febrúar seiðaeldisstöðina Saga Fjörd í V-Noregi. Stöðin mun framleiða tíu milljón seiði á þessu ári og er því af sömu stærð og sú seiðastöð sem íslenskir þorskeldismenn telja nauðsynlegt að rísi hér. Sigurd O. Handeland framkvæmdastjóri segir að stofnkostnaðurinn við stöðina hafi verið um 500 milljónir íslenskra króna. „Það liðu þrjú ár frá því að við vorum búnir að koma upp aðstöðunni þangað til við höfðum náð viðunandi jafnvægi í framleiðsluna.“ Handeland telur að íslenskum fiskeldismönnum standi til boða öll sú þekking sem hafi orðið til í norsku seiðaeldi. „Sú þekking sem hér hefur orðið til stendur ykkur til boða og gæti stytt þann tíma sem tekur að ná tökum á stórskala seiðaeldi á Íslandi.“

Baard Haugse, framkvæmdastjóri Grieg Cod Farming AS, telur fyrirtækið verða eitt af þremur stærstu þorskeldisfyrirtækjum Noregs innan skamms tíma. Hann býður íslenska eldismenn velkomna. „Við höfum ekki mörg leyndarmál. Eldismenn geta lært hver af öðrum og við teljum einnig að sjö ára reynsla okkar af þorskeldi gefi okkur ákveðið forskot í samanburði við önnur lönd.“ Haugse telur að ef vel gangi muni árleg framleiðsla í Noregi verða allt að 100 þúsund tonn innan fimm ára. „Framtíðin er síðan óráðin. Framleiðslu í norsku laxeldi má nota sem mælikvarða.“ Norðmenn framleiddu 730 þúsund tonn af laxi árið 2007.

**- shá** / **sjá síðu 18**



**SAGA FJÖRD** Seiðaeldisstöðin var reist 2001 og tók þrjú ár að ná jafnvægi í framleiðsluna. Stöð af þessari stærð myndi henta Íslandi vel. MYND/MALVIN HANDELAND

Breytingar á lyfjalöggjöfinni:

## Póstverslun verði heimil

**HEILBRIGÐISMÁL** Póstverslun með lyf og sala nikótínlyfja utan lyfjabúða verður heimiluð, verði frumvarp Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um breytingar á lyfjalöggjöfinni að lögum.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

Í frumvarpinu, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, er lagt til að verð á lyfseðilsskyldum lyfjum frá sama söluaðila verði það sama um allt land og að lyfjanefndir sjúkrahúsa gefi út bindandi lista um notkun á lyfjum á sínum stofnunum. Þá er lagt til að leyfisveitingar á sviði lyfjamála verði fluttar frá heilbrigðisráðuneytinu til Lyfjastofnunar. **- bj**

Saga Capital Fjárfestingarbanki:

## Tap ársins er 825 milljónir

**VIÐSKIPTI Eftir skatta er 825 milljóna króna tap á rekstri Saga Capital Fjárfestingarbanka á árinu 2007 samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær.**

**Fram kemur í tilkynningu að ástæður tapsins megi rekja til stofnkostnaðar bankans, en hann tók formlega til starfa í júní í fyrra, auk áhrifa af lausafjárkreppu á fjármálamörkuðum.**

**Eignir bankans námu í árslok 38 milljörðum króna, eigið fé var 9,7 milljarðar og eiginfjárhlutfall á CAD-grunni 35,3 prósent.**

**Þá kemur fram að Saga Capital hafi sótt um starfsleyfi sem viðskiptabanki til Fjármálaeftirlitsins, auk þess sem samið hafi verið um aðgang að stórgreiðslukerfi Seðlabankans.** **- óká**




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**LÉTTIR TIL NORÐ-AUSTANLANDS**

Núna með morgninum er víða snjókoma eða slydda, úrkomumest vestan til á Norðurlandi og á Vestfjörðum. Þurrt verður hins vegar að mestu á Austurlandi. Um eða eftir hádegi fer að létta til austan til og á landinu norðaustanverðu. Rétt er að nefna að úrkoman syðra verður fremur lítil.



Á MORGUN
3-10 m/s

SUNNUDAGUR
5-10 m/s, hvassast norðan til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Billund | 7° |
| Ósló | 1° |
| Stokkhólmur | 3° |
| Gautaborg | 6° |
| London | 9° |
| París | 7° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Berlín | 8° |
| Alicante | 13° |
| Mallorca | 14° |
| Basel | 6° |
| Eindhoven | 8° |
| Las Palmas | 21° |
| New York | 9° |
| Orlando | 28° |
| San Francisco | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Danskir dagar




## Danskar vörur í úrvali
- frábær matur sem þarf aðeins að hita
- kaldar sósur frábærar með öllum mat




**Gøl pylsur**
- ekta danskar pølser




**Danskur sveitakjúklingur**
- ferskur




**Merrild kaffi**
- besta kaffihúsið í bænum




**Saltum appelsín**
- beint frá Danmörku




**Jolly cola**
- ómissandi á dönskum dögum




**Urte**
- lífrænir þurrkaðir ávextir




**Tuborg**
- gamanið byrjar hér




**Gamba fiskur**
- reyktur makríll og áll




**Graasten salöt**
- úrval af dönskum salötum



**Smørrebrød**
- ekta danskt

OPIÐ til 20 alla daga

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú að eitt eða fleiri álver rísi hér á landi fyrir árslok 2012?*

| | |
|---|---|
| Já | 43,5% |
| Nei | 56,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að breyta eigi lögum um eftirlaun ráðherra, þingmanna og hæstaréttardómara?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Bankarán í útibúi Kaupþings í verslunarmiðstöðinni Firði í Hafnarfirði um hádegi í gær:

# Ráfaði um á bílastæðinu eftir bankarán

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fertugsaldri rændi útibú Kaupþings í verslunarmiðstöðinni Firði um hádegi í gær. Hann hafði á brott með sér lítilræði af peningum en náðist fljótlega eftir ránið.

Samkvæmt upplýsingum lögreglu gekk maðurinn inn í bankann um klukkan hálf tólf og tilkynnti að um rán væri að ræða. Hann var ekki vopnaður og ógnaði engum með ofbeldi. Gjaldkeri afhenti manninum peninga og hann gekk út.

Neyðarkall barst frá bankanum klukkan 11.39 og tók lögreglu nokkrar mínútur að komast á staðinn. Þá var bankaræninginn enn fyrir utan verslunarmiðstöðina, ráfandi um á bílastæðinu. Að sögn varðstjóra lögreglu var hann handtekinn, og kvaðst þá hafa ætlað að skila peningunum.

Maðurinn er góðkunningi lögreglunnar og virðist sem bankaránið hafi lítið sem ekkert verið skipulagt. Hann var yfirheyrður hjá lögreglu í gær og sleppt að því loknu.

Svali Björgvinsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs hjá Kaupþingi, segir starfsfólk bankans hafa brugðist hárrétt við. „Þarna fór í gang viðbragðsáætlun sem stóðst mjög vel, og starfsfólkið gerði allt rétt.“ Hann segir starfsmönnum hafa verið boðna áfallahjálp, en ekki sé enn vitað hversu margir hafi nýtt sér hana. **- sþs**



**BANKARÁN** Útibúi Kaupþings var lokað í rúmar tvær klukkustundir eftir að ránið var framið. Á meðan ræddu lögreglumenn við starfsfólk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# Vaxtastefnan er sjálfstætt vandamál

**Vaxtastefna Seðlabankans er sjálfstætt efnahagsvandamál. Verði vinnubrögðum Seðlabankans ekki breytt getur það leitt til ofkólnunar í efnahagslífinu með afleiðingum sem menn vilja ekki hugsa til enda, að sögn formanns SI.**

**EFNAHAGSMÁL** Vaxtastefna Seðlabankans er sjálfstætt efnahagsvandamál sem flestir gagnrýna með gildum rökum en ekkert fæst ráðið við að mati Samtaka iðnaðarins. Samtökin krefjast þess að stefnunni verði breytt og óttast að annars verði ofkólnun í efnahagslífinu. Þetta kom fram í ávarpi Helga Magnússonar, formanns Samtaka iðnaðarins, SI, á Iðnþingi í gær.

Helgi benti á að stýrivextir Seðlabankans væru langt umfram það sem atvinnulífið og almenningur gætu búið við. Samtök iðnaðarins og atvinnurekenda hefðu krafist þess að stefnunni, vinnubrögðum bankans eða lögum um Seðlabankann yrði breytt því annars gæti orðið ofkólnun með afleiðingum sem menn vilja helst ekki hugsa til enda.

„Ef raunveruleg verðmætasköpun skreppur saman er lítið við því að gera en menn eiga ekki að sætta sig við sjálfskaparvíti,“ sagði Helgi. „Verðmætasköpun er grundvöllur þess að hér sé unnt að standa undir öflugu heilbrigðiskerfi, menntakerfi og velferðarþjónustu eins og best gerist.“

Helgi benti á að horfur í atvinnulífi og efnahagsmálum hefðu gjörbreyst frá því að vera býsna góðar yfir í dökkar. Hagkerfið hraðkólni, að hluta til vegna erlendra áhrifa sem Íslendingar ráði ekki við. Verðmæti hlutabréfa í Kauphöllinni hefðu lækkað úr 3.600 milljörðum þegar mest var í fyrrasumar niður í 2.000 milljarða eða um 45 prósent. Verðmæti upp á rúmlega einn og hálfan milljarð hefðu horfið úr viðskiptalífinu á átta mánuðum. Bankarnir hefðu ekki farið varhluta af ástandinu.

„Eitt brýnasta verkefni efnahagsstjórnarinnar er að rjúfa þennan vítahring með öllum tiltækum ráðum,“ sagði hann og taldi mögulegt að flýta för Íslendinga upp úr öldudalnum með því að rjúfa vítahring ofurvaxta, atvinnulíf og stjórnvöld taki höndum saman um að bæta orðspor Íslendinga erlendis, bankarnir nái vopnum sínum og losni undan háu og ósanngjörnu skuldatryggingaálagi, ekkert lát verði á uppbyggingu atvinnufyrirtækja og opinber starfsemi þenjist ekki endalaust út.

Iðnþing skoraði á ríkisstjórnina að taka aðild Íslands að ESB á dagskrá og fela nýrri Evrópunefnd það hlutverk að móta samningsmarkmið, fara í saumana á samningaferlinu, undirbúa rök vegna sérstöðu þjóðarinnar og hefjast handa við að finna viðunandi lausnir. **ghs@frettabladid.is**



**BRÝNT AÐ RJÚFA VÍTAHRINGINN** „Eitt brýnasta verkefni efnahagsstjórnarinnar er að rjúfa þennan vítahring,“ sagði Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## MEIRIHLUTINN VILL EVRU

Meirihluti landsmanna vill taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Samtök iðnaðarins. Þar kemur fram að 55,8 prósent svarenda vilja taka upp evru en 44,2 prósent vilja halda íslensku krónunni. Fleiri karlar en konur vilja taka upp evru og þeir yngstu og elstu frekar en hinir aldurshóparnir. Stuðningurinn við evru er mestur í aldurshópnum 25-34 ára. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru jákvæðari gagnvart evru en íbúar á landsbyggðinni. Sextíu prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu vilja taka upp evru.

Þá er afgerandi meirihluti fyrir því að hefja viðræður um aðild að Evrópusambandinu.






Forsvarsmenn Papco kanna fýsileika umhverfisvænnrar pappírsverksmiðju:

# Vilja verksmiðju á Hengilssvæði

**IÐNAÐUR** Forsvarsmenn Papco hafa áhuga á því að reisa umhverfisvæna pappírsverksmiðju á Hengilssvæðinu. Nú er unnið að forkönnun á því hvort slík verksmiðja væri hagkvæm.

„Þetta er klárlega spennandi verkefni,“ segir Þórður Kárason, framkvæmdastjóri Papco. Hann tekur þó fram að verkefnið sé afar skammt á veg komið og of snemmt að gera sér væntingar.

Verksmiðjan myndi flytja inn hráefni, unnið úr nytjaskógum, og vinna úr því pappírsvörur í neytendapakkningum.

„Það er ekki mikið um þetta að segja á þessu stigi, vinnan er á viðræðustigi,“ segir Þórður.

„Hagræðið er í umhverfisþáttunum,“ segir Þórður. Pappírsframleiðsla er orkufrekur iðnaður, og erlendis þarf að brenna kolum eða olíu til að knýja verksmiðjurnar. Þórður segir möguleika á því að nýta betur orkuna úr jarðvarmavirkjunum. Auk þess er líklegt að orkan yrði ódýrarihérálandienísamkeppnislöndunum.

Þórður segir verkefnið ekki komið svo langt að hægt sé að ræða við Orkuveitu Reykjavíkur um orkukaup. Enn sé of margt óljóst, en mögulega skýrist þessi mál frekar í vor eða sumar.

Orkuveita Reykjavíkur áformar virkjanir á Hengilssvæðinu, en Skipulagsstofnun hefur nú athugasemdir við umhverfismat vegna virkjananna til meðferðar. **- bj**



**HENGILSSVÆÐIÐ** Áform eru uppi um jarðhitavirkjanir á Hengilssvæðinu, en Skipulagsstofnun fjallar nú um athugasemdir við umhverfismat vegna virkjananna. MYND/RAFN HAFNFJÖRÐ



www.toyota.is
AURIS
Nýtt upphaf
ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 40990 02/08
AURIS
Auris - Nýtt upphaf.
Bíll er miklu meira en farartæki. Bíll er tákn um karakter, tákn um hvert þú ætlar þér, hvað þú stendur fyrir.
Toyota kynnir Auris. Bíl sem er hannaður utan um þig og þína tilveru. Finndu hljóðláta snerpuna. Leyfðu honum að flytja þig þangað sem þú vilt. Leyfðu þér að skoða hann, reynsluaka. Þá stenstu ekki mátið.
Verð frá: 2.069.000 kr.
Dísil Auris
Nú er Auris líka fáanlegur með Toyota D-4D dísilvélinni, en sú tækni tryggir þér hljóðlátari, sparneytnari og aflmeiri akstur en áður hefur þekkst, auk þess sem D-4D dísilvélin er mun umhverfisvænni kostur en sambærileg bensínvél.
Kynntu þér eiginleika D-4D dísilvéla Toyota. Kostirnir leyna sér ekki.
TOYOTA D-4D
TODAY TOMORROW TOYOTA
Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000
Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

FATASKÁPADAGAR HJÁ AXIS helgina 6.-9. mars

Bjóðum fataskápa á sérstökum afslætti aðeins þessa helgi.

Axis býður glæsilega fataskápa í mörgum gerðum. Miklir möguleikar í uppröðun, viðartegundum, forstykkjum, skúffum og ýmsum auka- og fylgihlutum. Stuttur afgreiðslutími.



Opið:
fimmtudag 9:00-18:00
föstudag 9:00-18:00
laugardag 10:00-16:00
sunnudag 13:00-16:00

AXIS
Smiðjuvegur 9 - 200 Kópavogur
Sími 535 4300 - Fax 535 4301
Netfang: axis@axis.is
Heimasíða: www.axis.is

Íslensk hönnun og framleiðsla

512 50 50 Auglýsingasími
Mest lesið

SIMPLY CLEVER

ŠKODA AUTO




Ríkulegur staðalbúnaður Octavia

| | | | |
|---|---|---|---|
| ESP stöðugleikakerfi | Tengi fyrir iPod | Sex loftpúðar | Hiti í speglum og sætum |
| ESP Spólvörn | Sex hátalarar | Hraðastillir (cruise control) | Loftkæling |
| Akstursstölva | Hanskahólf með kælibúnaði | Þokuljós í framstuðara | Hæðarstillanleg sæti |

HEKLA · Laugavegi 172-174 · Sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranes · Ísafjörður · Reyðarfjörður · Reykjanesbær · Selfoss
HEKLA
JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is · SÍA

Hundrað tegundir túlipana:

# Litskrúðug túlipanasýning

**VERSLUN** „Það er mjög spennandi að setja laukana niður að hausti og fylgjast með túlípönunum koma upp að vori án þess að þetta kosti mikla fyrirhöfn,“ segir Bjarni Ásgeirsson garðyrkjumeistari en túlípanasýning hefur verið opnuð í Blómavali í Skútuvogi í samstarfi við garðyrkjubændur. Þar gefur að líta hátt í hundrað mismunandi gerðir túlípana. Sýningin mun standa yfir helgina og verður opin á sama tíma og Blómaval.

Gestum sýningarinnar gefst tækifæri til að velja fallegasta túlípanaafbrigðið. Dregið verður úr hópi þeirra sem taka þátt í valinu og fá hinir heppnu vegleg verðlaun frá Blómavali að launum.



**BJARNI OG TÚLÍPANARNIR** Litla fyrirhöfn þarf að hausti til að fá upp glæsilega blómabreiðu að vori.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þá litlu fyrirhöfn sem ræktun túlípana krefst segir Ásgeir henta Íslendingum afar vel og líklega ástæðu fyrir vaxandi áhuga á þessum indælu sumarboðum.

- sgs

## Ástandið á Gaza-strönd

Allt frá því Ísraelar hertóku Gaza-strönd árið 1967 hefur ástandið þar aldrei verið verra, að því er fram kemur í skýrslu frá átta breskum mannréttindasamtökum.

**Íbúar á Gaza:** 1,5 milljónir

| ÍBÚAFJÖLDI Í FLÓTTAMANNABÚÐUM | | 478.272 |
|---|---|---|
| 1. | Jabalia | 106.846 |
| 2. | Beach | 80.567 |
| 3. | Nuseirat | 58.727 |
| 4. | Bureij | 29.805 |
| 5. | Maghazi | 23.161 |
| 6. | Deir el-Balah | 20.215 |
| 7. | Khan Younis | 61.539 |
| 8. | Rafah | 97.412 |

**Háðir matvælaaðstoð:** 1,1 milljónir



Ísraelar rýmdu árið 2005 allar byggðir ísraelskra landtökumanna á Gaza og drógu herlið sitt til baka. Eftir að Ismail Haniyeh, leiðtogi Hamas, tók völd á Gaza í júní 2007 lokuðu Ísraelar öllum landamærum.

**Atvinnuleysi:** nærri 40%
Sjö af hverjum tíu störfum í einkageiranum hafa tapast vegna landamæralokunar.
Verksmiðjur fyrir lokun landamæra: 3.900
Töpuð verksmiðjustörf: 33.250
Verksmiðjur eftir lokun: 197
Fjöldi Gaza-búa sem misst hafa störf í Ísrael síðan einangrunin hófst: 24.000

**Fátæktarmörk:** 150 krónur á dag
Heimilum sem lifa á innan við 80 krónum á dag fjölgaði úr 53% í 70% á þremur mánuðum eftir lokun landamæra.

**Grunnþjónusta:** Vegna eldsneytisskorts er oft rafmagnslaust á sjúkrahúsum í 8-12 tíma á dag. Vatnsveitu- og skolplagnakerfi eru að hruni komin.




Lokuð landamærahlið · Flóttamannabúðir · Fyrrverandi byggðir landtökumanna

Heimildir: Crisis Action, UNRWA · Myndir: Associated Press · © GRAPHIC NEWS

# Neyðin á Gaza aldrei meiri

**Mannréttindasamtök draga upp dökka mynd af ástandinu á Gaza-strönd. Áttatíu prósent íbúa eru háð matvælaaðstoð. Ísraelar vísa ábyrgðinni á Hamas.**

**GAZA, AP** Ástandið á Gaza-strönd hefur ekki verið verra síðan Ísraelar hertóku svæðið árið 1967.

Átta bresk mannréttindasamtök sendu í gær frá sér sameiginlega skýrslu þar sem um 80 prósent íbúa Gaza-strandar þurfi nú á matvælaaðstoð að halda og atvinnuleysi er nærri 40 prósent.

Þar segir einnig að sjúkrahús missi allt rafmagn í allt að tólf stundir á degi hverjum og að vatnsveitu- og skolplagnakerfi eru að hruni komin.

Undanfarið hálft ár hefur iðnaður á Gazaströnd nánast allur lagst af og landbúnaður hefur beðið gríðarlegt tjón vegna þess að Ísraelar eyðileggja reglulega gróðurhús og akra. Árið 2004 störfuðu 24 þúsund íbúar Gazastrandar innan landamæra Ísraels, en sú tala er komin niður í ekki neitt.

Skýrslan er birt í beinu framhaldi af harðvítugum árásum Ísraelshers á þéttbýl svæði Gaza, sem hafa kostað meira en 120 manns lífið undanfarna viku, þar á meðal tugi barna og annarra saklausra borgara.

Fjölmörg ríki hafa fordæmt þessar árásir harðlega og hvatt Ísraela til að hætta þessum aðgerðum.

Ísraelar segja árásirnar á Gaza nauðsynleg viðbrögð gegn flugskeytaárásum frá herskáum Palestínumönnum á Gaza-strönd inn á ísraelsk íbúðarsvæði, sem skotið hafa íbúum þar skelk í bringu, eyðilagt hús og orðið samtals þrettán manns að bana undanfarin fjögur ár.

„Ísrael hefur rétt til og ber skylda til að vernda borgara sína, en sem hernámsveldi á Gaza ber Ísrael einnig lagaleg skylda til þess að tryggja að íbúar þar hafi aðgang að mat, hreinu vatni, rafmagni og læknishjálp,“ segir Kate Allen, framkvæmdastjóri Amnesty International í Bretlandi, sem eru ein samtakanna sem stóðu að skýrslunni.

„Að refsa öllum íbúum Gaza með því að neita þeim um grundvallar mannréttindi er algerlega óverjanlegt. Ástandið nú er til orðið af mannavöldum og það verður að snúa þróuninni við.“

Ísraelsk stjórnvöld vísa þó frá sér allri ábyrgð og kenna Hamas alfarið um ástandið. Utanríkisráðuneyti Ísraels sendi frá sér yfirlýsingu þar sem það sagðist virða starfsemi mannréttindasamtaka, en þau ættu að beina gagnrýni sinni annað.

gudsteinn@frettabladid.is

Heimilið Börn Snyrtivörur Dömur Herrar

# LANCÔME
# LE GIFT

## LANCÔME DAGAR Í DEBENHAMS SMÁRALIND 7. – 12. MARS

**Sérfræðingar LANCÔME sýna það nýjasta og heitasta í förðun frá París.**

La Base Pro er notað undir farða og árangurinn er vægast sagt óviðjafnanlegur.

Star Bronzer línan hefur stækkað og nú er kominn nýr litur í töfraburstanum. Ómissandi fyrir húð og hár.

Líttu við og kynntu þér förðun framtíðarinnar.

**Flottur LE GIFT kaupauki fylgir þegar keyptar eru vörur fyrir 6.000 krónur eða meira frá Lancôme meðan á kynningu stendur.***




*nokkrar gerðir í boði. Gildir á meðan birgðir endast.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!







**FYLGST MEÐ INNFLUTNINGI** Á landamærum Kólumbíu og Venesúela standa hermenn Venesúelamegin og stöðva innflutning á vörum að boði forseta landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Krafist þess að ríki heims fordæmi árás Kólumbíu:

# Viðskiptabann lagt á Kólumbíu

**VENESÚELA, AP** Hugo Chavez, forseti Venesúela, hefur skipað svo fyrir að öll viðskipti við Kólumbíumenn verði aflögð. Bæði Chavez og Rafael Correra, forseti Ekvadors, skora á ríki heims að fordæma árás Kólumbíuhers á skæruliða í Ekvador síðastliðinn laugardag.

„Við höfum ekki áhuga á fjárfestingum frá Kólumbíu hér," sagði Chavez í gær. „Að því er varðar kólumbísk fyrirtæki hér í Venesúela, þá gætum við þjóðnýtt sum þeirra."

Viðskipti Kólumbíu og Venesúela hafa numið nærri fjörutíu milljörðum króna á ári, en Chavez spáir því að sú tala muni lækka hratt á næstunni.

Hann segir að Venesúela muni nú leita fyrir sér með vörur frá Ekvador, Brasilíu, Argentínu og fleiri löndum sem kæmu í staðinn fyrir innflutning frá Kólumbíu.

Chavez og Correra sögðu á miðvikudag að deilunni myndi ekki ljúka fyrr en skýr alþjóðleg fordæming á árásinni væri fengin.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagðist þó í gær vonast til þess að lausn fengist á deilunni með milligöngu fleiri ríkja. Gott tækifæri til þess gæfist til dæmis á fundi Ríó-hópsins í Dóminíkanska lýðveldinu, sem hefst í dag. Á morgun hittast þar forsetar tólf ríkja Rómönsku Ameríku. - gb


**Þitt atkvæði – þinn réttur – þín áhrif**

# RAFIÐNAÐARMENN

**ATKVÆÐASEÐLAR**

**HAFA VERIÐ SENDIR TIL FÉLAGSMANNA.**

*Félagsmenn, takið afstöðu til nýgerðs kjarasamnings.*

*Atkvæði þurfa að hafa borist á skrifstofu RSÍ eigi síðar en*

***kl. 12:00 miðvikudaginn 12. mars 2008***

**KJÓSUM UM OKKAR KJÖR!**

*Kjörnefnd*

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS



# Veistu hvað það komast margir gíraffar í einn Golf United?




Golf kostar aðeins frá

**2.150.000 kr.**

Eða **25.580 kr. á mánuði** miðað við bílasamning til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 7,18%. Golf United kostar aðeins 2.450.000 kr.

## Best búni VW Golf frá upphafi.

United er sérstök viðhafnarútgáfa af Golf. Hann lítur alveg sérstaklega vel út og státar af búnaði sem eykur akstursánægjuna og öryggið um leið. Komdu við og prófaðu nýjan Golf United.

**Das Auto.**

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi



Á LEIÐINNI ÚT Í BÚÐ Þetta er ekki óalgeng sjón í Simbabve þessa dagana þar sem verðbólgan er komin vel yfir 100 þúsund prósent. Maðurinn er á leiðinni út í búð að kaupa sér í matinn, sæmilega birgur af ódýrum seðlabúntum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslenskir friðargæsluliðar munu snúa aftur til Faryab-héraðs í Afganistan í apríl:

# Borgaralegir og bera ekki vopn

**UTANRÍKISMÁL** Íslenskir friðargæsluliðar munu snúa aftur til Faryab-héraðs í norðurhluta Afganistan í apríl, um tveimur og hálfu ári eftir að þeir voru kvaddir á brott frá héraðinu þar sem öryggi þeirra þótti ekki tryggt.

„Við teljum að það sé búið að gera þær öryggisráðstafanir sem til þurfi, og ástandið sé slíkt að okkar fólk sé öruggt. Það er klárt mál að þeirra öryggis verður gætt mjög vandlega,“ segir Urður Gunnarsdóttir, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins.

Búðir friðargæsluliða í Faryab eru við höfuðstað héraðsins, Maymana. Ráðist var á búðirnar í febrúar 2006, en engan sakaði. Búðirnar voru færðar í kjölfarið.

Þrettán friðargæsluliðar eru í landinu nú, og er miðað við að fjöldi gæsluliða verði á bilinu þrettán til fimmtán á næstunni.

Gæsluliðarnir sem fara til Faryab verða borgaralegir þróunarfulltrúar sem munu vinna að uppbyggingarstarfi. Þeir verða ekki vopnaðir og munu ekki klæðast einkennisbúningum, segir Urður.

Ekki er ljóst hvaða verkefni gæsluliðarnir munu sinna í héraðinu. Þeir sem fyrstir fara munu skipuleggja verkefnin.

Fjölgun í liðsafla friðargæslunnar í Afganistan kemur í kjölfar þess að hætta varð verkefni í Srí Lanka í byrjun árs. Stefnan er að friðargæsluliðum fækki ekki þó að því verkefni sé lokið, segir Urður. - bj



GÆSLUSTÖRF Friðargæsluliðar hafa unnið að ýmsum verkefnum í Afganistan. MYND/ÍSLENSKA FRIÐARGÆSLAN

Akstur í Hvalfjarðargöngunum:

# Hraðaksturs-brotum fækkar

**SAMGÖNGUMÁL** Sjötíu og fimm ökumenn óku yfir leyfilegum hámarkshraða í Hvalfjarðargöngunum á 47 klukkustundum frá mánudeginum til miðvikudagsins.

Alls fóru tæplega fjögur þúsund ökutæki um göngin á þessum tíma og voru um 1,9 prósent ökumanna brotleg. Í göngunum er 70 kílómetra hámarkshraði. Var meðalhraði brotlegra ökumanna 84 kílómetrar á klukkustund, sex óku á 90 og sá sem hraðast ók var á 100 kílómetra hraða. Er þetta nokkur fækkun hraðakstursbrota frá því í janúar 2007 þegar 4 prósent ökumanna óku of hratt á sama stað í göngunum. - ovd

Samtök iðnaðarins:

# Helgi formaður endurkjörinn

**IÐNAÐUR** Helgi Magnússon var endurkjörinn formaður Samtaka iðnaðarins á Iðnþingi með 97 prósentum atkvæða, auð og ógild atkvæði voru um þrjú prósent. Helgi verður formaður fram að Iðnþingi 2009.



HELGI MAGNÚSSON

Í stjórn voru kjörin þau Þorsteinn Víglundsson, BM Vallá, Ingvar Kristinsson, Marel, og Anna María Jónsdóttir, Laugar Spa. - ghs

Fyrirlestur á Háskólatorgi:

# Átröskun getur líka verið fíkn

**HEILBRIGÐISMÁL Kanadíski læknirinn Joan M. Johnston heldur fyrirlestur um átröskun á Háskólatorgi Háskóla Íslands á morgun klukkan eitt.**

**Joan rekur meðferðarstofnun fyrir átröskunarsjúklinga og hefur haldið fyrirlestra um átröskun um allan heim frá 1992. Fyrirlestrana byggir hún á hugmyndum um átröskun sem fíkn og deilir hún með áheyrendum margra ára faglegri reynslu auk eigin sögu, en hún notaði tólf spora kerfið til þess að ná tökum á átröskun sem hún þjáðist af sjálf.** - eö

# Leikskólavandinn í borginni óleystur

**Greiðslur til foreldra eyða ekki biðlistum eftir leikskólaplássi, segir borgarfulltrúi Samfylkingarinnar. Leikskólapláss í Reykjavík eru 5.796 en þurfa að vera að minnsta kosti 1.200 fleiri til þess að anna eftirspurn að fullu.**

**SVEITASTJÓRNARMÁL** „Greiðslur handa foreldrum halda foreldrum heima, einkum konum, og leysa með engu móti leikskólavandann í borginni,“ segir Sigrún Elsa Smáradóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, um greiðslur til foreldra sem bíða þess að börnin þeirra komist inn á leikskóla.

Meirihluti Sjálfstæðisflokksins og F-lista hefur boðað að hann muni „segja skilið við biðlistastefnuna“ í leikskólamálum.

Tæplega 1.200 börn frá eins árs aldri eru á biðlista eftir leikskólaplássi í borginni en 700 hundruð þeirra eru þó með pláss hjá dagforeldri.

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri kynnti áformin á blaðamannafundi fyrir borgarstjórnarfund á þriðjudag. „Þetta á eftir að skipta foreldra gríðarlega miklu máli [...] Greiðslan mun að líkindum nema tugum þúsunda,“ sagði Ólafur F. meðal annars.

Stefnt er að því að fjölga leikskólaplássum í Reykjavík verulega á næstu árum. Borgarfulltrúar minnihlutans hafa bent á að plássum muni ekki fjölga umfram mannfjöldaspá samkvæmt áætluninni, nema sem nemur á fjórða tug plássa. Þá hefur gengið erfiðlega undanfarin ár að fullmanna störf leikskólakennara.

Óljóst er enn hve greiðslan til foreldra verður há en gert er ráð fyrir um 200 milljónum í greiðslurnar á þriggja ára fjárhagsáætlun. magnush@frettabladid.is



BÖRN AÐ LEIK Bið eftir leikskólaplássi kemur illilega við fjölskyldufólk í Reykjavík. Tæplega 1.200 börn frá eins árs aldri bíða þess að komast inn á leikskóla í Reykjavík. Flestir leikskólar á vegum borgarinnar taka börn inn við átján mánaða aldur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





| Hverfi | 12-18 mánaða | 18 mánaða + |
| --- | --- | --- |
| 1. Árbær/Grafarholt | 80 | 155 |
| 2. Breiðholt | 62 | 105 |
| 3. Grafarvogur/Kjalarnes | 76 | 13 |
| 4. Laugardalur/Háaleiti | 128 | 119 |
| 5. Miðborg/Hlíðar | 89 | 62 |
| 6. Vesturbær | 77 | 46 |





Formaður Íslands-Palestínu spyr hvaða skilaboð Íslendingar sendi til Palestínu:

# Vinasamband við árásaraðila

**UTANRÍKISMÁL** „Hvaða skilaboð eru íslensk stjórnvöld að senda á svæðið með því að halda uppi vinsamlegu stjórnmálasambandi við árásaraðilann en neita að hafa nokkurt samband við lýðræðislega kjörin stjórnvöld Palestínumanna?“ spyr Sveinn Rúnar Hauksson, formaður félagsins Íslands-Palestínu.

Hann bregst hér við ákvörðun utanríkisráðherra um að verða ekki við áskorun félagsins og slíta stjórnmálasambandi við Ísrael. Þau stjórnvöld sem Sveinn vísar til eru Hamas-samtökin, sem ráðherrann heimsótti ekki í ferð sinni til Ísraels í fyrra.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði í Fréttablaðinu í gær að hún sæi ekki ávinninginn af því að slíta sambandinu, þrátt fyrir að Ísraelsmenn væru að „hóprefsa“ Palestínumönnum á óafsakanlegan hátt. Fullreyna þyrfti opinberar leiðir, svo sem öryggisráðið. Og að alþjóðasamfélagið léti í sér heyra.

„En er verið að hlusta?“ spyr Sveinn og bendir á að neitunarvald Bandaríkjanna geri öryggisráðið máttlaust.

„Tillaga okkar er tilkomin af því að þrátt fyrir öll tilmæli og mótmæli, til dæmis fordæmingu framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, hóta ísraelsk stjórnvöld enn harðari aðgerðum. Þetta er eins og að tala við steininn.“ - kóþ



Í HEIMSÓKN Í ÍSRAEL Ráðherra hitti Ísraelsmenn að máli í ferð sinni til Palestínu. Síðan ræddi hún við Fatah-hreyfinguna en hún hitti engan í Hamas-samtökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

M3
420 hestöfl
0-100 km/h á 4.6 sek.

BMW á íslandi

www.bmw.is

Sheer
Driving Pleasure

# Sýning á BMW flotanum um helgina

Umfangsmesta sýning á BMW lúxusbílum
sem haldin hefur verið á Íslandi.



**Kynning:**

BMW 120D Coupé
BMW M3
BMW 320 Coupé
BMW 320 Sedan
BMW 520 Sedan
BMW X5 (4.8)
BMW 325 Coupé
BMW 335 Coupé
BMW 750i limousine
BMW Z4 Coupé
BMW M5

**Frumsýnum 2 bíla**

BMW 120D Coupé
BMW M3

Með bílinn handa þér

Það eru til sportbílar og það eru til akstursbílar. M-línan frá BMW er þriðji valkosturinn. Tæknin á bakvið M-bílana kemur beint frá keppnisliðum BMW í ólíkum akstursíþróttum, allt frá Daytona Racing til Formúlu 1. Væntingarnar til M-deildar BMW eru miklar enda hefur hún hannað ýmsa klassíska bíla í gegnum tíðina. Hvort sem það er M3 eða M5 eða einhverjir hinna bílanna í M-útfærslu þá eru kröfurnar alltaf þær sömu – bestu aksturseiginleika og öku-mannsumhverfi og mesta afl sem möguleiki er á. Í huga bílaáhugamanna táknar merkið þetta allt og meira til. Verið velkomin að skoða nýjustu undratækin frá BMW um helgina. Opið frá 12-16 báða daga.

**B&L - Grjótháls 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is - www.bmw.is**
**Opið: 12-16 laugardag og sunnudag**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# KJÖTMARKAÐUR




## HOLTA FERSKAR KJÚKLINGA BRINGUR

## 40% AFSLÁTTUR

Holta ferskar kjúklingabringur **40% afsláttur**
**1559 kr.kg.** *MERKT VERÐ 2599 KR.KG.*




Bónus hamborgarhryggur m/beini
**aðeins 898 kr.kg.**




Bónus ferskir blandaðir kjúklingabitar
**299 kr.kg**. Birgið ykkur upp.




Holta ferskir kjúklingaleggir
**395 kr.kg.** *MERKT VERÐ 659 KR.KG.*




Holta ferskir kjúklingavængir
**239 kr.kg.** *MERKT VERÐ 399 KR.KG.*




Holta fersk hálf-úrb. kjúklingalæri
**635 kr.kg.** *MERKT VERÐ 1059 KR.KG.*




Ali ferskar svínakótilettur
**1019 kr.kg**. *MERKT VERÐ 1698 KR.KG.*




Ali ferskar svínahnakkasneiðar
**1259 kr.kg.** *MERKT VERÐ 1798 KR.KG.*




Ali ferskt svínahakk 30% aflsáttur
**619 kr.kg.** *MERKT VERÐ 884 KR.KG.*

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# UM HELGINA !




Ali ferskur svínabógur 499 kr.kg.




Óðals ferskar svínakótilettur
**998 kr.kg.** *MERKT VERÐ 1663 KR.KG.*




Ali hamborgarhryggur m/beini
**1252 kr.kg.** *MERKT VERÐ 1789 KR.KG.*




Ferskt lambaprime 1498 kr.kg.




Sparigrís beikon 998 kr.kg.




Ferskur lambabógur 499 kr.kg.




Frosið lambalæri 20% afsláttur
**879 kr.kg.** *MERKT VERÐ 1098 KR.KG.*




Frosið lambafillet **20% afsláttur**
**2398 kr.kg.** *MERKT VERÐ 2998 KR.KG.*




Danskar frosnar svínalundir
**1079 kr.kg.** *MERKT VERÐ 1798 KR.KG.*




Frosinn lambahryggur
**1039 kr.kg.** *MERKT VERÐ 1298 KR.KG.*




Frosin lambasvið **25% afsláttur**
**299 kr.kg.** *MERKT VERÐ 399 KR.KG.*




KF frosnar lambakótilettur í raspi
**1199 kr.kg.** *MERKT VERÐ 1998 KR.KG.*

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00 TIL 19.30

„ORÐRÉTT“

*Kannski stjórnarliðar geti svarað því?*

**„Hvað á þetta fríríki - þetta sjálfstýrða apparat - eiginlega að komast upp með af dónaskap og frekju í garð kjörinna fulltrúa hér og í garð ríkisstjórnarinnar og alls almennings?“**

MÖRÐUR ÁRNASON SAMFYLKINGU ER ÓSÁTTUR VIÐ LANDSVIRKJUN VEGNA GAGNAVERS OG ÞJÓRSÁR.
**Fréttablaðið 6. mars**

*Við skulum samt ekki vera með neinar öfgar*

**„Við höfum undanfarið unnið að því að draga úr eiturlyfjaneyslu inni í fangelsinu.“**

MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR, FORSÖÐUMAÐUR LITLA-HRAUNS, STÍGUR FYRSTA SKREFIÐ OG VIÐURKENNIR AÐ HÚN EIGI VIÐ VANDAMÁL AÐ STRÍÐA.
**Fréttablaðið 6. mars**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÓLAFUR ÖRN ÓLAFSSON, BÆJARSTJÓRI Í GRINDAVÍK

## *Frí æfingagjöld fyrir alla krakka*



„Það er allt gott að frétta úr Grindavík fyrir utan kannski veðráttuna og kvótaniðurskurð. Þokkalegur afli hefur verið hjá bátunum undanfarið og lífið gengur sinn vanagang,“ segir Ólafur Örn Ólafsson, bæjarstjóri í Grindavík.

„Mikið er um að vera í bæjarmálunum. Við erum að byggja nýtt fjölnota íþróttahús sem verður tekið fljótlega í gagnið. Við erum að undirbúa stórt og mikið nýtt tjaldsvæði. Síðan hefur skapast umræða um að byggja líka tónlistarskóla. Við erum með aðila í bænum sem hefur lýst áhuga á því að byggja upp á lóðinni hjá félagsheimilinu Festi, sem er komið til ára sinna, og við verðum væntanlega með kynningu í næstu eða þarnæstu viku á þeim hugmyndum. Þeir ætla að byggja þar stórhýsi á bilinu 15 til 20 þúsund fermetrar, vonandi einhvers konar verslunarmiðstöð. Þarna verður samkomusalur, matsala og einhverjar búðir, skrifstofur og svo er reiknað með íbúðum eða hóteli svo að það helsta sé nefnt. Þetta eru ansi magnaðar teikningar sem við ætlum að fara að kynna.“

Ólafur Örn segir að mikil uppbygging hafi átt sér stað í Grindavík. „Fleiri tugir húsa hafa risið á síðustu tveimur árum og það er uppgangur. Í haust fór af stað fyrirtæki sem heitir ORF-líftækni og við bindum miklar vonir við framtíðina hjá því. Það er með algjöra nýjung á sínu sviði; reisti hér gróðurhús og er að rækta byggplöntur með mismunandi próteinum. Verið er að bíða eftir fyrstu uppskerunni og það verður væntanlega opnað með pompi og prakt snemma vors.

Menn urðu líka mjög glaðir um daginn þegar meistaraflokkur kvenna varð bikarmeistari í körfubolta,“ segir Ólafur Örn og bendir á að allra markverðast sé kannski að frí æfingagjöld séu fyrir öll börn í allar íþróttir í Grindavík. „Við erum fyrsta sveitarfélagið í landinu sem gerir það.“

## SJÓNARHÓLL
NEKTARDANSSTAÐUR AUGLÝSIR Í FRÉTTABLAÐI LAGANEMA

### *Fjaðrafok*



**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** ritstjóri

Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands gerir athugasemd við að auglýsing frá nektardansstaðnum Goldfinger birtist í fréttablaði laganema, Grími geitskó. „Á meðan yfirvöld geta ekki með óyggjandi hætti sýnt fram á að á súlustöðum sé stundað ólöglegt athæfi er mér nákvæmlega sama hvar Geiri auglýsir staðinn sinn,“ segir Þórarinn Þórarinsson ritstjóri.

Þórarinn segir að vissulega geti það orkað tvímælis að auglýsa súludans í fréttablaði laganema. „En ég held að stétt lögfræðinga geti síst af öllum farið í manngreinarálit þar sem lögfræðingar verða að verja alla. Allt frá móðgunargjörnum poppstjörnum til forhertra dópsala og morðingja. Þetta fjaðrafok í Háskólanum er annars lýsandi dæmi fyrir tilgangsleysi allrar umræðu stúdenta og félagslegs brölts þeirra. Stúdentapólitíkin í öllu sínu merkingarleysi er auðvitað besta dæmið en þar keppa fylkingar um völd sem eru ekki merkilegri en hússtjórn í meðal fjölbýlishúsi.“

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Í Garðabæ velja foreldrar í hvaða grunnskóla þeir senda barn sitt. Komi til þess að aðsókn í tiltekinn skóla verði meiri en húsrými leyfir gilda eftirfarandi viðmið um forgang nemenda í þann skóla:
1. Lögheimili í Garðabæ.
2. Nálægð heimilis við skóla.
3. Ef systkini stunda nám í skólanum.
4. Sérþarfir nemenda sem metið er að viðkomandi skóli hafi betri forsendur til að sinna.
5. Aðrar persónulegar ástæður eða aðstæður fjölskyldu, sem mat er lagt á.
Skólastjórnendur grunnskóla í Garðabæ geta heimilað nemanda með lögheimili í öðru sveitarfélagi en Garðabæ skólavist í grunnskóla Garðabæjar, enda sé nægjanlegt húsrými til staðar, ákvörðunin leiði ekki til viðbótarkostnaðar fyrir Garðabæ og að fyrir liggi samningur við hlutaðeigandi sveitarfélag um greiðslu námskostnaðar. Að öllu jöfnu ganga þeir nemendur fyrir sem eru innritaðir á auglýstum tíma.

**Innritun í 1. bekk grunnskóla í Garðabæ fyrir skólaárið 2008-2009**

**Til foreldra 6 ára barna og þeirra barna í 2.-6. bekk sem óska eftir að flytjast á milli skóla og/ eða sækja um dvöl á tómstundaheimili skólaárið 2008-2009**

Innritun 6 ára barna (fædd 2002) í Flataskóla, Hofsstaðaskóla og Sjálandsskóla fer fram dagana 10.-12. mars 9:00-15.

Sömu daga fer fram skráning vegna skólaskyldra barna í 2.-6. bekk sem óska eftir að flytjast á milli skóla. **Áríðandi er að foreldrar tilkynni óskir um flutning milli skóla fyrir 26. mars.** Eftir þann tíma er ekki öruggt að hægt sé að koma til móts við óskir um flutning milli skóla.

Innritun þeirra barna sem óska eftir dvöl á tómstundaheimilum Flataskóla, Hofsstaðaskóla og Sjálandsskóla á næsta skólaári fer einnig fram þessa sömu daga. Á skrifstofum skólanna eru eyðublöð fyrir slíka umsókn. Eyðublöð eru einnig á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is. Mikilvægt er að sótt sé sem fyrst um dvöl á tómstundarheimilunum.

**Flataskóli** sími 565 8560, www.flataskoli.is
**Hofsstaðaskóli** sími 565 7033, www.hofsstadaskoli.is
**Sjálandsskóli** sími 590 3100, www.sjalandsskoli.is
**Barnaskóla Hjallastefnunnar** sími 555 7710, www.hjalli.is
**Alþjóðaskólinn** sími 694 3341, internationalschool.is

Kynningarfundir Flataskóla, Hofsstaðaskóla og Sjálandsskóla með foreldrum barna sem eiga að hefja nám í 1. bekk (fædd 2002) verða í skólunum fimmtudag 15. maí kl. 18:00.

Athygli er vakin á því að umsóknarfrestur um heimild til að stunda nám í grunnskólum annnarra sveitarfélaga er til 10. apríl ár hvert og skulu umsóknir berast skólaskrifstofu á eyðublöðum sem þar fást. Athugið að endurnýja þarf umsóknir fyrir nemendur sem stunda nám utan Garðabæjar á hverju ári. Einnig er hægt að sækja um rafrænt á www.gardabaer.is.

**Deildarstjóri skóladeildar**

**Fræðslu- og menningarsvið**

# Ekki bara tölvunördar sem keppa í forritun

**Forritunarkeppni framhaldsskólanna fer fram í Háskólanum í Reykjavík á morgun. Þar spreyta framhaldsskólanemar sig á ýmsum þrautum sem tengjast forritun, og eru hátt í þrjátíu lið þremenninga skráð til leiks. Forseti tölvunarfræðideildarinnar segir keppendur ekki eingöngu koma úr hópi tölvunörda.**



**FRÆKNIR FORRITARAR** Sigurvegararnir frá því í fyrra. Frá vinstri eru Eyþór Sigmundsson, Magnús Ágúst Skúlason og Guðni Þór Guðnason. Þeir kepptu fyrir hönd Iðnskólans í Reykjavík.

„Verkefnin sem við leggjum fyrir keppendurna eru frekar stutt og lítil, en þeir þurfa að vera svolítið skarpir til að setja saman forrit sem leysa þau,“ segir Ari Kristinn Jónsson, forseti tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík. Forritunarkeppni framhaldsskólanna fer þar fram á morgun.

„Síðan fara sérfræðingar yfir lausnirnar, annars vegar með tilliti til þess hvort þau leysa verkefnið rétt og hins vegar út frá því hversu sniðug útfærslan er.“

Keppt er í þremur styrkleikaflokkum: Alfa, Beta og Delta. Alfa-deildin er fyrir þá sem hafa sérstakan áhuga á forritun og eru nokkuð slyngir í henni. Beta-deildin er fyrir þá sem ekki eru komnir jafn langt, og Delta-deildin er ætluð byrjendum.

Ari segir að stór hópur keppenda sé svokallaðir tölvunördar, en alls ekki allir. „Forritun er svolítið öðruvísi núna en fyrir nokkrum árum, þegar þetta var einhver svartagaldur sem aðeins skrítnir tölvunördar þekktu. Í dag er þetta einfaldlega tæki sem kemur sér mjög vel að kunna að nota.“

Hann bætir einnig við að fleiri stelpur mættu taka þátt. „Tölvunarfræðin og þess konar vísindi virðast eiga undir högg að sækja hjá stelpunum og við viljum endilega laga það,“ segir Ari. „Stelpur standa sig alls ekki síður í þessu en strákarnir. Við vonum að sem flestar sjái sér leik á borði og komi í tölvunarfræðina.“

Aðspurður á hvaða aldri keppendur séu segir hann algengara að þeir komi úr efri bekkjum framhaldsskólanna. „Það er helst vegna þess að þá hafa nemendurnir helst kost á því að læra forritun og tölvufræði í skólunum,“ segir Ari. „Annars sjáum við vel hvaða skólar halda best utan um tölvukennslu því þaðan koma flestir keppendur.“

salvar@frettabladid.is

**VIKA 5**

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Algirdas Slapikas:

### FEÐGAHELGI FRAM UNDAN



„Konan mín er að fara að keppa með Valsliðinu í handbolta í Frakklandi um helgina,“ segir Algirdas, sem verður heima með tvo syni þeirra hjóna. Sá yngri er tveggja og hálfs árs en sá eldri tólf ára. „Ég verð að nota helgina til að vera með strákunum og gera eitthvað gott fyrir þá. Við förum örugglega eitthvað út að borða því ég er satt að segja ekki mjög góður kokkur, en verð að bjarga mér. Við höfum ekki ömmur eða afa til að hjálpa okkur heldur þurfum við að bjarga okkur sjálf, fjölskyldan.“

Filipe Figueiredo:

### FÁUM OKKUR EINN KALDAN



Filipe hefur sloppið við að húka veðurtepptur einhvers staðar í vikunni en það hefur gerst í ófá skipti hjá mörgum í vetur. En veðrið hefur þó sett strik í reikninginn hjá honum. „Ég hef ekki getað notað fína snjóbrettið mitt, þar sem veðrið hefur verið afar óhagstætt. Þessa helgi ætla ég hins vegar að láta alla von um snjóbrettið lönd og leið enda er vinur minn, kollegi hjá Matís og landi, að koma hingað til Ísafjarðar frá Reykjavík. Ætli við kíkjum ekki í Edinborgarhúsið og fáum okkur einn kaldan.“

Junphen Sriyoha:

### Í MÓÐURHLUTVERKI



„Helgin hjá mér var afar róleg, ég var eiginlega í móðurhlutverki,“ segir Junphen og hlær við. „Þannig var að vinkona mín fór í helgarferð með eiginmanni sínum og ég var að passa börnin þeirra á meðan. Þegar ég kom til Íslands fyrst var ég einmitt að passa hjá þeim hjónum.“ Hún er einnig að þreifa fyrir sér í fatahönnun. „Ég er búin að teikna upp kjól og ég held ég fari bara að sauma núna um helgina. Annars er ég að vonast til þess að finna námskeið í fatahönnun og jafnvel íslensku sem væru haldin um helgar.“

Charlotte Ólöf Ferrier:

### ÁTTI AFMÆLI Á MÁNUDAGINN



„Á mánudaginn átti ég 26 ára afmæli svo ég hélt litla afmælisveislu,“ segir Charlotte. „Afmælisdagurinn var nokkuð frábrugðinn 25 ára afmælinu mínu þegar ég var á hitabeltiseyju við Mósambík. Þá kafaði ég í sjónum og synti með höfrungum. Árið þar áður var ég á Grænlandi. En þessi afmælisdagur var líka eftirminnilegur. Góður félagsskapur, góður matur og nokkrar yndislegar afmælisgjafir sáu til þess,“ segir Charlotte, sem er nýfarin að blogga á slóðinni charlotte-in-iceland.blogspot.com

ISUZU D-MAX

ISUZU

# PALLBÍLL MEÐ HÚSI Á FRÁBÆRU VERÐI

## KOMDU OG REYNSLUAKTU SJÁLFSKIPTUM 3.0 LÍTRA DÍSIL ISUZU D-MAX

Nýr Isuzu D-Max er einn hagstæðasti og best útbúni farkostur sem völ er á. Ný aflmikil 3.0 lítra dísilvél með 3000 kg dráttargetu, aksturstölva, ABS-hemlakerfi, þokuljós, hraðastillir, útvarp og geislaspilari með 6 hátölurum, loftkæling og margt fleira. Nú fæst Isuzu D-Max með pallhúsi á frábæru verði.

**ISUZU D-MAX MEÐ HÚSI**

aðeins: **2.990.000 kr.** beinskiptur



| GERÐU SAMANBURÐ | Isuzu D-Max | Hilux |
|---|---|---|
| Vélarstærð | 3.0 l | 3.0 l |
| Hámarkstog (Nm/snm) | 360/1.800-3.600 | 343/1.400-3.400 |
| Dráttargeta (tengivagn m. hemlum) | 3.000 kg | 2.250 kg |
| Verð með sjálfskiptingu | 2.990.000 kr. | 3.570.000 kr. |

**35" BREYTTUR MEÐ HÚSI**

aðeins: **3.780.000 kr.** beinskiptur

ENNEMM / SÍA / NM32591



## GÓÐ ÞJÓNUSTA Í HÁDEGINU

Þeir sem vilja nota hádegið til að skoða bíl eða reynsluaka fá að bragði rammíslenska pylsu og svalandi kók. Þú skoðar þig um í þægilegu umhverfi og þiggur aðstoð frá einhverjum af sölumönnum okkar. Taktu hádegishléið hjá okkur, fáðu þér eina með öllu og reynsluaktu nýjum bíl að eigin vali.

Ingvar Helgason í hádeginu – alla virka daga í mars.

IH INGVAR HELGASON

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

**Fréttaskýring:** Þorskurinn er næsta eldisævintýri **2. hluti**



# Seiðaframleiðslan er flöskuháls

**Þorskeldi stendur á krossgötum hér á landi, að mati eldismanna. Tilraunaeldi síðustu ára sýnir að tímabært er að auka framleiðslu verulega. Til þess þarf að reisa sérhæfða seiðastöð. Nefnd sjávarútvegsráðherra kannar möguleika á byggingu slíkrar stöðvar. Norskir fiskeldismenn sjá ekkert því til fyrirstöðu að starfa með Íslendingum við að hraða þróun þorskeldis hérlendis.**

Nefnd á vegum Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra kannar nú möguleika á byggingu og starfrækslu seiðaeldisstöðvar sem þjónað gæti allri matfiskframleiðslu hér á landi. Íslenskt þorskeldi stendur á krossgötum og tímabært er að auka framleiðslu verulega, að mati eldismanna. Bygging seiðaeldisstöðvar sem getur framleitt allt að tíu milljónir seiða er forsenda þess að íslenskt þorskeldi geti fylgt eftir þróun þorskeldis í Noregi. Þar í landi hyggja menn á þorskeldi sem stóriðnað innan fárra ára og sjá ekkert því til fyrirstöðu að starfa með Íslendingum að þróun eldis hér á landi. Stærsti munurinn á þorskeldi í Noregi og hér á landi er annars vegar forskot Norðmanna í seiðaeldi og hins vegar að fjármagn virðist liggja á lausu í Noregi fyrir eldisfyrirtæki til að fjármagna framleiðslu í stórum stíl.

## Staða þorskeldis á Íslandi

Tilraunaeldi þorsks á undanförnum sex árum hefur skilað verulegum árangri hér á landi. Stór sjávarútvegsfyrirtæki hafa leitt þróun þorskeldisins og hafa litið á eldið sem tilraunaverkefni til þekkingaröflunar og til að meta arðsemi þess. Framleiðsla á eldisþorski hefur vaxið úr um 200 tonnum árið 2002 í um 1.800 tonn árið 2007.

Frá árinu 2003 hafa verið framleidd 150 til 250 þúsund seiði á ári í Tilraunastöð Hafrannsóknastofnunar á Stað við Grindavík. Seiðaframleiðslan hefur verið hluti af kynbótaverkefni IceCod ehf. Á vegum IceCod hófst seiðaframleiðsla í desember 2007. Miklar framfarir hafa verið í framleiðslu fyrirtækisins, lifun seiða hefur aukist mikið og einnig dregið úr vansköpun.

Varla er ofsagt að fagmennska og þekking í þorskeldi hérlendis sé mikil. Hins vegar hefur íslenskt þorskeldi grundvallast af stærstum hluta á áframeldi. Þá er smáþorskur veiddur og alinn áfram í sjókvíum. Einnig hafa villt seiði verið veidd og alin áfram upp í hentuga stærð áður en þau eru sett út í sjókvíar þar sem þau eru alin í sláturstærð. Á þessum grunni telja framleiðendur að ekki verði byggt lengur. Eini raunhæfi möguleikinn til þess að auka framleiðslu á eldisþorski sé að hefja stórfellda framleiðslu á þorskseiðum í sérhæfðri seiðastöð. Með tilkomu slíkrar stöðvar er talið raunhæft að framleiðsla eldisþorsks á Íslandi verði um þrjátíu þúsund tonn árið 2015.

## Seiðaeldisstöð

Lítil framleiðslugeta á þorskseiðum í Noregi var lengi stærsta hindrunin í þróun matfiskeldis þar í landi. Segja má að sama staða sé komin upp á Íslandi. Seiðaframleiðsla í eldisstöð IceCod á Stað við Grindavík hefur verið um 200 þúsund seiði á ári. Norðmenn hafa á stuttum tíma leyst þetta vandamál að stærstum hluta og er talið að þær þrettán seiðaeldisstöðvar sem nú eru starfandi í Noregi geti framleitt allt að 100 milljónir þorskseiða, þótt því fari fjarri að eftirspurn sé eftir slíku seiðamagni í dag. 100 milljónir seiða eru nægjanlegt seiðamagn til framleiðslu á 300 þúsund tonnum af eldisþorski. Framleiðendur telja raunhæft að framleiðsla eldisþorsks geti numið allt að 200 þúsund tonnum eftir áratug. Margir innan vísindasamfélagsins telja þessi markmið skýjaborgir en fáir sem starfa að þróunarmálum þorskeldis útiloka að Norðmenn nái markmiðum sínum.

Einróma álit fiskeldismanna hér á landi er að án tafar verði að ráðast í undirbúning að byggingu seiðastöðvar og framleiða þar tíu milljónir seiða árlega ekki síðar en 2012. Uppbygging slíkrar stöðvar yrði sameiginlegt verkefni ríkisins og sjávarútvegsfyrirtækja sem hyggja á þorskeldi. Aðkoma fyrirtækjanna að seiðastöðinni er hugsuð sem skuldbinding til seiðakaupa á kostnaðarverði. Með því yrði rekstur hennar tryggður og uppbygging í seiðaeldi og matfiskeldi héldist í hendur. Með þessu myndi ný seiðastöð aldrei framleiða meir en fyrirtækin væru tilbúin að kaupa og setja í eldi. Þessi hugmynd er háð því að hið opinbera beri grunnkostnaðinn við bygginguna.

## Samstarf við Norðmenn

Uppbygging þorskeldis í stórum stíl er áhættusamt og tímafrekt verkefni. Stór sjávarútvegsfyrirtæki munu þar gegna aðalhlutverki og aðkoma stjórnvalda er nauðsynleg. Einnig er ljóst að verði ákveðið að ráðast í byggingu stórrar sérhæfðrar seiðaeldisstöðvar strax á morgun verður framleiðsla ekki tryggð fyrr en eftir fjögur til fimm ár. Íslensk fiskeldisfyrirtæki væru því komin með efnivið í hendurnar til verulegrar framleiðslu á sama tíma og Norðmenn hyggjast framleiða meira af eldisþorski en við veiðum villtan í dag.

Fréttablaðið heimsótti í febrúar seiðaeldisstöðina Saga Fjörd í V-Noregi. Stöðin mun framleiða tíu milljónir seiða á þessu ári og er því af sömu stærð og sú seiðastöð sem íslenskir þorskeldsmenn telja nauðsynlegt að rísi hér. Sigurd O. Handeland, framkvæmdastjóri Saga Fjörd, segir að stofnkostnaðurinn við seiðaeldisstöðina hafi verið um 500 milljónir íslenskra króna. „Þrjú ár liðu frá því að við vorum búnir að koma upp aðstöðunni þangað til við höfðum náð viðunandi jafnvægi í framleiðsluna. Á þessu ári getum við framleitt allt að tíu milljónir seiða en árið 2007 sendum við frá okkur um sex milljónir seiða.“ Sigurd telur að íslenskum fiskeldismönnum standi til boða öll sú þekking sem hefur orðið til í norsku seiðaeldi. Möguleika til samstarfs telur Sigurd ekki einskorðast við seiðaeldi heldur séu framleiðendur sífellt að leita að tækifærum til að þróa sinn rekstur.

## Samstarf innanlands

Samstarf íslensku fyrirtækjanna sem hyggja á eldi til framtíðar er einnig áhugaverður möguleiki, sérstaklega í ljósi hugmynda í Noregi um að hagkvæmast sé að stofna klasa sem hver framleiði um þrjátíu þúsund tonn af þorski. Í þessum hugmyndum yrði í hverjum klasa seiðastöð sem framleiddi á milli tíu og fimmtán milljónir seiða, fiskvinnsla og tíu matfiskeldisstöðvar. Mikilvægt er að hugleiða þessa hugmynd í samhengi við aðstæður á Íslandi. Í þessari hugmynd felst viðurkenning á því að þorskeldi verði aldrei stundað sem atvinnuvegur nema til komi öflugar seiðastöðvar sem framleiði margar milljónir seiða á ári hverju.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

**ÖNNUR GREIN AF FIMM**
**Á morgun:**
Eldisaðferðir og vandamál













## Upphaf þorskeldis á Íslandi

Fyrstu tilraunir með söfnun á villtum þorski til áframeldis í kvíum hér á landi hófust í Stöðvarfirði árið 1992. Fyrstu árin studdi sjávarútvegsráðuneytið við bakið á þeim sem gerðu tilraunir með þorskeldi með því að úthluta hverjum aðila fimm tonna kvóta af lifandi þorski. Þrátt fyrir þetta dofnaði áhuginn fljótt, verð sem fékkst fyrir þorskinn lækkaði og fyrirhöfnin var mikil miðað við tiltölulega lítil umsvif. Á árunum 1993-2000 stunduðu samtals átján aðilar eldi á villtum þorski á Austfjörðum, Vestfjörðum og í Eyjafirði.

Á vorþingi 2002 var samþykkt að sjávarútvegsráðherra hefði til sérstakrar ráðstöfunar til áframeldis aflaheimildir sem næmu árlega 500 lestum af óslægðum þorski. Með úthlutun á þorskeldiskvóta hefur átt sér stað mikil aukning í áframeldi á þorski hér við land. Öflug sjávarútvegsfyrirtæki hafa nú hafið þorskeldi og má gera ráð fyrir verulegri framleiðsluaukningu á næstu árum.

Í ágúst 2004 var þorskeldi í sjókvíum stundað á átján stöðum allt í kringum landið en hefur fækkað síðan í ellefu. Starfandi fyrirtæki hafa aukið umsvif sín og eldisgeta hefur aukist.

# ÞVOTTA DAGAR

6.–14. MARS

**AEG**
FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI

## TILBOÐSVERÐ

ÞVOTTAVÉLAR
ÞURRKARAR

UPPÞVOTTA-VÉLAR
15% afsláttur



ÁN EFA
**EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS** sl. 3 ár!

**AEG þvottavél með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 76820 ÍSLAND
• Taumagn: 7 kg
• Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín.

**AEG barkalaus þurrkari með íslensku stjórnborði**
LAVATHERM 57820 ÍSLAND
• Taumagn: 6 kg
• Fjöldi prógramma

**TILBOÐVERÐ: Kr. 175.000 / PARIÐ**





**AEG þvottavél með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 64810 ÍSLAND
• Vindingarhraði 1400/1000/600 sn. á mín.

**AEG þurrkari**
LAVATHERM 54810
• Mjög hljóðlátur,
• Fjöldi prógramma

**TILBOÐVERÐ: Kr. 145.000 / PARIÐ**





**AEG þvottavél með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 52820
• 1200 snúninga • 6 kg.

**AEG þurrkari**
LAVATHERM 54810
• Mjög hljóðlátur
• Fjöldi prógramma

**TILBOÐVERÐ: Kr. 139.900 / PARIÐ**

Íslenskt stjórnborð og ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir okkar vélum.

**ORMSSON**

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

www.ormsson.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT


SAMGLEÐJ
Pioneer
Pioneer DCS-363
Heimabíó
Kr. 49.900,-
Nýjasta snilldin frá Pioneer ..!!
SHARP
SHARP LC-19A1EBK
19" LCD SJÓNVARP
Kr. 59.900,-
SAMSUNG
Samsung ML-2010R
Laser prentari
Kr. 8.990,-
Nintendo
LEIKJATÖLVAN
Wii
NÝ UPPLIFUN
– VERÐTRYGGING –
Alltaf ódýrust í Ormsson
SAMSUNG
SAMSUNG LE-32S86BX
32" LCD SJÓNVARP
Kr. 119.900,-
FREYJA
Freyju páskaegg nr. 6 fylgir hverri
Wii-tölvu fram að páskum
ORMSSON

# UMST ÞÉR!



SAMSUNG YP-T10JC

MP3 spilari
VIDEO spilari
FM útvarp

4 GB Minni
Kr. 18.900,-

8 GB Minni
Kr. 24.900,-



Jamo I-200
Hljómtæki fyrir iPodinn
Vandaðir og kraftmiklir hátalarar
Kr. 24.900,-



ZEPTO the notebook company

Zepto 3215W
Fartölva
Kr. 99.900,-

Skjár: 15,4" WXGA
Örgjörvi: Intel Core DUO T2330 1,6Ghz
Vinnsluminni: 2 Gb PC5300
Harður diskur: 160GB SATA 5400rpm
Drif: DVD-RW
Windows Vista Home Basic





OLYMPUS FE-270
Frábær myndavél á fínu verði
Kr. 13.900,-

Celestron Astromaster
70AZ
Stjörnusjónauki
Kr. 12.900,-

SHARP XL-MP2H
Hljómtækjastæða
Kr. 12.900,-

Fyrirferðalítil og smekkleg stæða
Geislaspilari, útvarp og kassettutæki



ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stuðningur við ESB-viðræður minnkar.

## Evra á grunni EES

**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR**

Fátt bendir til þess að hagsmunum Íslendinga verði betur borgið við inngöngu í Evrópusambandið en með núverandi aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Flestum er það ljóst enda fór Evrópuumræðan ekki hátt á Íslandi á meðan vel gekk í íslensku efnahagslífi. Nú aftur á móti, þegar á móti blæs, er eðlilegt að raddir um að ganga til samningaviðræðna við ESB verði háværari.

Það er ekkert athugavert við að hvatinn að baki slíkri kröfu sé hugsanlegur fjárhagslegur ávinningur. Stefna Seðlabankans í peningamálum er orðin mörgum dýr og ljóst að lítið opið hagkerfi er viðkvæmt fyrir erlendum áhrifum. Því hefur það verið áberandi röksemd þeirra sem vilja hefja samningaviðræður við Evrópusambandið, að aðeins þannig getum við tekið upp evruna. Þessar raddir heyrast nú víðar á vettvangi atvinnulífsins og stjórnmálanna. Erfiðleikar á fjármálamörkuðum ýta undir það.

Það kemur á óvart að stuðningur við að hefja samningaviðræður við ESB sé ekki meiri en mældist í skoðanakönnun Gallup sem birt var á Iðnþingi í gær og er í samræmi við niðurstöðu í könnun Fréttablaðsins fyrir skömmu. Um 54 prósent eru hlynnt viðræðum við ESB og hefur stuðningurinn minnkað um fjögur prósent á einu ári samkvæmt Gallup. Hlutfall þeirra sem eru andvígir viðræðum hefur hækkað. Þetta hlýtur að koma fólki sem hefur talað hæst um þessi mál undanfarið í opna skjöldu.

Samkvæmt Gallup telja tæp 56 prósent landsmanna æskilegra að taka upp evru en að halda krónunni. Í hugum margra jafngildir það inngöngu í Evrópusambandið. Miklar líkur eru á að upptaka evru njóti meiri stuðnings ef aðild að sambandinu er ekki skilyrði.

Einhliða upptaka evrunnar er ekki möguleg. Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði á Iðnþingi í gær frá leið sem mætti skoða áður en sótt yrði um aðild að ESB.

„Mér finnst sú skoðun allrar athygli verð að þar sem evran er mynt innri markaðarins hefði EFTA-þjóðunum í EES-samstarfinu átt að standa til boða frá upphafi að taka þátt í myntsamstarfinu. Ísland og Noregur gætu til dæmis vel haldið því fram að þar sem þjónunum sé ætlað að taka upp allar reglur sem lúta að innri markaðinum til þess að tryggt sé að allir sitji við sama borð, ætti þjónunum að standa til boða að nýta sér hina sameiginlegu mynt,“ sagði Illugi. Þessa leið mætti skoða ef krónan dygði ekki Íslendingum án þess að sækja um aðild að ESB.

Einhverjir kunna að telja þetta vera enn eina leiðina til að fresta því að stíga skrefið til fulls og ganga í ESB. Hins vegar má telja öruggt að stuðningur við aðild eða aðildarviðræður minnki verulega þegar rætt verður um ókosti þess að ganga í sambandið.

Upptaka evru mundi vafalaust hafa ýmsa kosti í för með sér fyrir íslenskt efnahagslíf. Litlar líkur eru hins vegar á að hagsmunum Íslendinga verði betur borgið með inngöngu í ESB. Þar liggur vandinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

OPIÐ HÚS HJÁ SVFR

Föstudaginn 6. mars

**Dagskrá:**

::: Mögnuð veiði á Grænlandi – Pálmi Gunnarsson
::: Veiðistaðalýsing, friðsvæði Laxár í Kjós – Gísli Ásgeirsson
::: Strandveiðiklúbburinn – Dr. Fly og Birgir Ævarsson
::: Völvuspáin 2008 – Völvan og Gunni Helga
::: Veiðisögur og veiðihorfur í Litlu Laxá – Ragnheiður Thorsteinsson
::: Myndagetraunin
::: Happahylurinn í boði RB veiðibúðar

FRÓÐLEIKUR OG SKEMMTUN- HÚSIÐ OPNAR KL. 20.00

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ríkisrekinn vinnufriður

„Þá skiptir máli að hafa vinnufrið fyrir önnur góð mál í þjóðfélaginu án þess að bloggararnir í okkar umhverfi séu að blaðra út og suður,“ var haft eftir Árna Johnsen alþingismanni í Fréttablaðinu í gær. Árna er greinilega ekki sama um það hver tjáir sig um samfélagsmál og hvernig. Ekki er langt síðan Árni lagði til að Alþingi myndi reka eigin sjónvarpsstöð til að færa landanum betri og réttari fréttir af þinginu en fjölmiðlar gera í dag. Það er náttúrulega ekkert hættulegra vinnufrið alþingismanna en fjölmiðlamenn og bloggarar sem hafa skoðun á því sem er að gerast á þinginu og annars staðar í samfélaginu.



### Hálft West Ham farið

Björgólfur Thor féll niður um 61 sæti yfir ríkustu menn heims samkvæmt Forbes og er nú í 307. sæti. Það er því ekki bara Bill Gates sem verður að sætta sig við að falla niður listann á milli ára. Björgólfur er kannski ekki alveg á flæðiskeri staddur þar sem tímaritið metur auð hans á 231,8 milljarða króna. Hrapið er aðeins meira fyrir Björgólf Guðmundsson, sem fellur niður um 215 sæti og fer úr því 799. niður í 1.014. sæti. Ólíkt Björgólfi yngra er sá eldri talinn hafa tapað 6,6 milljörðum frá því á síðasta ári og eigi nú bara tæpa 73 milljarða í stað tæpra 80. Tapið nemur um það bil hálfri upphaflegri fjárfestingu hans í West Ham. Já, eða einum 8 GB iPod nano á hvern Íslending, keyptum á Íslandi.



### Fastir liðir

Nýjasta hefti Þjóðmála, undir ritstjórn Jakobs F. Ásgeirssonar, er komið út; vorheftið. Þar má finna nokkra fasta liði eins og venjulega, líkt og grein eftir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra. Ekki er þess minnst að Þjóðmál hafi komið út án þess að Björn hafi átt þar grein. Nú skrifar hann um REI-málið og eins og segir á forsíðu „rekur ótrúlega sögu hátimbraðra fyrirætlana, marklausra yfirlýsinga og óvandaðra vinnubragða“. Ekki er auglýst hverra vinnubrögðum er svo lýst.

## SPOTTIÐ



# Öflug miðstöð iðn- og starfsnáms

**UMRÆÐAN**
Iðngreinanám



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR**

Með sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands verður til stærsti framhaldsskóli landsins með á þriðja þúsund nemendur. Skólinn verður öflug miðstöð iðn- og starfsnáms á Íslandi með bein tengsl við atvinnulífið. Samið hefur verið við Menntafélagið um rekstur hins nýja skóla til næstu fimm ára en að því standa Samtök iðnaðarins, Landssamtök íslenskra útvegsmanna, Samorka, Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur og Samband íslenskra kaupskipaútgerða.

Þessi sameining á sér nokkurn aðdraganda en hugmyndin kom fyrst upp í lok ársins 2006. Í viðræðum við fulltrúa atvinnulífsins og stjórnendur Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands hefur sú sýn verið höfð að leiðarljósi að bein þátttaka atvinnulífsins í menntuninni og faglegt sjálfstæði skóla skili okkur eftirsóknarverðum tengslum atvinnulífs og menntakerfis.

Í frumvarpi til laga um framhaldsskólann sem nú er til umræðu á Alþingi eru lagðar til breytingar er munu opna ný og spennandi tækifæri fyrir iðn- og starfsnám hér á landi enda eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins að efla stöðu iðn- og verkgreina í landinu.

Umgjörð starfsmenntunar tekur samkvæmt frumvarpinu mið af þeim viðamiklu tillögum sem starfsnámsnefndin svokallaða skilaði mér sumarið 2006. Fulltrúar atvinnulífsins áttu veigamikinn hlut í starfi þeirrar nefndar og tillögur hennar lögðu meginlínurnar um fyrirkomulag starfsmenntunar í frumvarpinu. Starfsnám á að fá hliðstæða stöðu og bóknámið hefur nú í uppbyggingu framhaldsnáms t.d. til stúdentsprófs. Möguleikar aukast á að sérsníða nám að þörfum atvinnulífsins og þar með að skapa meira og fjölbreyttara framboð menntunar í framhaldi af starfsnámi á framhaldsskólastigi. Ég hef mikla trú á að þessi atriði eigi eftir að auka áhuga ungmenna á menntun á þessu sviði.

Þau tækifæri sem opnast með breyttri lagaumgjörð stendur til að nýta til fulls í hinum nýja skóla og þau markmið sem lagt er upp með eru háleit og metnaðarfull.

Stefnt er meðal annars að því að skólinn verði leiðandi í þróun, kennslu og þjónustu í iðn- og starfsmenntun er skilar nemendum verðmætri menntun og atvinnulífinu hæfu starfsfólki, að nemendum sem velja sér iðn- og starfsnám að loknu námi á almennri brauti fjölgi um 10% á samningstímanum og að dregið verði úr brottfalli í iðn- og starfsnámi um 20% á næstu árum.

Með stofnun hins nýja skóla hefur verið tekið stórt skref í þá átt að gera iðn- og starfsmenntun að eftirsóknarverðum kosti fyrir ungt fólk og skipa henni veglegan sess í samfélaginu.

*Höfundur er menntamálaráðherra.*

# VANDAÐAR HÁGÆÐA ELDHÚS INNRÉTTINGAR

**...eitt hagstæðasta verðið á markaðnum**

## LINE
Hvítt lakkað háglans, höldurlaus




## COUNTRY
Fulningur - hvítt lakkað, háglans






BLUM mjúklokandi skápahurðir

Töfra hornskápur





BLUM fullútdraganlegar og mjúklokandi skúffur
Skúffur breidd 40-60-90-120 sm

Búr skápur





Glerskápar með ljósi í botni

Fjölbreytt úrval af áhaldaskúffum



## HORIZONTAL
Amerísk hnota spónlögð



## DUCALE
Ljós eik - innfelld handföng



Hálfmáni hornskápur



Skoðið hugmyndabankann fyrir eldhús á heimasíðunni

**www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Traust staða Kaupþings

UMRÆÐAN
Efnahagsmál

Aðalfundur Kaupþings er haldinn í dag. Það er mér ánægjuefni að kynna hluthöfum afkomu bankans í fyrra og framtíðarhorfur, enda er bankinn í öfundsverður hvað varðar fjárhagslegan styrk og lausafjárstöðu. Ástand á alþjóðlegum fjármálamörkuðum versnaði umtalsvert á miðju síðasta ári vegna undirmálslánakrísunnar svokölluðu. Hér er um alþjóðlegan vanda að ræða, og þar sem íslensku bankarnir eru orðnir alþjóðlegir hefur það óhjákvæmilega haft áhrif á þá. Það veit enginn hversu lengi þetta ástand mun vara en orsakir vandans og lausn liggja utan valdsviðs íslenskra banka. Hins vegar er það á okkar valdi hvernig við bregðumst við vandanum og það var á okkar valdi hvernig við bjuggum okkur undir hann.

**Sterk lausafjárstaða**

Eiginfjárstaða Kaupþings er með því besta sem þekkist hjá evrópskum bönkum. Engu að síður heyrast úrtöluraddir um stöðu bankans og ég tel því rétt að gera nokkra grein fyrir stöðu og horfum.

Staða Kaupþings er sterk um þessar mundir. Bankinn býr yfir miklu lausafé og afborganir langtímalána eru lágar á þessu ári. Ástæða góðrar lausafjárstöðu er sú, að eftir Íslands-krísuna svokölluðu á fyrri hluta árs 2006, breytti bankinn reglum sínum um lausafé. Þá var lágmarks lausafjárviðmiðið tvöfaldað og í kjölfarið var lausafé bankans aukið verulega. Við drógum lærdóm af ástandinu sem skapaðist og njótum nú góðs af því.

Það veit enginn hversu lengi óróinn á fjármálamörkuðum mun vara en við hjá Kaupþingi erum búin undir að hann geti varað í töluvert langan tíma. Við höfum því lagað rekstur okkar að breyttum aðstæðum.

**Brugðist við breyttum aðstæðum**

Síðastliðið sumar sömdum við um kaup á hollenska bankanum NIBC. Í byrjun þessa árs var ákveðið að falla frá kaupunum í ljósi breyttra aðstæðna á fjármálamörkuðum. Við það styrktist lausafjárstaða okkar verulega en kaupin höfðu verið fjármögnuð að fullu. Forsætisráðherra, Geir H. Haarde, hefur látið hafa eftir sér að bankarnir þurfi að hægja á vexti sínum. Ég er sammála þessu og það er all nokkuð síðan við tókum að hægja á vexti Kaupþings og skýrasta dæmið um það er þegar við hættum við kaupin á NIBC.


SIGURÐUR EINARSSON

Og fleira hefur verið gert. Við höfum endurskipulagt rekstur dótturfélags okkar í Bretlandi, Kaupthing Singer & Friedlander, og ákveðið að selja eignaleigustarfsemina og leggja af hrávörufjármögnun. Slík starfsemi hefur ekki verið hluti af kjarnastarfsemi Kaupþings. Við þetta losnar um fjármagn sem nemur 1,3 milljörðum evra.

Við höfum kynnt fyrstu alþjóðlegu vöruna okkar fyrir almenningi, Kaupthing Edge, sem er innlánabanki á netinu. Hér er um langtíma stefnubreytingu að ræða en ekki viðbrögð við núverandi markaðsaðstæðum og undirbúningur verkefnisins var hafinn löngu áður en bandarísk undirmálslán komust í hámæli. Við höfum þróað netbanka, sem við getum opnað í mörgum löndum með tiltölulega lítilli fyrirhöfn. Við opnuðum Kaupthing Edge í Finnlandi í október og nú þegar stendur þessi afurð til boða í fimm löndum og nær til um 90 milljóna manna, en sú tala mun tvöfaldast á næstu dögum.

**Skuldatryggingarálag ekki einhlítur mælikvarði**

Nú fyrr í vikunni tilkynntum við um 1,3 milljarða evra fjármögnun á umtalsvert betri kjörum en ætla mátti að væri mögulegt að fá, miðað við svo kallað skuldatryggingarálag. Ég tel að skuldatryggingarálag bankans sé ekki í nokkru samræmi við sterka stöðu hans. Til lengri tíma litið getur jafn breitt bil og nú er á milli raunverulegrar stöðu Kaupþings banka og skuldatryggingarálags ekki haldist. Það er rekstrarárangur og fjárhagsstaða sem skiptir máli.

**Var farið of geyst?**

Það hafa nokkrir haft það á orði að bankarnir hafi farið of geyst á liðnum árum og sumir jafnvel gengið svo langt að tala um bankabólu. Sören Kierkegaard sagði að lífið væri skilið afturábak en því lifað fram á við. Því er ekki að neita að þegar litið er til baka er sitthvað sem maður hefði viljað gera öðruvísi, en það er ekkert nýtt í því, það er alltaf þannig. Menn verða hins vegar að bera gæfu til þess að læra af reynslunni.

Hins vegar ef ég lít til baka á fjárfestingar Kaupþings á ég erfitt með að sjá við höfum almennt farið of geyst í fjárfestingum okkar. Í Svíþjóð keyptum við JP Nordiska á 100 milljónir evra árið 2002. Í fyrra skilaði félagið um 25 milljóna evra hagnaði eftir skatta. Þessi kaup hafa tvímælalaust styrkt Kaupþing. Í Danmörku keyptum við FIH árið 2004 á einn milljarð evra. Síðan þá höfum við eflt félagið á alla lund. Hagnaður FIH eftir skatta á síðasta ári nam um 150 milljónum evra sem er tvöfalt meiri hagnaður en 2003. Þetta voru því einnig mjög góð kaup. Í Englandi keyptum við Singer & Friedlander árið 2005 á um 800 milljónir evra. Síðan þá höfum við endurskipulagt starfsemina og stórbætt reksturinn. Öllum er það nú ljóst að þetta voru einnig sérlega góð kaup.

Hafa verður þessar staðreyndir í huga þegar menn spyrja hvort of geyst hafi verið farið. Ég leyfi mér að efast um að staða Kaupþings væri betri nú ef við hefðum ekki keypt þessi fyrirtæki.

**Bankabóla?**

Bankarnir hafa vaxið hratt á liðnum árum og það hefur skilað miklum verðmætum inn í íslenskt samfélag, með góðri þjónustu, miklum skatttekjum og vel launuðum störfum. Ekkert bendir til þess að sú þróun sé á enda, þótt það kunni að hægja á henni um stundarsakir og jafnvel þótt komi tímabundið bakslag.

Ef rætt er um verðlagningu verðbréfa bankanna þá er enn of snemmt að segja til um hvort bóla hafi myndast eða ekki, þótt klárlega hafi einstök hlutabréf ekki staðið undir væntingum. Hvort að markaðurinn hafi almennt verið ofmetinn sést að nokkrum árum liðnum þegar meðaltals ávöxtun yfir nokkurra ára tímabil er skoðuð. Það er líka vert að hafa í huga að verðkennitölur flestra íslenskra banka hafa verið svipaðar og hjá sambærilegum bönkum erlendis og jafnvel hóflegri.

Þegar rætt er um bólur á eignamörkuðum er yfirleitt átt við að afturkast myndist á milli væntinga og verðbreytinga. Að almennar væntingar um að verðbréf hækki eða lækki leiði til þess að verðbreyting verði í samræmi við væntingarnar og fjárfestar telji sig þar með fá staðfestingu á að væntingarnar voru byggðar á traustum grunni. Við það styrkjast væntingarnar enn frekar sem aftur verður til þess að eftirspurn eða framboð eignanna eykst enn frekar, þótt undir venjulegum kringumstæðum ætti hið gagnstæða að gerast. Í almennu tali er þetta oft skýrt sem svo að verð eigna sé talað upp eða niður.

Það er mikilvægt að átta sig á að þetta ferli getur virkað í báðar áttir og ég tel að hátt skuldatryggingarálag á íslensku bankana sé neikvæð bóla. Eitt af því sem knýr hana er neikvætt tal sumra erlendra fjölmiðla og greiningaraðila. Hluti þess er drifinn áfram af erlendum keppinautum og sumt af aðilum sem hafa beinlínis hag af því að illa gangi. Vitanlega er líka að finna þarna heiðarleg skoðanaskipti og réttmætar ábendingar. Þeir eru þó ekki allir vitringar sem tala útlensku og umræðan um Ísland og Kaupþing er æði misjöfn að gæðum. Sumt tekur ekki mið af staðreyndum og ættu þeir sem þekkja stöðu mála að forðast að éta slíkt gagnrýnislaust upp.

**Aukið kynningarstarf**

Það er ánægjulegt að forsætisráðherra skuli sýna frumkvæði í að kynna stöðu efnahagsmála á Íslandi. Íslenskar fjármálastofnanir hafa allar stóraukið kynningarstarf sitt á undanförnum árum. Forsvarsmenn bankanna eiga þó enn mikið starf fyrir höndum á þeim vettvangi en ég ber fullt traust til starfsbræðra minna í því verkefni. Það kemur þó ekkert í stað góðrar afkomu, sem er hinn endanlegi mælikvarði á getu og gæði fyrirtækja, hvar í heimi sem þau eru.

*Höfundur er stjórnarformaður Kaupþings.*

HEILDSÖLU LAGERSALA
-aðeins í 5 daga!



Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum og seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði.
Mikið úval af: skíðafatnaði, útivistarfatnaði, Soft Shell peysum, golffatnaði, barnagöllum, barnaúlpum og mörgu fl.

40-80% afsláttur

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

| Verðdæmi: | verð áður | verð nú |
|---|---|---|
| 3. laga jakkar: | 29.900,- | **11.900,-** |
| Skíðabuxur: | 15.900,- | **8.900,-** |
| Skíðaúlpur | 18.900,- | **7.900,-** |
| Golfjakkar | 16.900,- | **7.900,-** |
| Útivistarjakkar | 18.900,- | **7.900,-** |
| Super Stretch peysur | 8.900,- | **3.900,-** |
| Soft Shell peysur | 14.900,- | **6.900,-** |
| Barnaúlpur | 9.900,- | **4.900,-** |

| Opnunartími: | | |
|---|---|---|
| Fimmtudagur | 6. mars | kl. 14-20 |
| Föstudagur | 7. mars | kl. 14-20 |
| Laugardagur | 8. mars | kl. 10-18 |
| Sunnudagur | 9. mars | kl. 11-18 |
| Mánudagur | 10. mars | kl. 14-20 |

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi

ZO•ON ICELAND

# MAX RAFTÆKI

# Velkomin í Holtagarða og Kauptún



## 8GB MP3

*Ótrúlega flottur hljóð- og mynd spilari með Íslensku viðmóti*

**SanDisk VIEW8GB**
8GB Sansa View MP3 spilari • 2.4" LCD litaskjár (320x240) • Spilar MP3, WMA, AAC, WAV og Audible • FM útvarp • Sýnir ljósmyndir og kvikmyndir • Með hleðslurafhlöðu • Allt að 35 tímar í tónlist og 7 í kvikmyndir • microSDHC kortalesari • Innbyggður diktafónn ofl.

Sparaðu 5.010

**19.989 kr.**
Fullt verð ~~24.999~~



## Philips fyrir iPod

**Philips MCM138D**
Glæsileg Míkró samstæða • iPod vagga fylgir til að hulsta og hlaða spilarann • FM útvarp með stöðvaminnum • Geislaspilari með MP3/WMA afspilun • Spilar CD og CD-R/RW • Klukka og vekjari • Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost • Fjarstýring • (Ath. iPod spilari fylgir ekki)

**19.989 kr.**

## 600w heimabíói



**Philips HTR5204**
600w heimabíósett • Digital magnari • 5 nettir hátalarar og bassabox • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II Decoder • Stafrænt RDS FM útvarp • Digital Coaxal og Optical inn • RCA og 6 rása inng • MP3 line in að framan ofl.

## Dúndur PAKKA TILBOÐ



## DVD

**Philips DVP3142**
Fjölkerfa DVD DivX spilari • Progressive Scan • Dolby Digital • Scart (með RGB), Component og CVBS tengi • Digital Coaxial tengi ofl.

3 DVD í pakka FYLGJA FRÍTT – að eigin vali



• 26" LCD SJÓNVARP
• 600w HEIMABÍÓSETT
• Fjölkerfa DVD SPILARI
• 3 DVD í pakka fylgja frítt!

**United LTV26W42**
26" LCD breiðtjald • 1366x768 punkta upplausn • Progressive Scan • HD Ready • 30w Nicam Stereó hljóð • 3 Scart • HDMI • Component • SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • textavarp ofl.

**97.967 kr.**
Fullt verð ~~110.989~~

*Dæmið er einfalt: Hlutirnir eru ódýrari í Max – Úrvalið ótæmandi!*

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI




# 1200 snúninga þvottavél




**5 Lenor MÝKINGAREFNI FYLGJA FRÍTT**

**5 Ariel ÞVOTTAEFNI FYLGJA FRÍTT**

**59.989kr.**

**Whirlpool AWOD4520**
1200 snúninga og 5kg þvottavél • Rafeinda/Mekanískur kerfisveljari • Hitastillir 30-95° • Hámarksvinda 1200 sn. • Tekur 5kg af þurrum þvotti • Ullarvagga • Silkiþvottakerfi • Hraðkerfi 30 mín. • Þvotthæfni A • Orkunýting A • Vinduhæfni B • Íslenskt stjórnborð • Íslenskur leiðarvísir



# Barkalaus þurrkari

**Whirlpool AWZ7465**
Tvíátta Barkalaus þurrkari • Tekur 6kg. • 2 hitastig • Kaldur blástur • Rakaskynjari með 6th Sense • Orkunýtni: C • Vatnstankur niðri • Hljóð: 69dB • Stærð í sm (bxhxd): 60x85x59,6

**59.989kr.**

# Philips ryksuga



**Philips FC8212**
1600w Ultra-compact ryksuga • 300w sogkraftur • Plastbox fylgir til að geyma ryksuguna í • HEPA filterakerfi • 6m snúra • Notar S-BAG ryksugupoka

**11.989kr.**
Fullt verð ~~13.989~~

*Lítil og nett ryksuga með vönduðum geymslukassa*



# Philips Philishave

**Philips HQ7165**
Philishave Reflex rakvél • Super Lift & Cut System - Tvö blöð, annar liftir og hitt sker fyrir nákvæman rakstur • Hægt að skola haus • Reflex action hnífar • Bartskeri • 35 mín. hleðsla • Tekur 60 mín. að hlaða

**9.989kr.**
Fullt verð ~~12.989~~




**Elna ELNA2110**
Saumavél með 15 sporgerðir • Sporval með stilliskífu • Nál stillanleg frá miðju • Innbyggð spóluvinda • 5 saumfætur og Overlock

**16.989kr.**
Fullt verð ~~19.989~~

# Hárrétt val á gjöf

**Dúndur PAKKA TILBOÐ**



## Hárblásari

## Sléttujárn

**Remington S2005**
Sléttujárn • Stillanlegur hiti upp í 230°C • Tilbúið til notkunnar á 60 sek. • Keramik plötur til tryggja öfluga og jafna hitadreifingu





**Remington D3019**
2000W hárblásari • Keramik fyrir fullkomna hitadreifingu Cool shot til að festa greiðsluna • Tveggja hita - tveir hraðar Takki fyrir kalt loft • Hitadreifari fyrir sítt hár

**Gjafasett**

**Gjafasett**




**7.987kr.**

MAX RAFTÆKI

**Dæmið er einfalt: Hlutirnir eru ódýrari í Max – Úrvalið ótæmandi!**

Tilboðin gilda til 13. 03. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

**Kusmi-te** er framleitt af Kusmi-fyrirtækinu sem var stofnað í Pétursborg árið 1867 undir nafninu P.M. Kousmichoff. Fyrirtækið var síðan flutt til Frakklands árið 1917 og nafnið stytt í Kusmi. Teið er nú fáanlegt á Íslandi og fæst í versluninni Snúðar og snældur á Selfossi.




**Súkkulaðiegg** má vel búa til heima hjá sér þó að þau verði kannski ekki jafn glæsileg og þau búðarkeyptu. Ef börn eru á heimilinu er tilvalið að gefa sér tíma með fjölskyldunni um helgina og prófa sig áfram í eggjaframleiðslu.



**Samloka** er ekki það sama og samloka. Þeim sem taka oft með sér nesti er nauðsynlegt að skipta reglulega um brauðtegundir og prófa sig áfram með álegg. Þetta á líka við um börnin og óþarfi að senda þau alltaf með sömu samlokuna í skólann.









Margrét segir að auk þess að vera bragðgóð sé súpan mjög góð við kvefi

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bragðgóð og sterk

***Margrét Ósk Marinósdóttir er hrifin af sterkum mat. Hún hræðist ekki að nota sterk krydd og það er ástæðan fyrir því að uppáhaldsrétturinn hennar er mexíkósk súpa með kjúklingi sem hún smakkaði fyrst hjá vinkonu.***

„Súpan er mjög hressandi og vinnur vel á kvefi. Nú eru margir kvefaðir og því er þessi súpa tilvalin til þess að losa aðeins um stífluð nef og styrkja auma hálsa. Súpan leikur einnig við bragðlaukana en ég tek það fram að það er hægt að stjórna styrkleika hennar,“ segir Margrét Ósk.

Innihaldið er mjög fjölbreytt og skiptir hvert hráefni miklu máli. Rétturinn inniheldur þrjá til fimm lauka og tvö til þrjú hvítlauksrif, eftir smekk, hálfan rauðan chili-pipar, flösku af tómatsafa, þrjá teninga af kjöt- og kjúklingakrafti, hálfa teskeið af kóríander, cayenne-pipar og chili-kryddi, eina teskeið af worcestershire-sósu, tvær dósir af niðursoðnum tómötum og fjórar til sex kjúklingabringur. „Ef fólk vill hafa súpuna sterkari þá bætir það við magnið á kryddinu sem er gefið upp. Ég hef stundum bætt við tómatpúrru,“ segir Margrét Ósk.

Aðferðin er þannig að tveir og hálfur lítri af vatni er settur í pott og allt hráefnið nema kjúklingabringurnar ofan í, en laukinn og hvítlaukinn þarf að steikja á pönnu áður en þeir fara í pottinn. Þetta allt er soðið á vægum hita og á meðan er gott að skera bringurnar í góða munnbita og steikja bitana á pönnu. Eftir steikinguna er bitunum komið í pottinn og allt soðið í 20 mínútur.

„Með súpunni ber ég fram sýrðan rjóma, Doritos-flögur, rifinn ost og gvakamóle. Það er mjög gott að setja sýrða rjómann og gvakamólið ofan í súpuskálina ásamt brytjuðum Doritos-flögunum. Síðan dreifi ég ostinum ofan á og læt hann bráðna í heitri súpunni,“ lýsir Margrét Ósk að lokum.

*mikael@frettabladid.is*





**Vínber** verða að rúsínum þegar þau eru þurrkuð. Ávaxtasykurinn í vínberjunum kristallast við þurrkunina svo rúsínurnar fá matta og mjölkennda áferð.

# Sósur, krydd og hugmyndir

***Asian er verslun á Suðurlandsbraut 32 sem býður upp á nokkurs konar matarferðalag um Asíu. Rekkarnir eru merktir hinum ýmsu þjóðlöndum svo auðvelt er að rata. Auk þess eru leiðsögumenn á staðnum.***



Kristinn telur Asian þá verslun á Íslandi sem auðugust sé af kryddi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við erum með vörur frá Kína, Japan, Taílandi, Filippseyjum, Srí Lanka, Víetnam, Singapúr og stóran rekka frá Indlandi. Alls um 6.000 vörutegundir og fæstar þeirra fást annars staðar á landinu. Flytjum allt inn sjálf og reynum að hafa sanngjarnt verð á vörum,“ segir Kristinn Vagnsson, einn af forsvarsmönnum verslunarinnar Asian. Hann bendir á að hægt sé að fara beint í kínverska rekkann ef matreiðsla eigi kínverskt eða japanska rekkann ef til standi að bera fram sushi. „Hér er hægt að kaupa allt í sushi á einum stað,“ segir hann.



Ferskur grænn pipar er freistandi í sósurnar.

Kristinn telur greinilega þörf fyrir svona sérverslun, bæði vegna þeirra Asíubúa sem flutt hafa til landsins og einnig Íslendinga sem æ meir tileinki sér matargerð annarra þjóða. „Við opnuðum 1. nóvember og í byrjun versluðu hér aðallega innflytjendur. Nú er meirihluti viðskiptavina Íslendingar. Við fáum ýmiss konar grænmeti og ávexti frá Asíu með flugi í hverri viku sem er notað í austurlenska matreiðslu. Seljum líka svínakjöt, kjúkling og um það bil 50 fisktegundir.“ En er ekki flókið að finna út hvað hentar með hverju? „Við reynum að hafa þetta eins skilmerkilegt og hægt er og veitum ráðgjöf enda með bæði íslenskan og taílenskan matreiðslumann í vinnu.“

Kristinn segir í bígerð að halda námskeið í asískri matreiðslu sem tólf komast á í einu. Fólk velur hvort það vill læra að elda kínverskt, japanskt, indverskt eða taílenskt. Við erum með matreiðslumeistara frá hverju landi fyrir sig. Auk leiðbeininga og uppskrifta fær fólk fróðleik um ýmis hráefni sem það er að nota, eins og kókosmjólk og chilipipar. Við erum að stíla á að fólk geti komið hingað, verslað og svo eldað fljótlegan og einfaldan mat á korteri þegar það kemur heim. Hér fær það fullt af sósum, kryddi og hugmyndum.“ *gun@frettabladid.is*




Endurfundir í miðborginni!

Er kominn tími á endurfundi hjá þínum árgangi? Veislukompaníið býður glæsilega veislusali með öllum tæknibúnaði og fyrsta flokks veisluþjónustu í hjarta borgarinnar.

IÐUSALIR

Fallegar innréttingar og fullkomin staðsetning Iðusala, í Lækjargötunni, gerir þessa tvo sali sem um ræðir að einum vinsælustu veislusölum borgarinnar. Salirnir rúma 250 manns í sæti eða 400 manns í standandi boði.

LÍDÓ

Lídó er glæsilegur nýr veislusalur sem byggir á klassískum grunni Versala, upplagður fyrir stærri hópa til að koma saman og fagna. Aðstaða er fyrir 300 manns í borðhald og yfir 500 manns í standandi boði.

VEISLUÞJÓNUSTA

Veisluþjónustan okkar er rómuð fyrir fjölbreyttar og spennandi veitingar, útbúnar af snjöllustu fagmönnum. Við sjáum til þess að veislan verði eins og þú vilt hafa hana: Ykkar ánægja er okkar markmið.

Kynntu þér þjónustu okkar og skoðaðu matseðla á www.veislukompaniid.is eða hringdu í síma 517 5020 og veislan er í höfn!

*Með kveðju,*
*Hafsteinn Egilsson*

F í t o n / S Í A





VEISLUKOMPANÍIÐ
IÐUSALIR · LÍDÓ · VEISLUÞJÓNUSTA

Lækjargötu 2a | 101 Reykjavík | s 517 5020 | www.veislukompaniid.is



Uppáhaldsdagblað þjóðarinnar – takk fyrir okkur




77% velja Fréttablaðið sem miðil að sínu skapi

71% velur Morgunblaðið, 51% velur 24 stundir




Fréttablaðið er langmest lesna dagblað landsins, það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Þar má finna skýrar og greinargóðar fréttir og kjarnyrta þjóðfélagsumræðu. Fjölbreytt og spennandi sérblöð fylgja á hverjum degi, um menningu, viðskipti, íþróttir og dægurmál. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



Allt sem þú þarft – alla daga

Samkvæmt Gæðakönnun Capacent 12.–29. október. 2007, allir 18–49 ára.




Skiltin vísa veginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Fljótlegur kínverskur réttur kominn á disk.



Í eldhúsinu er verið að undirbúa námskeið og ilmurinn ber hinni austurlensku matargerð vitni.



Drekaávöxtur er ekta sælgæti.



Piparávöxturinn skartar sínu fegursta.


ROPE YOGA

WWW.OSK.IS

Bæjarhraun 22 220 Hafnarfjörður
Veffang: rakel@osk.is
Símar: 696-2663 / 555-3536




Byrjendanámskeið hefjast
10. og 11. mars
morgun, hádegis og síðdegis tímar
Skráðu þig strax í þetta einstaka ævintýri.
Vertu hjartanlega velkomin
Rakel og Ósk

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

HÁDEGI / KVÖLD VEISLUR / FUNDIR



VEISLUSALUR

Salurinn getur tekið 140 manns í sæti og 280 manns í standandi samkvæmi. Möguleiki er að minnka salinn og brjóta hann upp á margvíslegann hátt. Auk þess er til staðar fullkomið hljóðkerfi og svið. **Tilvalið fyrir veislur, fermingar, brúðkaup, kynningar....**

DOMO

ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
+354 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS

# allt - sem þig vantar

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17**

Bílabankinn


Toyota Land Cruiser 120. Árgerð 2006, ekinn 61 þús.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Skoða skifti Bílabankinn s. 588 0700.


MMC L200 nýs. Árgerð 2007, ekinn 0 þ.km, diesel, 5 gírar. Verð 2.390.000. Bílabankinn s. 588 0700.


MMC L200 35". Árgerð 2007, ekinn 3 þ.km, diesel, 5 gírar. Verð 3.490.000. Bílabankinn s. 588 0700.


Ssangyong Kyron 2.7 diesel, 7 manna, nýr bíll. Árgerð 2008, ekinn 0 þ.km, diesel, sjálfskiptur. Verð 3.900.000. Bílabankinn s. 588 0700.


Hyundai H-1 9 manna. Árgerð 2003, ekinn 114 þ.km, diesel, sjálfskiptur. Verð 1.650.000. Bílabankinn s. 588 0700.


Infiniti FX45 4WD 45. Árgerð 2003, ekinn 46 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Bílabankinn s. 588 0700.


Dodge Caliber SXT. Árgerð 2006, ekinn 11 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Bílabankinn s. 588 0700.


Toyota Avensis Wagon Sol Turbo Diesel. Árgerð 2005, ekinn 199 þ.km, diesel, 5 gírar. Verð 1.790.000. Bílabankinn s. 588 0700.


Mazda 5 T. Árgerð 2006, ekinn 31 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 1.990.000. Bílabankinn s. 588 0700.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**www.bilabankinn.is**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR


Til Sölu Nýr Suzuki Grand Vitara Disil Luxery með öllum búnaði verð kr 3.350.000.- möguleiki á bílaláni kr 3.150.000.- og kr 200.000.- út. Skoðum skipti á ódýrari. Upplýsingar á Bílasölu Reykjavíkur 587-8888 og 860-1998.

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**


Peugeot 307 SW 1,6 HDI disel Ekinn 35 þús. km. 7 manna. Glerþak. Eyðslugrannur fjölskyldubíll. Verð: 1.890 þús.

**Sparibíll ehf**
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

100 bílar.is bílasala


M.Benz R350, árg. 2006, ek.42þús. km, Sjálfsk. Topplúga, Leður og fl. Verð 5490þús.kr.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**Einn með öllu !**
M. Benz ML 500, 2005 svartur, 304 hestöfl, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn ABS hemlar, Aksturstölva, Álfelgur, Fjarstýrðar samlæsingar, Geislaspilari, Glertopplúga, Hiti í sætum, Höfuðpúðar aftan, Innspýting, Kastarar, Leðuráklæði, Líknarbelgir, Loftkæling, Rafdrifið sæti ökumanns, Rafdrifnar rúður, Rafdrifnir speglar, Reyklaus, Samlæsingar, Smurbók, Stigbretti, Útvarp, CD, Veltistýri, Vökvastýri, Navigation og sími sem þarf bara að virkja. Ákvílandi 4.5 mill. Verð 4.990 mill. Uppl. í s.822 8166.


Mjög góður Avensis árg '99, ek 135þ, km. sjálfsk, topplúga, 2000 vél, góð naglad, ný sumard fylgja. Yfirtaka á láni + 100þús. Uppl. í s. 895 6470.


MMC L200 árg. '07. Ek. 9 þús. Ssk. 100% lán. Uppl. í s. 590 5197 & 586 2209.



Ford Expedidion Eddie Bauer árg. 2007 ekinn 39þús.km. 8 manna, DVD, topp bíll. Gott verð. Uppl. í s. 898 2811.


Honda Civic 1,8I ES fallegur bíll. Árgerð 3/'06 sjálfskiptur, ekinn aðeins 25 þús. Topplúga, Cruise, álfelgur ofl. Verð 1.990 þús. Áhv. 1.680 þús. Uppl. í síma 840 8200.


Toyota Land Cruiser 100. Einn með öllum aukabúnaði. Árgerð 2/'06 sjálfskiptur, ekinn 49 þús. Ásett verð 6.600 þús. Góður staðgreiðsluafsláttur !! Uppl. í síma 840 8200.


Vw Golf 1.6 Comfortline. Árg 09/'00. Ekinn 170 þús. Cd, filmur, álfelgur. Nýskoðaður 09". Ásett 590 þús. Fæst á yfirtöku á 400 þús. kr. láni (18.500 á mán) + 50 þús. út. Uppl. í s. 848 0944.


Rav4. 2000 cc. 06/'04. Bsk. Ek. 45 þús. Áhvíl. 800 þ. Í mjög góðu standi. V. 2.1 mil. Uppl. í s. 847 8689.


Til sölu Pajero árg. '96 ek., 170 þús., 32". Verð 500 þús. Ath. skipti. S. 692 3404.



**Ekkert út og 1. Gjaldagi í Júní.**
Toyota Yaris,Árg06,E-59Þ,5 Gíra,Cd,Airbag,Sk09,Ný Snjódekk,100% Lán,6618185


Mitsubichi L 200. 38" loftpúðafjöðrun. Ek 156 km. Fullbreyttur bíll. V. 2.100.000. Uppl í s 893 3890 eða 451 0090.


Subaru Legacy Wagon, GL 4WD 2000 Ssk. árg. 00/"06 Ek. 145 þ. ABS, álf ofl. allur nýyfirfarinn af IH. Topp eintak V. 890 þ. S. 840 3083.



33" Suzuki Sidekick sport árg. '96. Ek. 113þús. mil. Verð aðeins 390 þús. Uppl. í S: 694-4150


Corolla Vvti 1.4 nýsk. 21/06/2005 ek. 48 þ. 4 d., 5 g. bensín, bsk. Verð 1350 þ. S. 863 9480.

Honda CRV 03/2005. Ekinn 52.þús. Beinskiptur. Verð yfirtaka 1.9 þús. Sími:8451414

Subaru Legacy '97 2L. Ek. 167 þús. Heill og góður bíll. V. 190 þús. Uppl. í s. 897 9398.

Til sölu Subaru Legacy árg. '00, ssk. Ný nagladekk. Verð 400 þús. stgr. Uppl. í s. 865 7343.

Til sölu Subaru Forrester árg. '00 ek. 202 þús. Nissan Patrol árg '91 38" breyttur. Báðir sk. '09. Uppl. í s. 863 9114.

MMC Lancer árg. '91, ek. 233 þús, sjsk, sk. '08, lítur þokkalega út. V. 65 þús stgr. Uppl. í s. 660 2580.

## 0-250 þús.


Renault '96 ek. 136 þ., nýsk. '09, nýtt í bremsum, tímareim, púst og naglad. V. 130 þ. S. .697 6556.

Skoda Octavia station árg. '99, þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 693 9809.

W golf station árg '94. Dráttakrókur. Í fínu lagi. V 95 þús. Uppl í s 691 9374.

## 250-499 þús.


MMC Carisma til sölu. Ekinn 150 þ. Árgerð 1998. Ssk., rafm. rúður. Gott eintak. 280.000 kr. Uppl. í s. 770 5700.


VW Polo 1.4, árg. 1999, silfurlitur, 5dyra, ekinn 77þús. km. Ný tímareim og bremsur. Sumar/vetrardekk á felgum. Verð 350 þús. Uppl. í síma 662 8584.

Opel Corsa 99, í góðu standi skoðuð 08 350þús sími 8639513

## 500-999 þús.

Vel með farinn Skoda Octavia stasion (hvítur) Árgerð '03. 2L 116 hö. Áhvílandi lán 409 þ. Uppl. í s. 863 8615.

## 1-2 milljónir


8 manna Land Cruiser 90 VX árg.98 breyttur, ssk. sk.08 Km219þús. Verð: 1450þús. Áhv. 880þús S: 8650046


YFIRTAKA: VolvoS40 árg04 sk.09 ekinn79þús ssk. leður,rafmagn,ný dekk. Áhv.1730þús mángr.33þús. S:8650046


03 árg. ekinn 90þ einkar vel farinn mjög áreiðanlegur. nýjar bremsur. 2 gangar af dekkjum á álfelgum fylgja. fæst á yfirtöku afb.25þ á mán. uppl í s8677552 Agnar

## 2 milljónir +


Lexus is 250, árg. 08/2007, ekinn 1þ. Einn með öllu, topp bill. Verð 4850þ. lán 4000þ. Uppl. í s. 698 4945.

**Landcruiser 100 VX Tilboð!!**
Árg. '02 Ek. 81 þ. Búinn í 90 þús. Skoðun. Mjög gott eintak. Ásett V. 3 mil. S. 898 1779.

## Bílar óskast

Námsmaður óskar eftir bíl á bilinu 50-80 þ. helst skoðaðan, skoða allt. S. 846 3214.

Óska eftir bíl á 0-100 þ. ekki eldri en '96. Má þarfnast lagfæringar. S. 691 9374.

Óska eftir þokkalegum bíl á 50 þús. Uppl. í s. 863 8773.

## Jeppar


Ford 150 lariat 2005 ek. 50 þ. km. 35" dekk allt rafdrifið. Fæst á yfirtöku láns 3 mil. kr. Skoða skipti á ódýrari jeppa uppl. s. 699 4702


Nýr Toyota LC120 2008 model 38" breyttur til sölu, 4,88 drifhlutföll, læsingar framan og aftan filmur dráttabeisli ofl verð 7,490þ uppl 894-4144


Volvo XC90, diesel, '07, ek. 46 þús. Úrvals umboðsbill í ábyrgð. M/ öllu. Tilboð / skipti. Uppl. í síma 660 1000.


Toyota Land Cruiser. Felgur og dekk (Sumar) undan árg. 2007. Verð 75 þ. Uppl. í s. 849 3440.


Til sölu er Pajero V6 3000 breyttur á 39,5" iROK. Ríkulega búinn aukahl. Uppl. í s. 661 7595.


Til sölu LR. Disco 98 diesel 33" ek. 168 þ. Góður bíll. ljósgr. Bein sala 990 þús. S. 840 7423.

## Pallbílar


Ford F350 King Ranch árg. '05 ekinn 54.000 km. Vsk. bíll á venjulegum númerum með öllum hugsanlegum aukabúnaði, 35" vetrardekk á felgum, pallhús, ofl. Verð 2,990,000,- + vsk. S. 861 1777.

## Sendibílar

Benz Vito 115 árg. '05 ek. 122 þús., 6 gíra. Verð 1450 þús. + vsk. Uppl. í s. 820 3880.

## Hópferðabílar

Til sölu M.Benz Sprinter árg. '05. 20+1 sæti. Uppl. í s. 696 9915.

## Vörubílar

Man 26-403 árg. '96 400 hö., færanlegur stóll, Sturtugír. Ek. 350 þús.km. Verð 1800 þús. + vsk. Uppl. í s. 897 4164 & 659 9199.

# FÖSTUDAGUR

7. MARS 2008
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS



## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Nína Björk Gunnarsdóttir ljósmyndari.*

„Ég ætla nú bara að vinna um helgina. Á laugardag er sýning hjá Eskimo-models. Ég er að kenna stelpum á fyrirsætu- og framkomunámskeiðum þar og í lok hvers námskeiðs er haldin tískusýning. Á sunnudaginn er ég svo með fermingarmyndatöku þannig að ég ætla ekkert að kíkja út á lífið – bara hafa það gott og vinna.“



# Jákvæð föt á landann



BORGHILDUR ÍNA



Borghildur Ína Sölvadóttir vann hönnunarkeppni Hagkaupa árið 2007. Í dag kemur línan í verslanir en hún er sérstök að því leytinu til að á flíkurnar eru prentuð jákvæð orð. Borghildur, sem er á öðru ári í grafískri hönnun í Listaháskólanum, segir að hún hafi byrjað á að gera línu með neikvæðum orðum en hafi svo skipt algerlega um gír. „Hugmyndin kviknaði þegar ég var að gera verkefni í skólanum, en fatalínan var hálfgerð pirringslína,“ segir Borghildur og segir að henni hafi svo fundist ákaflega leiðinlegt að vera svona neikvæð að hún hafi ákveðið að skipta um gír. „Mig langaði frekar að nota jákvæð orð og svo er íslenskan svo falleg og heillandi að mér fannst ég verða að nota hana.“ Finnst þér Íslendingar vera of neikvæðir? „Ég veit það nú ekki. En mig langaði til að vekja fólk til umhugsunar þegar það rækist á manneskju í bol með hressilegum og jákvæðum orðum,“ segir hún. Fatalína Borghildar Ínu er öll úr bómullarefni með örlítilli teygju. Hún segir að þetta séu skvísuleg heimaföt sem þrengi alls ekki að en séu samt klæðileg.

„Þetta eru svona smart heimaföt.“

*martamaria@frettabladid.is*

## fréttir



Hjónin Árni Þór Vigfússon og Marikó Margrét Ragnarsdóttir stefna að því að flytja til Svíþjóðar næsta sumar. Árni Þór hefur starfað sjálfstætt í afþreyingariðnaðinum síðan hann hætti sem sjónvarpsstjóri á Sirkus en nú segja sögusagnir að hann ætli að fara að vinna meira með viðskiptafélaga sínum, Kristjáni Ra, sem hefur verið búsettur í Svíþjóð síðustu mánuði. Hyggjast þeir félagar vinna við leikhúsbransann en allar sýningar sem þeir hafa sett upp hafa náð miklum vinsældum. Ekki fylgir þó sögunni hvað Marikó Margrét ætlar að taka sér fyrir hendur en hún er viðskiptafræðingur að mennt og starfar sem verkefnastjóri á auglýsingastofunni Johnson og Lemacks.

### Margt í gangi

Ofurbloggarinn og fyrrverandi sjónvarpsþulan, Ellý Ármanns, hefur mörg járn í eldinum þótt hún sé hætt með Sviðsljós á mbl.is. Sögusagnir herma að Ellý sitji sveitt við að endurvekja vefinn sinn, Spámaður.is sem hefur legið í dvala um nokkurt skeið. Hann var feikivinsæll fyrir nokkrum árum en það var löngu áður en þjóðin vissi að Ellý sæi fram í tímann. Það er þó ekki það eina sem Ellý er að fást við þessa dagana því lítill fugl hvíslaði því að Föstudegi að hún væri að vinna að eigin sjónvarpsþætti. Nú bíðum við bara spennt í hvaða stellingar Ellý ætlar að setja sig í en ef við þekkjum Ellý rétt þá verður þetta eitthvað krafsandi.



FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
Freyr Bjarnason
*fb@frettabladid.is*
Sunna Dís Másdóttir
*sunna@frettabladid.is*
**Forsíðumynd** Stefán Karlsson
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Guðný Gunnlaugsdóttir
*gunnyg@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000

*Ríku konurnar flykkjast í fjáröflunarkvöldverð Unifem*

# Miðinn kostar 70 þúsund og enginn fær frítt

Vikuna 1.-8. mars hefur Fiðrildavikan staðið yfir en henni var hrint af stað til að vekja athygli á ofbeldi gegn konum í þróunarlöndum og á stríðshrjáðum svæðum. Unifem á Íslandi á heiðurinn að vikunni en henni mun formlega ljúka á morgun með glæsilegum galakvöldverði í Frímúrarahöllinni. Þetta er eflaust í eina skiptið sem konur fá að valsa karlmannslausar um Frímúrarahöllina því nærveru þeirra er yfirleitt ekki óskað í höllinni nema á árlegum jólaböllum frímúraranna. Það sem hefur vakið athygli er að miðinn á galakvöldverðinn kostar 70 þúsund krónur og því ekki á færi allra að kaupa miða. Ef marka má galakvöldverð Unifem er þó engin kreppa hjá kvenpeningnum í landinu því uppselt er í boðið en salurinn tekur um 800 manns í sæti. Það er þó ekki nóg að borga 70 þúsund krónur fyrir miðann því konurnar þurfa að mæta í hvítum fötum og þurfa að bera eitthvað sem minnir á fiðrildi. Markmiðið er að blaka vængjum og búa til ævintýralega stemningu. Á Fiðrildahátíðinni verður utanríkisráðherra Líberíu gestastjarna en margir frábærir listamenn munu skemmta konunum og svo verður uppboð á munum til að safna enn þá meiri peningum til að senda til þeirra sem minna mega sín. Aðalskipuleggjandinn að Fiðrildahátíðinni er Elínrós Líndal blaðamaður og er Kristín Ólafsdóttir kvikmyndagerðarkona verndari samtakanna. Það má því búast við stjörnufansi í Frímúrarahöllinni en Föstudagur hefur heimildir fyrir því að meðal annarra muni þær Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir, Þóra Hallgrímsdóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi, Sigríður Snævarr, Helga Sverrisdóttir, Þórunn Guðmundsdóttir lögmaður og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra mæta.



FRÍMÚRARAHÖLLIN



INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR



KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR



ELÍN RÓS LÍNDAL

# Andri Már gerir það gott í Svíþjóð

Ferðamálafrömuðurinn Andri Már Ingólfsson gerir það heldur betur gott þessa dagana. Ferðaskrifstofan Solresor, sem tilheyrir fyrirtæki hans, Primera Travel Group, var á dögunum valin besta ferðaskrifstofan í Svíþjóð, þriðja árið í röð. Auk hennar á Primera Travel Group ferðaskrifstofur í Danmörku, Noregi og Finnlandi, en hér á landi ferðaskrifstofurnar Heimsferðir og Terra Nova. Sænska skrifstofan Solresor skilaði methagnaði á síðasta ári, en þá fór hún að bjóða upp á ferðir til Kerala á Indlandi, Tíbet, Hawaii og Sikileyjar svo eitthvað sé nefnt. Það eru þó ekki sólbrúnir Kerala-farar sem greiða atkvæði í kosningunni heldur fimm hundruð fagmenn úr ferðabransanum í Svíþjóð.

Andri Már hefur verið heldur betur áberandi í ferðabransanum á liðnum árum, en hann var valinn markaðsmaður ársins 2007 af Ímark, og maður ársins í íslensku atvinnulífi af dómnefnd Frjálsrar verslunar sama ár. Auk Primera Travel Group, sem Andri á einn og sjálfur, á hann 80 prósenta hlut í flugfélaginu Jetx – Primera Air og fyrirtækið Heimshótel, sem festi kaup á gamla Eimskipafélagshúsinu þar sem Hótel Radisson SAS 1919 er nú starfrækt.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FERÐAMÁLAFRÖMUÐUR** Ferðaskrifstofan Solresor, sem tilheyrir Primera Travel Group, og Andri Már Ingólfsson á einn og sjálfur, var valin besta ferðaskrifstofan í Svíþjóð þriðja árið í röð.




Afborgun 2.000 kr./mán. í 12 mán. greidd með kreditkorti og mánaðarlegur reikningur í áskrift. Greiðsludreifingargjald 150 kr. á mánuði.

# Mary J. Blige í íslenskri náttúru

Tökum á nýju myndbandi bandarísku söngkonunnar Mary J. Blige er nýlokið hér á landi. Leikstjóri er hinn margverðlaunaði Hype Williams sem hefur tekið upp myndbönd með öllum helstu röppurum heims, þar á meðal Kanye West, Puff Daddy, Busta Rhymes, Jay-Z og Kelis. Fékk hann fyrir tveimur árum heiðursverðlaun MTV fyrir framlag sitt til tónlistarheimsins. „Hann er svakalega virtur myndbandaleikstjóri og hefur líka gert auglýsingar. Allir blökkutónlistarmenn sem hafa eitthvað látið að sér kveða hafa unnið með honum," segir Einar Sveinn Þórðarson hjá fyrirtækinu Pegasus, sem annaðist framleiðsluna hér heima.



**MARY J. BLIGE** Nýjasta myndband Mary J. Blige var að hluta til tekið upp hér á landi.

Tökurnar fóru aðallega fram í kringum Öræfajökul og voru að mestu teknar upp úr þyrlu. Blige sjálf kom ekki hingað vegna myndbandsins og verður hennar hluti tekinn upp síðar meir úti í Bandaríkjunum. „Hann var rosalega hrifinn og vill mögulega gera meira hérna," segir Einar Sveinn um Hype. Tökurnar stóðu yfir í tvo daga en hugsanlegt er að fleiri tökum verði bætt við á Grænlandi á næstunni áður en myndbandið verður fullklárað.

Mary J. Blige er ein vinsælasta R&B-söngkona heims. Hún hefur gefið út átta sólóplötur og hafa þær selst í yfir fjörutíu milljónum eintaka.

- fb

# Sláðu upp veislu á fimm mínútum

Í næstu viku kemur splunkunýr pottréttur á markað frá Móður náttúru. Hann heitir Cazuela sem þýðir einfaldlega pottréttur. Rétturinn smakkast dásamlega og ættu allir sem hafa unun af grænmetisréttum að prófa þennan spennandi rétt en hann er ættaður frá Mexíkó. Rétturinn kemur algerlega tilbúinn og það eina sem þarf að gera er að hita hann upp.



*Íslenskur skartgripahönnuður slær í gegn úti í heimi*

# Innblásturinn kemur á ferðalögum

Skartgripahönnuðurinn Sif Jakobs hefur getið sér gott orð sem hönnuður í Skandinavíu og fleiri löndum. Hún nam gullsmíði í Svíþjóð en þaðan útskrifaðist hún árið 2000. Þaðan lá leiðin til Kaupmannahafnar og þar fór boltinn að rúlla fyrir alvöru. „Ég fór að vinna hjá skartgripafyrirtækinu Unodomani, sem var þá á byrjunarreit og með aðsetur í Danmörku. Ég sá um hönnun skartgripalína, framleiðslu, markaðssetningu og sölufólk. Eftir tvö ár var ég farin fylgjast með daglegum rekstri fyrirtækisins. Ég stóð að kynningum og sölusýningum víðs vegar um heiminn fyrir hönd Unodomani, meðal annars í Danmörku, Svíþjóð, Þýskalandi, Bandaríkjunum og Hong Kong svo eitthvað sé nefnt. Eftir að við höfðum opnað Unodomani á Ítalíu og ég haft aðsetur þar í þó nokkurn tíma, langaði mig aftur til Kaupmannahafnar," segir Sif. Aðstæðurnar breyttust hjá henni og hún ákvað að láta drauminn sinn rætast og hóf eigin rekstur. Í dag hannar hún tvær línur undir eigin nafni. Annars vegar Resin Collection og hins vegar By Sif Jakobs. Sú síðarnefnda er úr silfri og mjög stílhrein. Í henni eru hringir, armbönd, eyrnalokkar og hálsmen með Zirkonia- og Swarovskisteinum og húðað með hvítagullshúð. Resin-línan er úr samnefndu efni og endurspeglar tískuna eins og hún er í dag. Til að krydda hana notar Sif Swarovski-steina. Skartgripirnir eru framleiddir á Ítalíu, Kóreu og Kína. „Ég hef fengið mjög góðar móttökur, betri en ég átti von á, sérstaklega á Íslandi og í Beneluxlöndum," segir hún en skartgripir hennar eru seldir í Leonard-verslunum.



**SIF JAKOBS**



Þegar hún er spurð út í innblásturinn segir hún að hann komi oftast þegar hún ferðast um heiminn.

„Ég fæ mikinn innblástur á ferðalögum mínum, kynnist ólíkum menningarheimum. Fólk, náttúran og arkitektúr á hug minn allan," segir Sif en hún er þó ekki eingöngu í skartgripum því hún hefur líka hannað fyrir Margit Brandt sem er mjög þekktur danskur hönnuður. Þar hefur hún hannað hnífapör í samstarfi með Margit. „MB Cutlery - Stainless steel hnífapör eru smart og elegant en með rómantísku ívafi. Þau eru nú þegar komin á markað víðs vegar um heiminn en á Íslandi eru þau seld í versluninni Heimili og hugmyndir og Valrós á Akureyri," segir hún. Fram undan eru spennandi tímar hjá Sif en hún er að vinna að því að stækka fyrirtækið. „Við erum á fullu við að hanna línu fyrir stórt skartgripafyrirtæki í Kína. Fyrsta línan verður kynnt næsta sumar í Kína." Þegar hún er spurð að því hvort það sé ekki erfitt að koma sér á framfæri úti í hinum stóra heimi segir hún svo ekki vera. „Ef þú ert með góða og fallega vöru og góð sambönd þá eru allir vegir færir."

*martamaria@356.is*


# Skífulistinn topp 20

Vinsælustu titlarnir

## VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Ýmsir | – | LAUGARDAGSLÖGIN 2008 |
| 2 | Ýmsir | – | Femin 2008 |
| 3 | Lay Low | – | Ökutímar - tónlist úr leikriti |
| 4 | Hjálmar | – | Ferðasót |
| 5 | Mugison | – | Mugiboogie |
| 6 | Jack Johnson | ↑ | Sleep Through The Static |
| 7 | Creedence Clearwater | ↑ | Chronicle: 20 Greatest Hits |
| 8 | Amy Winehouse | A | Back To Black |
| 9 | Leona Lewis | ↓ | Spirit |
| 10 | James Blunt | A | All The Lost Souls |
| 11 | Cat Stevens | ↑ | The Very Best Of |
| 12 | Ýmsir | A | Pottþétt 45 |
| 13 | Páll Óskar | ↓ | Allt fyrir ástina |
| 14 | Johnny Cash | A | Ring Of Fire: Legend Of Johnny |
| 15 | Sigur Rós | ↑ | Hvarf / Heima 2cd |
| 16 | Bloodgroup | A | Sticky Situation |
| 17 | Radiohead | ↓ | In Rainbows |
| 18 | Led Zeppelin | A | Mothership 2CD+DVD |
| 19 | Eric Clapton | A | Complete Clapton 2CD |
| 20 | Poetrix | ↓ | Fyrir Lengra komna |

## VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Næturvaktin |
| 2 | Ratatouille |
| 3 | Nancy Drew: The Mystery |
| 4 | 300 |
| 5 | Doddi þættir 1-8 |
| 6 | Superbad |
| 7 | Meet the Robinsons |
| 8 | Hákarlabeita |
| 9 | Grettir í Raun |
| 10 | The Secret - íslenskt |
| 11 | Skoppa og Skrítla 2 |
| 12 | Mýrin |
| 13 | Bourne Ultimatum |
| 14 | Köld Slóð |
| 15 | Harry Potter the Order of Phoenix |
| 16 | Shoot'em Up |
| 17 | Doddi þættir 1-8 |
| 18 | Mr. Brooks |
| 19 | High School Musical 1 |
| 20 | Simpsons The Movie |

Listinn gildir 1-7. Mars 2008



Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

S·K·Í·F·A·N

ROLF
BENZ





UPPLIFÐU **ROLF BENZ**

Reykjavík / Oslo

exó

Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is

# fatastíllinn

*Alda B. Guðjónsdóttir stílisti*

## ENDURKOMA BARBAPABBA

Mikil Barbapabbadella hefur gripið um sig hjá þjóðinni. Ef einhver heldur að Barbapabbi sé bara fyrir smákrakka þá er það alger misskilningur. Þeir sem vilja meiri kærleika og hlýju inn í líf sitt ættu að huga að því að fjárfesta í Barbapabba-lömpum eða öðru Barbapabbadóti, lesa bækurnar um hann fyrir börnin og tileinka sér hans lífsmottó. Þá fyrst yrði gott að vera til.



# Mætti eins og Boy George í skólann

Alda B. Guðjónsdóttir er einn af eftirsóttustu stílistum landsins.

**Getur þú lýst þínum fatastíl?** „Erfitt að segja það, held að aðrir séu betri í að segja til um það. Kannski er hann tilviljanakenndur.“

**Hvað hefur þú í huga þegar þú kaupir þér föt?** „Að ég muni nota þau oftar en einu sinni og að ég fíli mig í þeim.“

**Hvað þurfa föt að hafa til að þú heillist af þeim?** „Smáatriði og notagildi, þau þurfa samt ekki að lifa að eilífu.“

**Finnst þér gaman að klæða þig upp?** „Já, það kemur þó aðallega fyrir þegar ég fer eitthvað út. Ég nenni oftast ekki að dressa mig sérlega fyrir vinnuna.“

**Uppáhaldshönnuður?** „John Galliano, ekki spurning, maðurinn er snillingur. Fast á hæla honum kemur Alexander McQueen. Ég á samt ekki flík frá þeim, flest fötin mín eru frá Bernhard Willhelm og Marjan Pejoski.

**Mest notaða flíkin?** „Gallabuxur. Á einar Levi's-buxur sem ég hef notað „nonstop“ í fimm ár.“

**Kaupir þú mikið af fötum?** „Allt of mikið, eins gott að ég á ekki mann.“

**Mestu tískumistökin?** „Þau voru nú mörg þegar maður var ungur. Ég mætti til dæmis í skólann klædd eins og Boy George þegar ég var 12 ára og svo nokkrum sinnum í Duran Duran-dressum. Þetta var alger klikkun en amma var saumakona og reddaði málunum.“

**Hver eru mestu tískumistök sem fólk gerir?** „Mestu mistök fólks eru að elta tískuna en ekki velja eftir sínum eigin smekk. Maður verður að vera samkvæmur sjálfum sér í vali á fatnaði og auðvitað öllu sem maður kemur nálægt.“

**Í hvað myndir þú aldrei fara?** „Guð minn góður, það er svo margt.“

**Uppáhaldslitur?** „Svartur, blár og fjólublár.“

**Hvernig föt gera þig glaða?** „Engin sérstök föt, þetta er meira svona þegar ég fer í búð og kaupi eitthvað til að bæta skapið.“

*martamaria@365.is*

















**1** Þessi skyrta er keypt í London og er í miklu uppáhaldi.

**2** Mest notuðu buxurnar í fataskápnum hennar Öldu. Þær notar hún nær daglega. Hún keypti þær í Bask.

**3** Hettupeysuna notar hún nánast daglega.

**4** Skvísukjóllinn sem fær oft að fara með á bari. Hann er úr Urban Outfitters.

**5** Þessar buxur notar Alda þegar hún fer á bar.

**6** Gætu verið buxur á vélmenni en Alda fílar þær vel en hún fékk þær í Seven í New York.

**7** Hermannajakkinn er búinn að fylgja henni lengi.

NeoStrata®

BÓLURNAR BURT!
Frísklegri og fallegri húð

NeoStrata húðvörur eru hágæðaframleiðsla. Þær eru þróaðar af húðlæknum og framleiddar eftir ströngustu gæðakröfum. Húðvörurnar eru ekki prófaðar á dýrum, innihalda hvorki ilmefni né lit og eru ofnæmisprófaðar.

NeoStrata



icepharma Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 · Fax 540 8001 · www.icepharma.is

## PANTON REDDAR MÁLUNUM

Ef þig vantar fallega borðstofustóla og ert alveg lens þá skaltu kíkja í Saltfélagið á hönnun Verner Panton. Stólarnir koma í allmörgum litum, bæði mattir og glansandi og eru ótrúlega þægilegir. Ekki skemmir útlitið fyrir því þeir eru undurfagrir og smart. Stólarnir eru líka til í barnastærð og því geta allir fjölskyldumeðlimir notið sín í þessari klassahönnun. Farðu svo í Góða hirðinn og finndu þér gamalt borðstofuborð og lakkaðu það í fallegum lit. Þarf að biðja um eitthvað meira?



Hönnun Verners Panton er klassísk.


Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
Viltu stinnari líkama
á aðeins 4 vikum ?
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...
SLENDERTONE System-Shorts
SLENDERTONE System-Abs
SLENDERTONE System-Abs
SLENDERTONE System-Arms
SLENDERTONE System-Mini
SLENDERTONE
SLENDERTONE System Controller
pakki 1
Slendertone belti
+ buxur eða pils
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 29.925.-
pakki 2
Slendertone belti
+ armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 26.970.-
pakki 3
Slendertone buxur
eða pils + armar
þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 29.925.-
pakki 4
Tilboðsverð fyrir dömur
- alhliða pakki
Slendertone belti
+ buxur eða pils + armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 35.985.-
nuddtæki
6 nuddkerfi
· Kneading Massage
· Swedish Massage
· Shiatsu Massage
· Deep Tissue Massage
· Athletes Massage
· Power Massage
Slökun - vellíðan - innri ró
verð kr. 14.985
SLENDERTONE™
System belti
fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
Kviðvöðvar/herra
Kviðvöðvar/dömu
Rass og læri
Upphandleggsvöðvar
Eitt stjórntæki með hleðslubatterí, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System
SLENDERTONE System
Tími til að líta vel út ...!
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sendum í póstkröfu

*Hlynur Áskelsson, eða CERES4, er meðlimur í Mercedez Club. Líf hans er eins og þéttsetin stundaskrá og hann á auðvelt með að fara úr einu hlutverki í annað. Fyrir utan það að vera í hljómsveitinni er hann sérkennari í Öskjuhlíðarskóla og fótboltaþjálfari. Í viðtali við Bergþóru Magnúsdóttur ræðir hann um bernskuna, bókaskrif og brúnkusmurningar.*

# Skammast sín ekki fyrir neitt



Ég vil leggja áherslu á það að hljómsveitin Mercedez Club er ekkert hnakkaband. Hljómsveitin er eitt það mesta pönk sem ég hef komist í kynni við fram til þessa,“ segir Hlynur Áskelsson, betur þekktur sem tónlistarmaðurinn CERES4. Þátttaka hans í atriðinu kom mörgum á óvart þar sem appelsínugult litarhaft, dúndrandi teknótaktur og glimmersprengingar hafa ekki einkennt tónlistarflutning hans hingað til. „Hugmyndafræði pönksins er að raska og rugga ríkjandi gildum og viðmiðum en það var nákvæmlega það sem við gerðum með Ho ho ho we say hey hey hey. En að mínu mati breytti það innlegg Laugardagslögunum til hins betra þar sem keppnin var frekar flöt áður en við komum að henni,“ segir CERES4 en það má með sanni segja að brúnkusmurðir kroppar hljómsveitarinnar hafi unnið hug og hjörtu landsmanna miðað við þær frábæru viðtökur sem lagið fékk. Brúnkuna fékk þó CERES4 ekki í vöggugjöf enda kríthvítur Íslendingur í húð og hár. „Eftir fyrstu upptöku á æfingu í sjónvarpssal var deginum ljósara að það þyrfti að gera eitthvað við mig. Ég féll ekki alveg inn í hópinn og var eins og rækja á litinn við hliðina á hinum meðlimum bandsins. Mér var með það sama skellt í hendurnar á sjálfum Gaz Man sem tókst að breyta mér í Indverja enda með BA-próf í brúnkufræðum,“ segir CERES4 og tekur það fram að brúnkukremið hafi verið nauðsynlegt til að fullkomna heildarútlitið á bandinu. „Ég er mjög týndur í öllum skilgreiningum á fólki og veit varla hvað fellur undir það að vera kallaður hnakki,“ segir CERES4 sem átti þó ekki sín jómfrúarkynni af hnökkum Íslands nú í forkeppni Eurovision en hann og Ásgeir Kolbeinsson, oft kallaður yfirhnakki Íslands, unnu saman á sínum tíma. „Mér líður vel með þessum strákum enda er varla hægt að hugsa sér skemmtilegri félagsskap. Gillz, Gaz Man og Party Hanz eru harðduglegir, heilbrigðir og uppátækjasamir og að mörgu leyti ekkert ólíkir mér hvað það varðar en eins og sagt er þá sækir líkur líkan heim,“ segir CERES4 og bætir því við að hann sjái ekkert athugavert við það að lita á sér hárið eða smyrja sig með brúnkukremi ef tilgangurinn helgar meðalið.

**Tekinn?**

„Ég fékk símtal frá Valla Sport, umboðsmanni Mercedez Club, á þriðjudagskvöldi, fjórum dögum fyrir sjálfa undankeppnina, þar sem hann spurði mig einfaldlega hvort ég væri til í að vera með í lagi Barða Jóhannssonar,“ upplýsir CERES4 um aðdragandann að þátttöku sinni í keppninni en á þeim tímapunkti var lagið ekki fullklárað. „Ég spurði hvort hann væri að grínast í mér. Grafalvarlegur svaraði hann nei og boðaði mig í upptökuver í Kópavogi kvöldið eftir klukkan átta. Rétt áður en ég lagði af stað fékk ég símtal frá Barða þar sem hann seinkaði upptökunum til klukkan tíu og síðan aftur til tólf á miðnætti. Á þeirri stundu var ég sannfærður um það að hann væri að fíflast með mig,“ segir CERES4 sem mætti þar af leiðandi frekar afslappaður í upptökuna og bjóst við að vera enn eitt fórnarlambið í þætti Auðuns Blöndal, Tekinn. „Til að byrja með var ég látinn telja upp að tíu á þýsku, öskra Pump up the base, Move og hardcore. Ég var allan tímann að reyna að finna út hvar falda myndavélin væri og beið eftir að heyra æpt TEKINN! En allt kom fyrir ekki.“ Tveimur dögum seinna fékk hann að heyra útkomuna á laginu sem var svo sannarlega ekkert plat og hvað þá viðtökurnar sem lagið og hljómsveitin Mercedez Club fékk. „Í síðustu viku spiluðum við í Digranesskóla, gamla skólanum hans Gillz, þar sem 130 unglingar öskruðu næstum rúðurnar úr húsinu af æsingi. Daginn eftir spiluðum við uppi í Öskjuhlíðarskóla og þar var hamagangurinn engu minni, ég bara roðnaði í gegnum brúnkukremið,“ segir CERES4 en öðrum eins móttökum hefur hann ekki kynnst áður. „Það er óneitanlega gaman að sjá og upplifa hvað við höfum hreyft við mörgum en það er einmitt það sem listin gengur út á,“ bætir CERES4 við en í burðarliðnum er plata með Mercedez Club þar sem Barði mun sjá um listræna stjórnun og lagasmíðar.

*Morgunmatur:* Ég byrja morguninn alltaf á einu hráu eggi, einni matskeið af lýsi og tveimur ávöxtum.

*Maturinn:* Lambakjöt og harðfiskur með smjöri.

*Besta líkamsræktin:* Að fara út að hlaupa, helst í rigningu og mótvindi.

*Áhugamál:* Fótbolti, skriftir, heilbrigt líferni, uppeldi, tónlist og sagnfræði.

*Skemmtun:* Ég elska að æfa og dansa.

*Borgin:* Berlín er geðveik, suðupottur 20. aldarinnar og fæðingarstaður kalda stríðsins. Ég fór þangað fyrir tveimur árum og fílaði mig í botn. Hef pottþétt verið þar áður.

*Lífsmóttó:* Farðu vel með þig. Gefðu af þér og gefðu þér og þínum tíma.

*Eftir tíu ár:* Ég verð að spila með Mercedez Club á öllum stærstu teknó-hátíðum Þýskalands og víðar í Austur-Evrópu.

**Eins og fjórtán hjóla trukkur**

Hlynur viðurkennir að það hafi verið vonbrigði að lenda í öðru sæti. „En þegar horft er á heildarmyndina verður það að teljast frábær árangur að hafa lent í öðru sæti. Við erum komin með plötusamning og bókuð fram í tímann og það verða að teljast forréttindi,“ segir Hlynur sem er keppnismaður fram í fingurgóma. „Ég hef sjálfur gefið út þrjá geisladiska og hef þurft að berjast fyrir því að koma þeim á koppinn. Allt frá því að fjármagna þá, halda tónleika, fá hillupláss í plötubúðum og útvarpsspilun. Ég er því afar þakklátur fyrir stöðuna sem við erum í í dag,“ bætir hann við og þakkar það m.a. kraftmiklum anda hljómsveitarinnar enda er þar valinn maður í hverri stöðu. „Þetta er hópur sem er tilbúinn að leggja á sig mikla vinnu. Oft á tíðum virkar hljómsveitarbransinn þannig að einhver einn dregur vagninn en Mercedez Club er aftur eins og fjórtán hjóla trukkur með drif á öllum.“

Hreysti og vöðvamassi hljómsveitarmeðlima hefur ekki farið framhjá neinum og þar gefur CERES4 ekkert eftir en frá því hann man eftir sér hefur hann alltaf viljað vera léttur, sterkur og frár á fæti. „Ég var alinn upp við hollt mataræði og heilbrigði og það hefur fylgt mér alla tíð. Ég er kominn af mjög sterku og dugmiklu fólki sem dáið hefur í hárri elli á tíræðisaldri og þannig er ég sjálfur. Ég er harður við sjálfan mig, ósérhlífinn og hef komist þangað sem ég er í dag á sjálfshörkunni í bland við skynsemi,“ segir CERES4 og ítrekar að þegar á móti blási þá fyrst fari hann að njóta sín fyrir alvöru.

Foreldrar Hlyns áttu hann ung að árum en þau eru einungis 20 árum eldri en hann. „Á sínum tíma voru þau ung og blönk eins og annað fólk á leið út í lífið en gerðu gott úr því sem þau höfðu úr að moða og hafa verið mér góð fyrirmynd í lífinu,“ segir Hlynur og er þakklátur fyrir að hafa verið alinn upp við nýtni og nægjusemi. „Ég þurfti að hafa fyrir öllu í uppvextinum og gera gott úr því sem ég hafði en það hefur gert líf mitt jafn gott og það er í dag. Ég þarf ekki að eiga það nýjasta og flottasta hverju sinni til að vera ham-




Biotta Trönuberjasafi
*Frábær fyrir þvagrásina og blöðruna!*
heilsa
–hafðu það gott





# útivera & heilsa

FÖSTUDAGUR 7. MARS 2008




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






Innstalag úr ull er gott á veturna.

Á sumrin þarf líka innstalag. Ýmist þunna ull eða flís.



Miðlag má fjarlægja við ofhitnun. Í góðu veðri á sumrin getur það verið ystalag.



Vatns- og vindþétt ystalag með góðri hettu.



Hlífðarfatnaður fyrir íslenskar aðstæður notður yst.

# Réttar flíkur þegar allra veðra er von

**Íslenskt veðurfar er bæði heillandi og óútreiknanlegt. Náttúran býður upp á ótal ævintýri og þá borgar sig að klæða sig rétt.**

Góður útivistarfatnaður veitir góða einangrun gegn kulda. Hleypir raka í gegn og er hæfilega víður til að koma í veg fyrir ofhitnun og of mikla svitamyndun. Auk þess er mikilvægt að hefta ekki hreyfingu. Mörg lög af þunnum flíkum veita meiri einangrun en fá þykk. Þetta er vegna hitamyndunar milli laga.

Líkamshitanum má stjórna með því að bæta við eða fjarlægja lög, renna eða hneppa frá. Það fer eftir aðstæðum og árstíð hversu mörgum lögum er best að klæðast.

## INNSTA LAG EÐA GRUNNLAG

Innsta lagið sem þú fer næst þér, grunnlagið, hefur þann tilgang að halda húðinni þurri. Rök húð kólnar hraðar en þurr. Nærbolurinn verður að vera úr efni sem drekkur í sig svita og veitir honum frá húðinni, þ.e. flytur hann að ytra lagi efnisins þar sem hann gufar upp. Best er að vera í þunnum síðerma toppi úr ull, ullarblöndu eða flís. Bolurinn verður að vera síður svo hann dragist ekki upp úr buxunum. Gott er að velja grunnlag með flötum saumum til að koma í veg fyrir húðertingu.

## MIÐLAG EÐA VARMALAG

Miðlag eða varmalag myndar loftmikið lag sem veitir góða einangrun. Miðlagið þarf einnig að taka við raka frá innsta laginu. Annaðhvort veita honum í burtu eða draga hann í sig án þess að missa einangrunargildi. Þetta lag ætti að vera hæfilega vítt en falla vel að hálsi og úlnliðum þar sem er blóðstreymi og hætta á hitatapi. Algengasta miðlagið er flíspeysa. Á göngu er hætta á ofhitnun jafnvel þótt kalt sé í veðri. Þá er hægt að fjarlægja þetta lag. Einnig er hægt að renna frá skjólflík. Við hvíldarstopp eða þegar komið er í náttstað borgar sig að fara í miðlagið aftur til að forðast að slái að. Í tempruðu veðri getur þetta lag þjónað sem ysta lag. Þó borgar sig að hafa regnfatnað með. Flísfatnaður er misjafn eftir framleiðendum. Sumar flíkur eru vindþéttari en aðrar. Bæði peysur og buxur. Jafnvel smekkbuxur.

## HLÍFÐARFATNAÐUR OG SKEL

Hlífðarfatnaður ver gegn rigningu, snjó og vindi. Ef hann er ekki góður skiptir annar fatnaður ekki máli. Blautur fatnaður berskjaldaður fyrir vindi heldur ekki hita sama úr hvaða efni hann er. Þess vegna þarf að vanda valið. Yst fata er gott að vera í stakki sem er annaðhvort vind- og vatnsþéttur eða hvort tveggja. Þetta fer eftir veðri. Á Íslandi er rigning og snjór helsta vandamálið og góður regnstakkur úr öndunarefni er hentugasta skjólflíkin. Það verður að vera hægt að renna frá stakknum til að hleypa út hita. Gjarnan með saumlausar axlir til að koma í veg fyrir núning undan bakpoka og með skjólgóða hettu. Einnig hafa vinsældir miðlungsskeljar aukist. Það er flísefni sem sameinar kosti miðlags og hlífðarflíkur að ákveðnu leyti til dæmis í ferðum á sumrin. Síðan má ekki gleyma húfu og vettlingum. Fatnaður er frá 66 gráðum Norður og Cintamani. Heimildir eru frá Braga Björnssyni útivistarmanni.




HPI Savage X 4,6
fjarstýrður torfærutrukkur
**Öflugasta útgáfan til þessa**
TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is

Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið


# Fjölhæfir ferfætlingar

**Ríflega tuttugu hundar taka þátt í starfi björgunarsveitanna. Áralöng þjálfun liggur að baki hverju dýri enda þarf að uppfylla ströng skilyrði til að geta orðið góður leitarhundur.**

Ríflega tuttugu hundar taka þátt í leitarstarfi björgunarsveita og slysavarnadeilda landsins. Þórir Sigurhansson, hundaþjálfari og meðlimur í hjálparsveit skáta í Garðabæ, segir margsannað að þátttaka ferfætlingana skipti sköpum fyrir starfsemi björgunarsveitanna. Í mörgum tilvikum hafi aðkoma hunda bjargað mannslífum.

„Gott dæmi um það eru snjóflóðin í Súðavík. Þar kom sér mjög vel að hafa hundana," segir Þórir, sem hefur þjálfað leitarhunda síðastliðin átján ár og er í dag á leiðinni á æfingu björgunarsveitarmanna í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, þar sem nýir hundar verða prófaðir til að sjá hvort þeir standist tilskyldar kröfur. Gangi allt að óskum tekur þjálfun hundanna að meðaltali þrjú ár en hún hefst af alvöru eftir fyrsta árið þar sem þeir eru þjálfaðir til snjóflóða-, víðavangs- og sporaleitar.

Að sögn Þóris er betra að hefja þjálfunina snemma þegar hundarnir eru ungir, helst nokkra vikna gamlir og henta ákveðnar hundategundir betur en aðrar í starfið. „Við erum mest með þrjár tegundir, það er schäfer, border collie og labradorinn. Við höfum líka verið með íslenska hunda á útkallslista," segir hann og bætir við að litlir hundar séu síður fallnir til starfsins og þá helst vegna þess að þeir eigi erfitt yfirferðar á veturna. Svo séu sumar hundategundir hreinlega vinnusamari en aðrar þótt hægt sé að þjálfa þær velflestar upp í það að verða leitarhundar.



Þórir ásamt hundi sínum Þrymi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leitarhundar eru í öllum tilvikum í eigu björgunarsveitamanna og verða tengslin á milli manns og skepnu því oft sterk að sögn Þóris sem hefur átt fjóra leitarhunda síðan hann gekk til liðs við sveitirnar. „Þannig var það til dæmis með þann síðasta sem ég átti í tólf ár og var með á útkallslista til ellefu ára aldurs. Þá er maður búinn að fara með hann í á annað hundrað útköll og eyða mikilli vinnu og tíma með honum," segir hann og bætir við að yfirleitt endist hundarnir ekki mikið lengur í starfi en til tíu til tólf ára aldurs. Hundsævin sé ekki mikið lengri og því séu hundarnir nánast að allt til hinstu stundar. Þeir þekki hvort sem er ekki annað og líði því sjaldnar betur en uppi um fjöll og firnindi með eiganda sínum.

*- rve*


BLÁFJÖLL
SKÁLAFELL
HJÁ OKKUR ER ALLT NIÐRÍMÓTI
- njóttu þess
Nú er rétti tíminn fyrir alla fjölskylduna að skella sér á skíði. Renndu við í Bláfjöllum eða Skálafelli og njóttu útiverunnar í faðmi fjalla blárra.
Opnunartími:
10–18 um helgar // 14–21 virka daga.
Opið alla páskana.
SKÍÐASVÆÐIN
www.skidasvaedi.is



Helga er áhugaljósmyndari og hóf að koma á skipulögðum ljósmyndaraferðum á Norðurlandi árið 2005.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



Stórhríð skall á fyrirvaralaust í Hrísey í maí svo varla sást út úr augum.



Við Goðafoss í mars. MYND/HELGA KVAM



Við Dettifoss. „Blautasti staður á jarðríki eins og við vildum kalla hann þennan dag, þar sem úðinn stóð allur á okkur," segir Helga.



Í Námaskarði.

# Sjá landið geg

**Flestir taka myndavélar með í ferðalög og smella af á áfangastöðum. Aðrir fara í sérstakar myndatökuferðir. Ljósmyndarar á Norðurlandi eru iðnir við það eins og Helga Kvam kennari lýsir.**

„Ég byrjaði að skipuleggja ljósmyndaraferðir hér fyrir norðan árið 2005. Þá fórum við í febrúarbyrjun inn í Eyjafjörð," segir Helga. „Síðan höfum við reynt að fara á tveggja til þriggja mánaða fresti. Norðurlandið hefur upp á endalausa möguleika að bjóða fyrir myndavélar og það hefur alltaf verið mjög góð þátttaka í þessar ferðir. Yfirleitt fara um tuttugu manns, bæði atvinnu- og áhugafólk. Stundum koma ljósmyndarar að sunnan og slást með okkur í för. Við skiptum okkur niður í einkabíla þannig að þótt einhverjir vilji mynda meira á einum stað en öðrum þurfi hinir ekki að bíða."

Flestar ferðirnar hafa verið dagsferðir að sögn Helgu. „Oftast er farið af stað um níu að morgni og verið til sjö og svo farið út að borða á eftir. Við höfum líka farið í helgarferðir, lagt af stað á laugardagsmorgni og komið heim um eða eftir miðnætti á sunnudegi. Við reynum alltaf að fara á áhugaverða staði, sem dæmi má

Höfum opnað nýja og stórglæ




HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500



Þreyttir ljósmyndarar á austurströnd Hríseyjar eftir að hríðinni slotaði. Helgi og Gerða og aftan við þau Davíð en Siggi smali liggur úrvinda fremst á mynd.

# num linsuna

nefna Hrísey, Jökulsárgljúfur, Dettifoss, Ásbyrgi og Mývatnssveit. Tökum mikið af myndum úti í náttúrunni og svo bara líka hvert af öðru. Kannski eru flestar myndirnar af ferðafélögunum í hinum ýmsu aðstæðum. Svo er ekki einu sinni skilyrði að taka myndir. Einn var bara með kíki þegar við fórum að Mývatni.“

En er einhver ein ferð eftirminnilegri en önnur? Helga hugsar sig um. „Það er svo sem ýmislegt sem hefur gerst. Við fórum til dæmis út í Hrísey 20. maí í sól og blíðu og allir voru klæddir miðað við milt vorveður. Svo kom bara stórhríð, við uppi á miðri eyju og sáum ekki út úr augum.“

Myndavélatæknin tekur stöðugum breytingum en Helga segir fólk ekki mikið að bera saman græjurnar í þessum ferðum. „Hópurinn dreifist dálítið á áningarstöðum til að ná mismunandi sjónarhornum í myndirnar,“ lýsir hún og segir afrakstur ferðanna gerðan sýnilegan á vefnum ljosmyndakeppni.is. Þar setji fólk inn myndir sínar, meðal annars grínmyndir hvert af öðru. Spurð í lokin hvort það reyni að slá hvert annað út svarar Helga:

„Jú, það eru reyndar keppnir eftir hverja ferð á ljosmyndakeppni.is svo þar er smá metingur. En það er allt upp á grín.“ *- gun*

**Hægt er skoða fleiri myndir eftir Helgu á flickr.com/hkvam**



Sumar í Bjarnarflagi í Mývatnssveit.



Við Bjarnarflag í Mývatnssveit í júlí.


**silega verslun í Holtagörðum!**



asics

*– Byltingarkenndir fótboltaskór sem allir knattspyrnumenn verða að prófa – kynning á laugardag.*



***Adidas** hlaupaskór og footscan greining – skokkarar vilja ekki missa af þessu – kynning á sunnudag.*

**Stórglæsileg North Face deild**

*Opnunartilboð:*

**20% afsláttur af öllum North Face vörum**



**Jamis barnahjól**
**Árgerð 2008**

*Opnunartilboð:*

**20% afsláttur**



**Heelys hjólaskór**

*Verð: 9.990 kr.*

*Opnunartilboð:* **7.990 kr.**



**Asics Kayano 13 hlaupaskór**

*Verð: 18.300 kr.*

*Opnunartilboð:* **12.990 kr.**

**ÚTILÍF**

# Reykjavík í vetrarbúningi

**Það er eitthvað heillandi við snjóhvítan og kyrrlátan vetrardag. Birtan, brakið í snjónum undan dúðuðum fótum og breytingin frá hinu venjulega kallar á kyrrð í mannssálinni.**

Fólk hefur þörf fyrir að anda að sér köldu, fersku loftinu og sitja síðan inni í notalegri hlýjunni með hugsunum sínum, jafnvel með kaffibolla í hendi, og horfa öðru hvoru út um gluggann á drifhvíta fegurðina. Umhverfið klæðist nýjum búningi og breytingar á umhverfi kalla oft á breytingar í hugsun og leit inn á við. Þeir vegfarendur sem urðu á vegi ljósmyndara Fréttablaðsins voru margir í þungum þönkum en aðrir nutu augnabliksins og vetrarfegurðarinnar í borginni, hver á sinn hátt. *-hs*


Gott er að glugga í góða bók og hlýja sér með heitum drykk þegar kalt er í veðri.


Kjörið er að njóta samvista á fallegum vetrardegi undir vanilluhimni, deila minningum með yngri kynslóðinni og búa um leið til nýjar.


Hæ hó! Börnin gleðjast ávallt er snjóa tekur og finna upp á ýmsum leikjum sér til skemmtunar.


Á ferð og flugi. Þrátt fyrir kyrrðina heldur lífið áfram og fólk sinnir sínum erindum víðs vegar um bæinn.


Lesið í góðum félagsskap. Sumir láta ekki kuldann á sig fá og njóta þess að anda að sér tæru vetrarloftinu.


Betra er að vara sig á hálkunni.





Hvítur svanur á hvítu svelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## ● NÝLIÐA- OG AFMÆLISFERÐ

Nýliðanefnd Ferðafélags 4x4 klúbbsins stendur fyrir dagsferð um Reykjanes laugardaginn 15. mars. Ferðin verður farin í tilefni 25 ára afmælis klúbbsins og í framhaldi af nýliðakynningu sem haldin var fyrir stuttu.

Eknar verða tvær leiðir, önnur fyrir öflugri jeppa og hin fyrir lítið eða ekki breytta, þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Nánari upplýsingar um leiðarval og brottfarartíma verða birtar á vefnum www.f4x4.is þegar nær dregur.





Veðrið var yndislegt og útsýnið einstakt.

# Stór hópur á Heiðarhorn

Ríflega 130 manna hópur gekk á hæsta tind Vesturlands, Heiðarhorn (1.053 metrar), hinn 1. mars síðastliðinn. Gangan var liður í undirbúningi hópsins fyrir göngu á Hvannadalshnúk í byrjun sumars en hópurinn hittist einu sinni í viku og æfir fyrir ferðina. Hvannadalshnúkur er 2.110 m hár og því má segja að hálfur sigur sé unninn fyrir hópinn á leið sinni á toppinn. Gangan var skipulögð af Íslenskum fjallaleiðsögumönnum. Menn voru almennt ánægðir með förina enda veðrið með besta móti og útsýnið af toppnum einstakt. Fyrst var gengið á Skarðshyrnu og þaðan yfir á Heiðarhornið og tók gangan alls um sjö tíma.

Nú þegar hafa um 250 manns skráð sig í ferðina á Hvannadalshnúk og enn er laust pláss svo þeim sem hafa áhuga á að slást í hópinn er bent á að hafa samband við Íslenska fjallaleiðsögumenn (587-9999). Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðum Íslenskra fjallaleiðsögumanna www.mountainguide.is og 66°Norður www.66north.is.

## ● ÖRYGGISNÁMSKEIÐ Í HESTAMENNSKU

Vanir knapar, jafnt sem óvanir, detta af hestbaki, oft með slæmum afleiðingum. Vátryggingafélag Íslands stendur fyrir námskeiði um öryggismál í hestamennsku, í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands og Landssamband hestamannafélaga, á laugardaginn kemur, 8. mars, á Hvanneyri og í hestamiðstöð Landbúnaðarháskólans að Mið-Fossum í Borgarfirði. Námskeiðið er ætlað hestamönnum á öllum aldri en ekki síst þeim sem bjóða upp á hestaferðir og reiðkennslu.

Námskeiðið er tvíþætt. Annars vegar verður bókleg fræðsla um öryggismál og hins vegar sýnikennsla. Á námskeiðinu verður sýnt hvernig á að „detta af baki" með lágmarks afleiðingum og jafnframt verður kennt hvað hægt er að gera á slysstað til að hlúa að slösuðum einstaklingi þar til hjálp berst.

Námskeiðið hefst kl. 9.45 með bóklegri fræðslu. Sýnikennslan fer fram að Mið-Fossum í Borgarfirði frá kl 13.30 til 16.00. Hádegisverður er innifalinn í námskeiðinu. Hægt er að skrá þátttöku á netfanginu endurmenntun@lbhi.is




unarhátíð um helgina

**Nike Pro**

*hátæknifatnaður – aðeins það besta til íþróttaiðkunar – kynning á fimmtudag og laugardag.*



**Nike T-bolir**

Opnunartilboð:

**20% afsláttur**



**Chrysalis dúnsvefnpoki frá The North Face**

Verð: 25.990 kr.

Opnunartilboð: **17.990 kr.**



**Casall fatnaður**

Opnunartilboð:

**20% afsláttur**



**Jamis reiðhjól Árgerð 2007**

Opnunartilboð:

**40% afsláttur**

ÚTILÍF

# Söguefni með aðdráttarafl

**Jöklarnir geyma fönnina og þar er gaman að ferðast um og njóta fjallalofts og útsýnis þegar vel viðrar. Hjónin Benedikt Bragason og Andrína Guðrún Erlingsdóttir hjá fyrirtækinu Arcanum eru með snjósleðaferðir á Mýrdalsjökul.**



Heimsókn í íshelli eykur á ævintýrið.

„Yfir sumarið erum við með fjórar fastar ferðir á dag og fólk gengur að þeim vísum. Á öðrum árstímum þarf að panta en það er undantekning ef fellur úr dagur. Það er líka hægt að fara niður í fjöru ef snjór er á jafnsléttu og útlendingar hafa gaman af því að koma á okkar svörtu strönd," segir Benedikt spurður um áætlanir sleðanna. Skyldu menn aldrei vera ragir við að stjórna þessum tækjum? „Jú, jú, það er til," svarar hann. „En við gefum góðar leiðbeiningar og það er undantekning ef einhver gefst upp. Við erum með frekar litla sleða sem auðvelt er að stjórna enda er þetta gert til að fólk hafi gaman af því."

Þau Benedikt og Andrína Guðrún búa í Sólheimakoti sem er nánast við rætur Mýrdalsjökuls. „Við búum á jörð sem heitir Sólheimar II og foreldrar Andrínu bjuggu kúabúi á. Okkur finnst Sólheimakot notalegra nafn og við búum vélsleðabúi. Keyptum þessa starfsemi 2001 en ég er búinn að vinna við hana síðan 1992. Ætlaði að vera tvær vikur í upphafi og er enn. Fyrirtækið var stofnað til að vera með ferðir inn á hálendið og Mýrdalsjökull var sem uppfylling en það hefur snúist við og jökullinn er orðinn aðalsvæðið. Svo erum við svo heppin að vera með Kötlu gömlu undir. Hún er ómælt söguefni og hefur heilmikið aðdráttarafl," lýsir Benedikt og bætir við: „Það sem heldur okkur gangandi eru ánægðir viðskiptavinir og hvað það er alltaf gaman."

Arcanum á lítið hús sem er í 780 metra hæð. Þaðan er fagurt útsýni í góðu skyggni að sögn Benedikts. Spurður hvort hann hafi aldrei lent í hremmingum á jökli svarar hann því að vissulega hafi hann lent í byl en aldrei sé farið langt frá kofanum á þessum klukkutíma sem venjulegur túr taki. „Við höfum verið lánsöm með það að enginn hefur slasast hjá okkur. Þar kemur reynslan til og endalaus aðgæsla. Við erum með átta tonna snjótroðara eins og eru á skíðasvæðunum og búum til braut sem við keyrum eftir. Þá er hægara að stýra og engin hætta á að fólk villist af leið auk þess sem allir eru öruggir fyrir sprungum." Hann segir farið á snjótroðaranum um jökulinn á hverjum degi til að jafna og slétta brautina, jafnvel þótt enginn gestur sé, enda þurfi þau að fylgjast með jöklinum sem sé á stöðugri hreyfingu. „Ég var nú svo hræddur við jökulinn fyrst að ég ætlaði varla að þora upp," viðurkennir Benedikt. „En okkar lán byggist líka á því. Við berum virðingu fyrir jöklinum og umgöngumst hann með kurt og pí."

Þótt erlendir ferðamenn séu í meirihluta viðskiptavina að sögn Benedikts eru sleðaferðirnar líka vinsælar af íslenskum starfsmannahópum og einnig segir hann landsmenn koma með útlenda vini sína. „Áhugaverðir staðir eru svo nálægt okkur Íslendingum að okkur finnst við alltaf hafa möguleika á að fara seinna," segir hann. „En fólk er rosalega ánægt þegar það kynnist þessu og kemur gjarnan aftur."

*- gun*



Við skálann eru leiðbeiningar gefnar áður en lagt er í hann.



Benedikt Bragason og Andrína Guðrún Erlingsdóttir reka fyrirtækið Arcanum sem býður snjósleðaferðir á Mýrdalsjökul.



Brunað um ísbreiðuna.



# VESTURHEIMUR SF

## *Kanada-Landnám í Vesturheimi*

**Vesturheimur sf og Þjóðræknisfélag Íslendinga kynna ferð á slóðir vesturfaranna:**

***Ferðatilhögun:***
- Flogið til Toronto 25. júní. Gist þrjár nætur.
- Skoðunarferð til Niagarafossa - Siglt að fossunum.
- Skoðunarferð um Toronto með heimafólki
- Einhver misheppnaðasta tilraun íslenskra vesturfara til landnáms var í Kinmount- skoðunarferð með Don Gislason sagnfræðingi.
- Skoðunarferð um íslenska landnámið í Rosseau.
- Þjóðhátíðardagur Kanada 1. júlí í Ottawa-Gist í höfuðborg Kanada tvær nætur
- Alþjóðleg jazzhátíð í Montreal-Gist þar í borg tvær nætur
- Flug heim frá Toronto 5. júlí.
- Innifalið í verði kr.148.650 m.v.tvíbýli er flug, forfallatrygging, allur akstur, gisting, morgunverður, sigling og hádegismatur við Niagarafossa og fararstjórn. Órfá sæti laus.

**Frekari upplýsingar hjá Jónasi Þór á jonas.thor1@gmail.com eða 552-0223 á milli kl. 9 - 12.**

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu







**Nýtt!**

**ECC**

# Bætt líðan með betra lofti



**Einstök tækni í bland við verðlauna hönnun færir þér hreinna og betra loft!**

Með Light Air lofthreinsitækinu getur þú haft veruleg áhrif á loftgæðin á þínu heimili eða vinnustað og gert það með stæl. Með frábærri tækni og verðlaunaðri hönnun hreinsar LightAir loftið algjörlega hljóðlaust, með lágmarks orkunotkun (7w) og ekki skemmir fyrir að það þarf aldrei að skipta um filter. Rannsóknir sýna að LightAir lofthreinsitæki sem er í stöðugri notkun hreinsar mjög vel allra smæstu agnirnar úr loftinu (agnir í nano stærð). Agnir í þessari stærð telja um 90% af öllum mengandi ögnum sem þjóta um í loftinu og eru taldar valda verstu heilsukvillunum. LightAir tækin koma frá Svíþjóð og hafa hlotið mikið lof um allann heim.

ECC - Bolholti 4 – Sími 511 1001 – Opið 10-18 – **www.ecc.is**



# Á toppinn með Heilsu!

Ásgeir hefur tekið þátt í tveimur IRONMAN keppnum og stefnir á þá þriðju. Þeir sem taka þátt í þessari krefjandi keppni þurfa að hafa óbilandi trú á sjálfum sér og vera í frábæru formi.

## Ásgeir notar eftirtalin vítamín og bætiefni Heilsu til þess að halda sér í toppformi:




Til að tryggja að maður sé að fá öll vítamín og steinefni sem eru líkamanum nauðsynleg.

„Lykilvítamín til að taka undir miklu vinnuálagi og þegar mikið er æft. Fyrirbyggir niðurbrot á vöðvum, sem orsakar harðsperrur"

„Af því að líkaminn þarfnast aukins c-vítamíns þegar hann er undir álagi"

„Lykilfitusýrur gegna aðalhlutverki í því að smyrja liðamótin sem er mikilvægt við stífar æfingar"

*Gríptu bæklinginn „Það sem skiptir máli" í næstu verslun og kynntu þér ráðleggingar Ásgeirs.*

**heilsa** *–hafðu það gott*

NÁTTÚRULEGT GMP GÆÐAVOTTAÐ

**ÁSGEIR JÓNSSON er án efa einn fremsti afreksmaður okkar Íslendinga á þessari öld. Hann hefur klifið hæstu fjallstinda þriggja heimsálfa en stefnir ótrauður á hæstu tinda allra sjö.**



# Foreldrar og börn saman á fjöll

**Íslendingar eru í auknum mæli farnir að stunda fjallgöngur og aðra skipulagða útivist. Það hefur þó loðað við að varla sé hægt að fara af stað fyrr en börnin eru flogin úr hreiðrinu, búið er að koma sér í toppform og verða sér úti um nýjasta og besta búnaðinn.**

Jón Gauti Jónsson, fjallaleiðsögumaður hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum, er mikill talsmaður þess að fólk fari af stað óháð formi og segir ekkert því til fyrirstöðu að taka börnin með.



**Sonur Jóns Gauta, Kolbeinn Tumi, á gönguskíðum í Bláfjöllum.**

„Það er frekar lítil ferðahefð hér innanlands. Fólk telur sig þurfa að vera í toppformi til að geta gengið á fjöll en ef við berum okkur saman við Skandinavíu og aðrar Evrópuþjóðir er miklu lengri hefð fyrir skipulögðum göngum í fylgd leiðsögumanna þar. Í slíkum ferðum þarf fólk ekki að kunna skil á öllum aðstæðum og því þarf fyrsta skrefið ekki að vera eins óyfirstíganlegt,“ segir Jón Gauti.

Hann segir þó mikið hafa breyst hin síðari ár en þó má segja að þeir Íslendingar sem fara í ferðir með leiðsögumönnum séu í meirihluta fólk sem er í góðu formi og með toppgræjur á meðan ferðamenn sem koma að utan líta ekki eins stórt á þetta.

„Sá hópur sem kemur sterkur inn núna er fólk sem er búið að koma börnunum upp og hefur lausan tíma. Fólk hefur oft háleit markmið og ætlar sér beint á Hvannadalshnúk. Við sem störfum við þetta tökum börnin gjarnan með okkur í ferðir og viljum bjóða íslenskum barnafjölskyldum upp á slíkt hið sama,“ segir Jón Gauti en Íslenskir fjallaleiðsögumenn hafa boðið erlendum ferðamönnum upp á sérsniðnar barnaferðir.

Það þarf þó að skipuleggja ferðir með börnum öðruvísi. Þetta þurfa að vera trússferðir, en í slíkum ferðum þarf ekki að bera farangur á milli áfangastaða heldur keyrir bíll með hann á milli. „Það skiptir máli að geta boðið upp á slíkar ferðir þegar verið er að kveikja áhuga fjölskyldufólks því með þeim hætti verður ferðalagið viðráðanlegra.“

Jón Gauti hefur gengið víða með sínum börnum. Hann segir lítið mál að ganga með



**Jón Gauti Jónsson, fjallaleiðsögumaður hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum, hefur farið með börnin sín í gönguferðir vítt og breitt um landið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

börn upp að tveggja ára aldri í burðarpokum. „Síðan kemur smá tímabil þar sem þau eru of þung til að bera þau en samt of lítil til að ganga langt. Þá getur verið sniðugt að nota sleða en þó er meiri hefð fyrir sleðum eða svokölluðum pulkum í Svíþjóð og Noregi svo dæmi sé tekið.“

Upp úr fjögurra ára segir Jón Gauti að börn geti vel farið í lengri gönguferðir og gekk fjölskylda hans Laugaveginn þegar yngri börnin hans voru fjögurra og sex ára. „Ég hef gengið víða með mínum börnum en sú ferð stendur upp úr. Sá minnsti afrekaði það að ganga 55 kílómetra á fjórum dögum. Við þurftum að sjálfsögðu að búa til hvatningu og setja lítil markmið á leiðinni. Skyldum við til dæmis komast að næstu stiku? Við brugðum oft á leik og stoppuðum mun oftar til að nærast og hvílast. Þetta var þó dásamlegur tími og mikilvæg fjölskyldusamvera,“ lýsir Jón Gauti.

Hann hefur gengið Laugaveginn nokkrum sinnum en segir þetta óumdeilanlega allra bestu ferðina. „Við gáfum okkur tíma til að gera annað en að strunsa,“ segir hann og nefnir að yfir vetrartímann sé tilvalið að fara með börn á gönguskíði. „Við bjóðum líka upp á daglegar jöklagöngur og geta börn niður í átta ára tekið þátt í þeim. Ef þau eru á þokkalegum skóm er lítið mál að setja á þá brodda. Þau fá svo ísaxir í hendurnar og eru leidd um undur og stórmerki skriðjökuls. Það er mikil upplifun og kveikir svo sannarlega áhuga. *- ve*




# HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA




KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ

ÞÚ FÆRÐ DECUBAL
Í NÆSTA APÓTEKI

# Hversu hátt stefnir þú?

Hafðu lítið fyrir hlutunum! Í **Sjóðastýringu SPRON Verðbréfa** geturðu valið um þrjú fjárfestingarsöfn sem sérfræðingar hafa sett saman. Þú velur það safn sem þú telur að henti þér og þínum markmiðum og verðbréfasérfræðingar sjá síðan um að ávaxta sparnaðinn.







## ÁVÖXTUNARSAFNIÐ

Meiri sveiflur, hærri væntingar.
Áhersla á góða áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum.

- 75% hlutabréf
- 25% skuldabréf

**Meðalársávöxtun 2006 og 2007** **16,79%**




## HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

Áhersla á góða ávöxtun og áhættudreifingu, meðaláhætta.

- 50% skuldabréf
- 50% hlutabréf

**Meðalársávöxtun 2006 og 2007** **15,72%**




## ÖRUGGA SAFNIÐ

Stöðug ávöxtun, lágmarks-sveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf

**Meðalársávöxtun 2006 og 2007** **14,06%**

Kaup í þessum söfnum, sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman, miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í virkri sjóðastýringu. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni.


Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is


spron VERÐBRÉF


Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað. Fjárfest er í verðbréfasjóðum og/eða fjárfestingarsjóðum skv. lögum nr. 30/2003.

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA – 9080250

ingjusamur,“ segir hann og bætir því við að hann safni sér fyrir hlutunum áður en hann kaupi þá. „Ég er alinn upp við það að góðir hlutir gerist hægt og að allt hafi sinn meðgöngutíma. Ég þakka fyrir í dag að hafa ekki verið alinn upp við allsnægtir og finnast það sjálfsagt að eiga allt á raðgreiðslum.“

**Mótlætið mótar mig**

CERES4 vill meina að uppeldið og mótlætið á æskuárunum hafi gert hann að þeim manni sem hann er í dag en honum finnst skemmtilegast að takast á við hluti sem hann er ekki góður í og sigrast á erfiðleikunum. „Allt sem ég hef tekið mér fyrir hendur hefur kostað mig blóð, svita og tár og þannig vil ég hafa það enda er ég átakasinni. Allt sem ég geri er „hardcore“ út í gegn. Ég er bestur þegar enginn annar trúir á mig. Ég var t.d. aldrei neinn sérstakur námsmaður. Ég villtist dálítið af leið í barnaskóla en rétti mig síðar af með harðri vinnu. Ég er alltaf tilbúinn að leggja mikið á mig, sama hvað það kostar, þegar ég veit hvað ég vil,“ bætir hann við en hann lauk kennaraprófi frá Kennaraháskólanum fyrir 11 árum. „Þegar ég byrjaði til dæmis að skrifa fannst mér það mjög erfitt. Ég hef aldrei fundið neitt hjá mér sem sumir kalla meðfædda hæfileika. Kannski einna helst það að mér finnst óendanlega gaman að hugsa. En ég ætlaði mér að skrifa bók og hef nú lokið minni fyrstu skáldsögu sem heitir Klettafjörður. Það var sigur fyrir mig að klára hana og vonandi kemur hún einhvern tímann út,“ segir CERES4 sem er augljóslega margt til lista lagt. Klettafjörður er nú þegar komin til yfirlestrar hjá nokkrum bókaútgefendum en sagan segir frá manni á þrítugsaldri sem lendir í flugslysi. Vélin hrapar á afskekktum stað í ímynduðum firði á Íslandi þar sem einungis búa öldungar. „Bókin er að einhverju leyti byggð á minni reynslu og fjallar um innilokun, útþrá, átök, persónuleikabreytingar, ástina og lífið. Hún gerist á Austurlandi en ég ólst upp á Eskifirði þar sem dimmur og djúpur fjörður umlukti hluta af bernsku minni,“ segir CERES4 sem útskýrir kannski að einhverju leyti hvers vegna honum líður vel einum. „Ég var einu sinni kvæntur en skildi fyrir sex árum og hef verið piparsveinn síðan.

Hjónabandið gat af sér einn son sem er á tólfta ári og mér þykir óendanlega vænt um,“ segir CERES4 sem hefur ekki tíma í hefðbundið fjölskyldulíf eins og staðan er í dag þar sem hann er rokinn út fyrir klukkan sex á morgnana og kemur seint heim á kvöldin. „Líf mitt er mikið kapphlaup þar sem ég stekk úr einu hlutverkinu yfir í annað. Ég fer úr því að vera mjög skilningsríkur, mildur og akademískur í skólanum yfir í það að vera agaður og ákveðinn knattspyrnuþjálfari, en ég er aðstoðarþjálfari 4., 5. og 6. flokks Hauka í Hafnarfirði. Þaðan þarf ég síðan að geta hoppað beint upp á svið, þar sem hlutverk mitt er að heilla fjöldann og gleðja fólk en inn á milli koma stundir þar sem ég sit einn löngum stundum og skrifa,“ segir Ceres en andstæðurnar í lífi hans virðast henta margbrotnum persónuleika hans vel. „Ég á mjög auðvelt með að skipta um gír og er fljótur að laga mig að breyttum aðstæðum. Ég er eins og DVD-spilari sem hægt er að láta hoppa á milli atriða með fjarstýringunni,“ segir CERES4 hlæjandi að lokum.

*bergthora@365.is*

# borgin mín MINNEAPOLIS/ST. PAUL

RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR kynningarstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands



**MORGUNMATURINN:** Heitur hafragrautur er málið í frostinu.

**SKYNDIBITINN:** „Jamba Juice-smoothie“ með extra skammti af prótíndufti. Ég labbaði alltaf fram hjá Jamba Juice á leiðinni í skólann og oftar en ekki fékk ég mér „smoothie“ og risastóra graskers „muffin“ frá bakaríinu við hliðina á með. Ég sakna Jamba Juice því það er vonlaust að finna drykkjarhæfan „smoothie“ á Íslandi sem er ekki með skyri.



**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** W.A. Frost & Company í St. Paul er Hótel Holt borgarinnar. Alvöru veitingastaður með frönsku ívafi. Þarna fór ég oftar en einu sinni með kærastanum svo ég á góðar minningar frá þessum stað.

**UPPÁHALDSVERSLUNIN:** Það eru nokkrar skemmtilegar búðir í Uptown Minneapolis en ef maður á leið í Mall of America er Nordstrom-magasínið flott.

**BEST VIÐ BORGINA:** Fólkið í Minneapolis/St. Paul er frjálslynt og svolítið evrópskt í hugsunarhætti svo manni er óhætt að segja nokkra Bush-brandara. Svo er veturinn mjög fallegur þrátt fyrir kuldann því oftast er algjört póstkortaveður í borginni, sól og logn.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Skokk eftir Summit Avenue upp að Mississippi-ánni (þó ekki í kaldasta veðrinu!). Ég átti heima við hliðina á Summit Avenue sem er fræg fyrir að hafa lengstu röð af íbúðarhúsum frá Viktoríutímabilinu í Bandaríkjunum.






# tíska

*ferskleiki dagsins í dag*





## GUCCI EÐA H&M?

Í vorlínunni frá GUCCI eru stórar og veglegar leðurtöskur með lakkáferð áberandi. Sænska móðurskipið H&M var ekki lengi að tileinka sér GUCCI-taktana og selja sams konar töskur, bara 200% ódýrari. Gettu hvor er hvað …

# Vera Wang á leið til Íslands













Verslunin Boutigue Bella fékk flotta andlitslyfingu þegar hún flutti sig yfir götuna og er nú komin á Skólavörðustíg 8. Við flutninginn var verslunin stækkuð allverulega, eða úr 20 fermetrum í rúmlega 100 fermetra. Við stækkunina tóku eigendur Boutigue Bellu inn fullt af nýjum merkjum. Eitt af því er Lavender-lína Veru Wang en hún er einn þekktasti fatahönnuður í heimi og hafa stjörnurnar í Hollywood keppst við að klæðast kjólum frá henni þegar þær ganga í það heilaga. Hildur Aðalsteinsdóttir, ein af eigendum verslunarinnar, segir að þær hafi ekki staðist freistinguna þegar þær hnutu um Veru. „Okkur fannst vanta fína sparikjóla í verslanir í Reykjavík og því ákváðum við að leggja okkar af mörkum. Konur eru sífellt að fara í fín boð, brúðkaup og aðrar veislur og þær vilja vera fínar," segir Hildur en það er fátt sem slær kjóla Veru Wang út. Eins og gefur að skilja eru kjólar Veru Wang ekki gefins en Lavender-línan er þó mun ódýrari þótt ekki skorti gæðin. Íslenskar konur verða þó að bíða fram á haust til að næla sér í Veru á Skólavörðustígnum því línan kemur ekki í hús fyrr en þá. Vera Wang er þó ekki eina merkið því þær selja fatnað frá Poul et Joe sister, Eva & Blaudi, Style Butler, Uli Schneider og Marccain svo eitthvað sé nefnt.

Hún segir að vor- og sumartískan muni einkennast af kóralbleikum, bláum og gulum litum og að hver kona verði að eignast ballerínuskó og svolítið af perlufestum. Hildur rekur verslunina ásamt móður sinni, Steinunni Margréti Tómasdóttur, og móðursystur sinni, Þórunni Elínu Tómasdóttur. Þegar hún er spurð að því hvort þær hafi sama smekkinn segir hún svo ekki vera. „Við höfum mjög ólíkan smekk, ég er miklu litaglaðari en mamma og Þórunn en þær koma með þetta klassíska element inn í búðina." Hildur segir að mamma hennar sé mikil pjattrófa og hafi í gegnum tíðina fylgst vel með tískunni og því hafi hún þetta eiginlega í blóðinu, elski föt og finnist gaman að versla. „Það má eiginlega segja að við séum allar fataóðar," segir Hildur og hlær.

*martamaria@365.is*

## þú kemst ekki í gegnum vikuna ...



...nema skella þér á skíði. Snjórinn æpir á þig að fara upp í fjöll.



...nema átta þig á því að það er alger tímasóun að umgangast leiðinlegt fólk.

...nema gera vorhreingerningu. Þegar sólin skín inn um rúðurnar er ekki lengur hægt að dempa ljósin, kveikja á kertum og lifa í afneitun.



...nema byrja að skipuleggja páskana. Hvernig skreytingarnar eigi að vera, hvernig páskaegg þú ætlar að búa til handa fjölskyldunni og hvernig þú ætlar að marinera páskalambið.



...nema setja kanil út í morgunsjeikinn, það eykur brennsluna og gefur gott bragð. Nammi namm ...



# Skólar - Heilsustefnan

## Heilbrigð sál í hraustum líkama

**Skólar ehf.** var stofnað árið 2000 af feðgunum Pétri Guðmundssyni og Guðmundi Péturssyni.

Kjarnastarfssemi fyrirtækisins er skólarekstur og frá því að fyrirtækið var stofnað höfum við verið að byggja undir stoðir fyrirtækisins til að geta farið í framrás í skólarekstri. Í dag eru stoðirnar traustar og er unnið í litlum og öruggum skrefum í átt að þessari framrás.

Skólar ehf. hafa ráðið Unni Stefánsdóttur sem framkvæmdastjóra skólasviðs og mun hún koma til með að leiða þessa framrás hjá fyrirtækinu. Unnur er hugmyndasmiður og stofnandi Heilsustefnunnar og er hún mikill fengur fyrir fyrirtækið.

Hjá Skólum er mikið að gerast í dag og fyrir utan þá tvo leikskóla sem við erum þegar með í rekstri, þá erum við langt komnir í samningsviðræðum við Hafnarfjarðarbæ um rekstur á fyrsta heilsuleikskólanum þar.

Stefna Skóla er að auka veg Heilsustefnunnar og fjölga Heilsuskólum á Íslandi.




„heilbrigð sál í hraustum líkama"

Ef að þú hefur áhuga á að fræðast meira um okkur og vinna með okkur að þessari uppbyggingu, þá endilega kíktu við á heimasíðu okkar og hafðu samband.

**www.skolar.is**

### Heilsustefnan

Okkar skólar eru heilsuskólar og vinna eftir Heilsustefnunni. Kjörorð okkar er „Heilbrigð sál í hraustum líkama". Markmið heilsustefnunnar er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi. Við vinnum með umhverfismennt sem er auðvelt að tengja heilsustefnunni.

### Heilsuleikskólar í rekstri hjá Skólum

**- Heilsuleikskólinn Krókur í Grindavík** sem var boðinn út árið 2000 og tók til starfa 5. febrúar 2001. Leikskólinn er fyrir börn frá 18 mánaða aldri til 6 ára með fjórar leikstofur og þar geta dvalið 105 börn samtímis. Krókur er 684,7$m^2$ að stærð og er byggingin einnig í einkaframkvæmd og á Nýsir bygginguna.

Í dag er leikskólinn Krókur Heilsuleikskóli og eru starfsmenn leikskólans búnir að marka sér þá stefnu sem leikskólinn fylgir.

**Heimasíða skólans er á www.skolar.is/krokur**

**- Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi** sem var boðinn út árið 2006 og tók til starfa 1. júní 2006. Leikskólinn er fyrir börn frá 18 mánaða aldri til 6 ára með sex leikstofur og þar geta dvalið 124 börn samtímis. Kór er 842$m^2$ að stærð og er byggingin eign Kópavogsbæjar.

Stefnt er að því að leikskólinn Kór verði heilsuleikskóli og eru starfsmenn leikskólans að vinna að því markmiði í dag.

**Heimasíða skólans er á www.skolar.is/kor**

Skólar hafa undanfarin ár verið að vinna með fagaðilum að hönnun og þróun skólabyggingar. Byggingin er hönnuð út frá þörfum barna, starfsmanna, foreldra og annarra hagsmunaaðila með það að leiðarljósi að unnið sé eftir Heilsustefnunni í skólanum. Búið er að fullklára hönnun á leikskóla en framtíðarsýn okkar í skólarekstri er að hanna leik- og grunnskóla í sömu byggingu með sjónarmið notanda byggingarinnar að leiðarljósi.

**www.skolar.is**


Skólar ehf. – Netfang skolar@skolar.is – Heimasíða www.skolar.is

# útlit

*smáatriðin skipta öllu máli*



## HIMNASENDING Í KRUKKUFORMI

Í frostinu og öllum veðurofsanum ríður á að verja húðina. Nýja rakakremið frá Estée Lauder, Revelation, lætur húðina líta betur út og hjálpar henni að vinna á fyrstu merkjum öldrunar. Nú getur þú hrakið á brott fyrstu einkenni öldrunar húðarinnar, dauflega áferð, þurrkalínur og smáhrukkur. Er hægt að biðja um eitthvað meira?

*Það er ekki sama hvernig meik er borið á andlitið*

# Burt með meikgrímurnar

Hver er lykillinn að því að líta sjúklega vel út án þess að hafa farið í lýtaaðgerð? Auðvitað myndu flestallar konur nefna nægan svefn, hollt mataræði, prúð börn og að drekka baðkar af volgu vatni dag hvern. En það er ekki alltaf tími í það og þá getur gott meik bjargað málunum. Það er þó ekki bara nóg að meika sig, maður verður að eiga hyljara líka sem er notaður undir augun. Þegar hyljari er settur undir augun er mjög mikilvægt að hann sé aðeins ljósari en húðin. Húðin í kringum augnsvæðið er miklu þynnri og þurrari en húðin á öðrum stöðum í andlitinu og þess vegna er mikilvægt að nota hyljara því það er meiri raki í honum. Gott er að bera hyljarann á með sérstökum bursta svo maður nái alveg inn í augnkrókana og til að gera áferðina jafnari. Þá lýsist augnsvæðið upp og lætur mann líta út fyrir að vera miklu snoppufríðari.

- Notaðu hyljara til að lýsa upp augnsvæðið
- Hyljari felur bauga
- Veldu meik í dagsbirtu svo þú lendir ekki í því að fá meikgrímu

Þegar rétti meikliturinn er valinn er málið að gera það í dagsbirtu, setja nokkrar rendur á kinnina af mismunandi litum og velja svo þann lit sem fellur alveg inn í húðina. Það að velja sér meik sem er stigi dekkra en húðin er algert glapræði og gerir ekkert annað en að búa til svokallaða meikgrímu og það viljum við alls ekki. Ef meikið sest í svitaholur ertu ekki að nota rétta tegund. Ef húðin er gróf og misjöfn er nauðsynlegt að nota kornamaska einu sinni til tvisvar í viku til að losna við dauðar húðfrumur. Húðin verður þá líflegri, áferðarfallegri og tekur betur á móti raka. Þegar meikið er borið á er gott að nota meikbursta því hann gerir áferðina fallegri og jafnari. Annars hafa allir sína eigin ávana þegar kemur að snyrtidóti. Ef þú kannt öll leynitrixin frá því í Hollywood í gamla daga er um að gera að beita þeim en þær sem voru ekki fæddar þegar sá skemmtistaður var upp á sitt besta ættu að lesa pistilinn aftur.

*martamaria@frettabladid.is*



**RAKAGJAFI ER LYKILLINN AÐ FRÍSKLEGRI HÚÐ OG SKAPAR FULLKOMINN GRUNN FYRIR FARÐANN OG HYLJARANN.** Sérstakur „primer“ er í öllum kremum frá Bobbi Brown þannig að farði og hyljari koma sérstaklega vel út á húðinni og farðinn situr lengur. MYND/VALLI



**LEIKKONAN KATE BECKINSALE** Ef þú vilt ná jafnmiklum ljóma og leikkonan er nauðsynlegt að velja rétta meikið. MYND/GETTYIMAGES



**ESTÉE LAUDER** Resilience Lift Extreme gefur húðinni fallega áferð. MYND/VALLI






## NÁTTÚRULEGT OG SMART



**Bronslitaður kinnalitur** Þetta er möst að eiga í snyrtibuddunni í sumar.



**Varalitablýantur** Virkar rosalega næntís en mótar varirnar fallega.

Þykkur brúnn eye-liner og há kinnbein eru áberandi hjá MAC.

Flestar íslenskar konur elska náttúrulega liti því þeir fara svo ansi vel við húðlitinn. Í nýju línunni frá MAC er litaspjaldið brúnt og bronsað og hentar því vel fyrir flestar týpur, hvort sem þær eru dökkhærðar, ljóshærðar eða rauðhærðar. MAC leggur áherslu á þykka línu í kringum augun í brúnum tónum, bronslitaða áferð í kinnarnar og ljósar varir. Er þetta ekki bara málið? *-mmj*



Bronslitað gloss


EIN VINSÆLASTA ROKKÓPERA ALLRA TÍMA!
jesus christ superstar
Lau. 08. Mar. kl. 20 UPPSELT
Fim. 13. Mar. kl. 20 ÖRFÁ SÆTI LAUS
Lau. 15. Mar. kl. 20 UPPSELT
Lau. 29. Mar. kl. 20 ÖRFÁ SÆTI LAUS
Sun. 06. Apr. kl. 20
Lau. 12. Apr. kl. 20
Sun. 13. Apr. kl. 20
Lau. 19. Apr. kl. 20
Sun. 20. Apr. kl. 20
Fös. 25. Apr. kl. 20
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

# bland

*í gær og á morgun ...*



## BJÓRTILBOÐ OG STUÐ

Fyrsta Pop-Quiz keppnin var haldin á skemmtistaðnum Organ síðasta föstudag. Keppnin heppnaðist svo vel að hún verður endurtekin í kvöld. Eins og aðra föstudaga er hamingjustund frá 17-20, en þá er 2 fyrir 1 tilboð á bjór. Keppnin hefst svo á slaginu klukkan 18.00.



## díana mist

**FÖSTUDAGUR 29. FEBRÚAR**
Ákvað að vígja nýju sparifötin og bauð vinkonum mínum í drykk áður en við fórum á b5. Hitaði þær upp með Dolly Parton og hinum vinkonum mínum og vorum við komnar í geðveikt stuð þegar við kiktum niður eftir. Pössuðum okkur að mæta ekki of snemma því stuðið verður alltaf meira og betra eftir því sem líður á nóttina. Pantaði kampavín en gætti þess vel að skipta reikningnum í fjóra parta. Maður verður að halda að sér höndum enda gæti maður endað eins og hinir kollegarnir í bankanum, atvinnulaus í ruglinu. Á b5 var geðveik stemning. Þar voru Heiðrún Lind Marteinsdóttir, lögmaður á Lex, Bjarki Snædal, rekstrarstjóri NTC, Samúel Bjarki stjörnuauglýsingamaður og Helga Ólafs, fatahönnuður í Köben. Nýbakaði faðirinn, Júlíus Kemp, leit við og á dansgólfinu sýndi Helga Thors, skemmtanastjóri hjá Kaupþingi, svo magnaða danstakta að það var eiginlega ekki hægt annað en að dilla sér með. Sama kvöld skvetti Guðmundur B. Ólafsson lögmaður úr klaufunum á 101 en þar voru líka Steinunn í Nylon og Guðmundur Th. fasteignasali. Þar voru líka leikararnir Pálmi Gestsson og Stefán Karl sem er um þessar mundir að leika í enn einni Latabæjarseríunni. Eftir að hafa rölt á milli staða algerlega að drepast úr kulda héldum við í kjallarann á Rex. Þar var heitt og sveitt, auglýsingaelítan eins og hún leggur sig var algerlega á skallanum eftir ÍMARK. Hef til dæmis aldrei séð Valla sport jafn hellaðan, en þar var líka Jón Haukur Baldvinsson, fyrrverandi markaðsstjóri Byko og ráðgjafi í Kaupmannahöfn, Siffi, sölustjóri á Skjá einum, og Reynir Þorvaldsson, fyrrum Sautján-töffari. Þegar ég var farin að skjóta í mig skriðdrekaolíu við barinn sá ég að þetta gekk ekki lengur. Allir sem ég hitti voru svo ofurölvi og æstir og einhver var farinn að sleikja á mér eyrun. Hvað er það???



**LAUGARDAGUR 1. MARS**
Ákvað að leika Mörthu Stewart. Bakaði amerískar pönnukökur og marineraði þær í sírópi. Skriðdrekaolían kvöldið áður gerði það að verkum að ég var eins og botnlaus tunna alla daginn. Í leiðinni sótthreinsaði ég mína 120 fermetra og var að vona að það myndi renna af mér á meðan en einhvern veginn gekk það eitthvað illa. Skellti mér á Bókamarkaðinn í Perlunni en brá í brún þegar ég kom þangað inn því hálf Reykjavík var mætt á svæðið. Þar sem ég leit út fyrir að hafa verið á vikufylleríi bakkaði ég eiginlega út og hét því að heimsækja Perluna í betra tómi. Allsgáð og alsæl. Vona að næsta vika verði skárri …


Eirberg



**Betra loft**
**betri líðan**

**Airfree lofthreinsitækið**
- Eyðir ryki og gæludýraflösu
- Eyðir bakteríum, ólykt og myglu
- Er hljóðlaust og viðhaldsfrítt

Hæð aðeins 27 cm



**Swopper**
**vinnustóllinn**
- Bylting fyrir bakið
- Styrkir magavöðvana
- Frelsi í hreyfingum
- Fæst í ýmsum litum

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25




**Tölvan mín af því þar eru sögurnar og leikritin og hugmyndirnar geymdar.**



**Mynd eftir ömmu Guðnýju sem hún teiknaði 1938-39. Amma dró fram sköpunargleðina í mér með leikritum og fleiru sem hún setti upp í stofunni heima.**



**ET – Mér þykir ótrúlega vænt um ET … ég trúi því ennþá að hann sé til.**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TOPP 10

# Hrund Gunnsteinsdóttir, talskona Unifem



**Fiðrildahillan eftir Guðrúnu Lilju Gunnlaugsdóttur er uppi á vegg hjá mér þar sem ég vinn. Hún minnir mig á frelsið og gefur mér byr undir báða vængi.**



**Skordýraservíettuhringir eftir Sif systur eru fallegasta borðskrautið sem ég hef augum litið.**



**Fyrsta Harry Potter-bókin í kilju. Sigurjón sæti gaf mér hana í útskriftargjöf þegar ég kláraði master í þróunarfræðum í London.**



**Skórnir sem Andrea vinkona bjó til, þæfði ullina og saumaði út, og gaf Rán dóttur minni þegar hún kom í heiminn.**



**Skírnarkjóllinn sem mamma var skírð í, dætur mínar og ég held flest barnabörnin í fjölskyldunni, sem eru tíu talsins!**



**Föndrið sem við Sigurjón gerðum handa gestum í brúðkaupinu okkar. Við tókum tvö kvöld í viku í tvo mánuði að gera þetta og boðskortið …**



**Myndir af dætrum mínum, Rán og Sif, á ströndinni í Taílandi í nóvember sl. Allt sem minnir mig á þær er uppáhalds …**

## KLINGENBERG SPÁIR *Gísli Marteinn Baldursson*



Gísli Marteinn Baldursson er fæddur 26.02.1972. „Gísli Marteinn hefur fallega áru og mikinn framkvæmdavilja. Hann verður stundum að staldra aðeins við og tengja sig betur. Hans mun bíða glæst framtíð ef hann hefur þolinmæði til," segir frú Klingenberg og bætir við: „Gísli Marteinn hefur mjög sérstaka útgeislun, hann er predikari í sér. Hann hefði alveg eins orðið góður prestur og Gunnar í Krossinum hefði orðið ánægður að fá hann til sín. Gísli Marteinn vill hafa mikið fjör í kringum sig og er mjög tilfinningaríkur einstaklingur. Mikil spenna hefur oft ríkt í lífi Gísla Marteins enda er hann talan 11 en sú tala lætur oft lífið leika á reiðiskjálfi í kringum hann. Þetta er hátíðnitala og þar af leiðandi getur skap hans sýnt allt veðurfar á einum degi. Það er aldrei leiðinlegt að umgangast hann. Gísli Marteinn þarf að muna það að láta ekki áhyggjur gærdagsins bíta sig í kálfann. Hann verður að leyfa mýktinni að flæða til þess að ná takmarkinu."

*Gísli hefur glæsta drauma.*
*Og gjöful verða öll hans ár.*
*Hamingjuna hægt skal sauma.*
*Ef fella vilt þú engin tár.*


B&S
KONUR
BOSS
HUGO BOSS
HUGO
HUGO BOSS
SAND
B&S Kringlunni áður SAND
WOMAN
553 4141

# Heilsuleikskólinn Kór

## auglýsir eftir starfsfólki!

Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi leitar að:

- **Deildarstjóra**
- **Sérkennslustjóra**
- **Stuðningi inn á deild**
- **Leikskólakennurum eða öðru uppeldismenntuðu starfsfólki**



Að vinna að uppeldi barna eru forréttindi, að sjá þau vaxa og þroskast er ævintýri. Leikskólinn Kór í Kópavogi er heilsuleikskóli sem opnaði 1. júní 2006. Skólinn er rekinn af Skólum ehf. og er með þjónustusamning við Kópavogsbæ um reksturinn.

Skólar ehf. reka tvo leikskóla. Einn í Grindavík og síðan Kór í Kópavogi. Leikskólinn Kór er heilsuleikskóli og stefnir að því að fá viðurkenningu sem slíkur. Markmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi.

Kjörorð okkar er „heilbrigð sál í hraustum líkama". Það hefur sýnt sig í rannsóknum á undanförnum árum að heilbrigð lífssýn er grunnur að góðu heilbrigði allt lífið.

**Heilsuleikskólinn Kór**
„heilbrigð sál í hraustum líkama"

**Verið velkomin í heimsókn á leikskólann Kór að Baugakór 25 í Kópavogi eða hafið samband við Bjarneyju Kr. Hlöðversdóttur leikskólastjóra í síma 570-4940, 897-7891 eða með tölvupósti á netfangið kor@skolar.is.**

Skólar ehf.

www.skolar.is







**Englaljós til þín**
**S. 908 5050, Lára spámiðill**
**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla virka daga frá kl. 09-01 & helgar frá kl. 12-03.**
**Visa/Euro. S. 863 1987.**




**Alspá**
**445 5000 & 823 8280**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




**RafList**

**Löggildir rafverktakar**
**Getum bætt vid okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, vidhaldsvinna,**

**og fagleg ráðgjöf.**
**Uppl. í s. 823 8860 & 696 0502.**

**www.raflist.is**

## Önnur þjónusta

**Fatabreytingar**
**Styttum buxur, skiptum um rennilása á buxum og jökkum, einnig leðurjökkum.**
**Opin mánudag- föstudag frá kl 09 - 17.30. laugardaga 10-14.**
**Sími 552 5540. Skraddarinn á Horninu, Lindargötu 38.**

**Geymið auglýsinguna.**

## KEYPT & SELT

## Til sölu



Við hjá K-Matt ehf höfum fengið blóðsykursmæla og strimla á frábæru verði sem hefur ekki þekkst áður. Upplysingar i sima 421 8999 eða k-matt@simnet.is . Opnunartimi er a milli 9-11:30 og 13:15-16:30 alla virka daga.



**Stubbastandar**
Viltu losna við sígarettustubbana, bæði standar og á vegg. Standur ehf. Uppl. í s. 842 2535.

**Skírnarkjólar**
**Hef til sölu mikið magn af skírnarkjólum á lager, blúndu og silki, húfa fylgir með mörgum og sokkar fritt með. Verð 4-6 þús. Á sama stað kjólföt á stelpur og stráka.**
**Uppl. í s. 866 9747.**

Basarinn, nytjamarkaður Grensásvegi 7, 2. hæð. Bækur, búsáhöld, skrautmunir o. fl. Ódýrt. Opið kl. 12-17 og laugard. 13-16.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Eldavél á 5þ. Nýr Eldavélaháfur á 10þ. Barkaluas Þurrkari á 15þ. Ný eldhúsvifta á 5þ. 14" TV á 3þ. Þvottavél á 10þ. Bíla CD á 5þ. Bíla hátalarar á 5þ. Glerskápur á 3þ. Uppþvottavél á 10 þ. S. 896 8568.

## Óskast keypt

Óska eftir hundabúri fyrir Schafer hund. S. 896 1348.

## Hljóðfæri




**Frábærar fermingargjafir!**
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag.pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 39.900. Gítarinn Stórhöfða 27 S. 552 2125 www.gitarinn.is

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

Óskum eftir að kaupa píanó ekki eldra en 10 ára af teg Kawai/Yamaha gsm 8202833

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

## Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.545 kr/m2, timbur 1x6 & 2x4. Uppl. í s. 840 7273 og á ulfurinn.is

## Verslun













## Ýmislegt

**Bílskúrssala**
**Laugardaginn 8. mars kl. 12-17 verður bílskúrssala í Andrésbrunni 12. 1. hæð íbúð 101**
**- Mikið úrval af dömufatnaði og skóm. Merkjavara og lítið notuð föt t.d. bolir á 500, 3 saman á 1200, peysur á 1000, buxur á 2000 skór á 2000.**
**- Húsgögn frá tekk company**
**- Sjónvarp -**
**Sjónvarpssófi -**
**Stofuborð -**
**Queen size rúm**
**- Skrifborð**
**-Hillur og kommóða -**
**Baðskápar -**
**Skíði og skíðaskór - Snjóbretti -**
**Bassabox og keilur í bíl -**
**Mikið úrval af ýmsu smádóti.**
**Allt á að fara og selst allt mjög ódýrt! Upplýsingar í síma 898 2818 Anna Lilja**

## ÞJÓNUSTA




## ÞJÓNUSTA






## Fyrirtæki

Til sölu lítið fyrirtæki sem leigir út vatns og kaffivélar góð vefsíða fylgir. ýmis skipti koma til greina Einnig talningarvél fyrir 50 og 100 krónu peninga. upplýsingar í síma 8993540 Sóley giga@simnet.is

# HEILSA

## Baðstaðir

**Japanska baðið - Nýtt - Nýtt - Nýtt !**

Líkamsskrúbbun - pottur (frítt) - Power nudd - gómsætur matur. Verð kr. 5500. Detox = úthreinsun ofl. Japanska baðið, Skúlagötu 40, gengið inn frá Barónstíg. (Næsta hús við Janus). S. 823 8280.

## Heilsuvörur




Villtu missa 5-7 kíló? 9 daga hreinsigrógram frá Aloe Vera 14.690kr S. 6978928



**Þyngdarstjórnun - ráðgjöf - lifestyle 30**

Heilsuráðgjöf, þyngdarstjórnun Fjóla Þorsteinsdóttir einkaþjálfari sjálfstæður dreifingaraðili. FLP. S. 899 2445. Nánari uppl. inná www.4ever.is.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu fríán prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

LR-Henningskúrinn, fljótvirkur og átakalaus. Anna Snyrtifræðingur, S. 699 7379.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 862 0283.

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla - Driving Lessons. Get bætt við mig nemendum. Kenni á Subaru Legacy. Uppl. í s. 664 8203 Hörður Hinriksson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Sófalist**

Glæsileg spönsk rúmteppi - 30% fermingar afsláttur. Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ Sími 553 0444 - www.sofalist.is

## Heimilistæki

Uppþvottavél til innbyggingar. Lítð notuð AEG Favorit 86070 Vi til sölu. S. 863 0104.

## Barnavörur



Vinsælu mjúku flísreyfin komin aftur í sm og l Verslunin Skírn Listhúsinu v Engjateig 17 S: 5687500-6994617 Póstkröfuþjónusta.

## Dýrahald

Mjög fallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 897 8848.

Labrador hvolpar til sölu. Bólusettir og heilsufarsskoð. Fæddir 14. jan. Uppl. í s. 846 5785.

Kattasýning Kynjakatta í Reiðhöll Gusts í Kópavogi 8. og 9. mars. Opið frá 10:00 til 17.30 báða dagana. www.kynjakettir.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring, Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Hestamennska



Stallmúlar, gráir, bláir, grænir og brúnir kr. 695,- ~~Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.~~

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Sprzedam mieszkanie. Moge pomóc w zalatwieniu kredytu. Parduodamas butas. Galiu padeti gauti paskola. Simi 892 9295.

Falleg íbúð, 90fm, 4herb. á besta stað í 101 er laus 1.jún-31.júlí Húsgögn fylgja, sanngjörn leiga. Sími: 6977933

Rooms for rent in 101 Reykjavik for minimum 6 months. Use of kitchen. bath. washer and dryer. Wireless internet. Open house on Saturday Mars 8. from 14-16 Please call 849 5422.

2 herb. 70m2 Íbúð í 109 Rvk. Til leigu, laus strax. 120.000 þús/mán með hússjóði. Trygging skilyrði. Uppl. Sendist á sigurjon.p@simnet.is

Stúdioíbúð til leigu í Grafarholti. Einnig 20fm geymslurými við Hlemm. Uppl. í s. 892 7664.

13fm herb. til leigu í Kóp. með aðgengi að sameiginlegu WC ekki sturtu. Uppl. í s. 820 6904, Rakel.

Til leigu er 75 fm 3 herb. íbúð við Gnoðarvog. Leiguverð er 120 þús., hússjóður innifalinn. Uppl. í s. 867 9534.

2 manna herb. í Hraunbæ til leigu m. eldhúsaðst., baði & þvottah. Reglusemi. S. 698 8037.

Falleg 2 herbergja íbúð á fyrstu hæð til leigu á Akranesi. Laus strax. Nánar á www.123.is/ibud

100fm 3ja herbergja íbúð á svæði 108. Þvottaaðstaða í íbúð og sérinngangur. 160 þús. á mánuði, einna mánuður fyrirfram. leiga108@visir.is/ 845 3000.

52fm íbúð í þríbýli til leigu í Kóp. með eða án húsg. V. 110 á mán. + 1 mán. fyrirfr. S. 897 2318.

2 herb. íbúð í 110 rvk. leiga 120 m. öllu. 1 mán fyrirfram. S. 694 2341.

## Húsnæði óskast

53 ára skrifstofumaður óskar eftir 2 herb. íbúð í borginni. Greiðslugeta er 75-80 þús. Heitið er háttvísi og skilvísum greiðslum. Uppl. í s. 891 9652 eða obandresson@gmail.com

Óska eftir 2-3 herb. íbúð til leigu. Greiðslugeta 80-90 þús. á mán. Uppl. í s. 695 5947.

Feðgar óska eftir húsnæði í Hfj. Uppl. í s.848 8842

Óska eftir 2-3 herb. íbúð í Hfj., Grb. eða Kóp. Má þarfnast lagfæringar. Helst langtímaleiga. S. 661 0373.

## Sumarbústaðir



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.

19 fm ca. vinnuskúr eða sumarbústaður. Fulleinangraður með gluggum og rafmagnskyndingu. Hægt er að flytja hann á sama hátt og ruslagám. Tilboð. S. 899 3011.

## Atvinnuhúsnæði

Vantar þig lagerrými? Erum með lagerrými til leigu, 50-500fm. Upplýsingar í síma 695-7045 eða 570-7010

Skrifstofuherbergi í snyrtilegu umhverfi til leigu. Suðurlandsbraut 6, 2 hæð. Góð aðstaða. Uppl. gefur Þór í s. 899 3760.

Óska eftir ca. 30fm bílskúr/geymslu til leigu eða kaups. Uppl. í s. 897 4110.

210 fm atvinnuhúsnæði til leigu við Skemmuveg, mikil lofthæð, Góðar innkeyrskudyr, laust, uppl í síma 898-0206

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Höfum til leigu geymslurými, 5-50fm. Upplýsingar í síma 695-7045 og 570-7010

## Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4530

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Helgarstarfsfólk óskast**

Bæjar Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskröftum í afgreiðslu um helgar. www.bakstur.is eða í s. 555 0480, Sigurður.

**Tabascos**

**Nýr mexikanskur veitingastaður.**

**Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður: Vaktstjóra í sal og þjóna í kvöld og helgarvinnu. Einnig fólk í þrif og matreiðslumenn í eldhús. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið.**

**Uppl. í síma 842 2800 eða á helgi@redchili.is**

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**

**Óskum eftir að ráða hressar og duglegar manneskjur í afgreiðslu í bakaríð hjá Jóa Fel Holtagörðum. Einnig vantar fólk um helgar. Íslenskukunnátta skilyrði.**

**Upplýsingar gefur Dóra í síma 861 2417 eða Unnur í síma 893 0076. Íslenskukunnátta skilyrði.**

**American style Nýbýlavegi**

Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í sal 100% vaktavinnu í sal. Mjög góð íslenskukunnátta áskilin. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært folk. Komdu að vinna fyrir rótgróinn vinnustað og sæktu um á americanstyle.is

**Pítan vaktstjóri**

Ferskur vinnustaður, góður vinnuandi og fínustu laun Ef þú ert dugleg/ur átt auðvelt með samskipti við annað fólk, ert eldri en 22 ára og ert með framúrskarandi íslenskukunnáttu þá gætum við átt samleið. Hentar vel með háskóla. Umsóknir á pitan.is

**Veitingahúsið Nings**

**Veitingahús Nings óska eftir vaktstjóra. Unnið er á 15 daga vöktum. Vaktstjóri þarf að eiga auðvelt með að vinna með öðrum, hafa góða þjónustulund og vera íslenskumælandi.**

**Uppl. í síma 8228870 eða á www.nings.is**

**Kvöld og helgarþjónar!**

**Kringlukráin óskar eftir að ráða kvöld og helgarþjóna og barþjóna, með einhverja reynslu.**

**Aðeins íslenskumælandi koma til greina.**

**Áhugasamir sendi umsókn á: sophus@kringlukrain.is eða í s. 893 2323.**

**Atvinna Atvinna**

**Starfsmaður óskast til starfa á þjónustuborð okkar í Rúmfatalagernum Smáratorgi. Upplýsingar gefur Njáll í síma 820 8004 Rúmfatalagerinn Smáratorgi**

**Smart starfsfólk**

**Starfsfólk óskast á sólbaðsstofuna Smart Grensásvegi. Umsóknareyðublöð á staðnum. Yngri en 18ára koma ekki til greina.**

**Frístundaheimili**

**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**

**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Bakarí í Kópavogi, Engihjalla.**

**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa aðra hvora helgi. Hentar vel skólafólki. Helst reyklaus. Íslensku kunnátta æskileg.**

**Uppl. í s. 820 7370.**

**Óska eftir vönum manni á nýlegregri hjólagröfu**

**Þeir sem hafa áhuga hafið samband í s. 891 8338.**

**Aktu Taktu Skúlagötu**

Leitar að þér. Kvöld- og helgarvinna í boði. Skemmtileg vinna á skemmtilegum vinnustað. Allir hvattir til að sækja um. Umsóknir á aktutaktu.is

**Mosfellsbakarí**

**Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 13-19. Einnig einn dag aðra hvora helgi. Íslenskukunnátta skilyrði. Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.**

**Veitingahús**

**Starfskraftur óskast í 80% vinnu. 13 dagar frá kl. 12-19, 7 daga frá 7-14. Vaktavinna. Uppl. í s. 843 9950.**

**Smurstöð**

N1 óskar eftir áreiðanlegum og duglegum starfsmanni til starfa á smurstöð félagsins við Fellsmúla. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af smurþjónustu og bílaviðgerðum. Nánari upplýsingar veitir Sigmar Gíslason í síma 530 5710. Áhugasamir sæki um starfið á www.n1.is

**Gullnesti Grafavogi**

**Óskar eftir íslenskumælandi starfsfólki í kvöld og helgarvinnu, grillkunnátta kostur enn ekki nauðsynlegt.**

**Upplýsingar í síma 699 4100 Jón Þór**

**Starfsfólk óskast**

Fjöldi starfa í boði á vef Hendur.is. Skoðaðu hvað er í boði. WWW.HENDUR.IS

Menn vantar í málningarvinnu reynsla æskileg samt ekki skilyrði. S. 897 2009.

Smiðir Óskum eftir vönum smiðum í flekauppslátt. Næg verkefni! Uppl. í s. 517 7833 & 856 5555.

**- Helgarvinna -**

Starfsmaður óskast í lítinn fallegan íbúðakjarna fatlaðra í Vesturbænum. Vinnutími aðra hverja helgi og ein kvöldvakt virka daga. Um afleysingu er að ræða en möguleiki á meiri og áframhaldandi sumarvinnu. Krafist er samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum, reynsla af vinnu með fötluðum æskileg. Nánari uppl. gefa Ranneig Þorvaldsdóttir í s. 561 3041 fyrir hádegi og Droplaug Guðnadóttir í s. 411 2700.

Óska eftir vönum manni í hellulagnir. Uppl. í s. 696 6580.

## Atvinna óskast

**Vantar starfsfólk?**

Skilvirkar og hagkvæmar ráðningar á netinu. WWW.HENDUR.IS

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413.

## Viðskiptatækifæri

**Laust pláss/viðskiptatækifæri( mini spa / Snyrti- og nuddstofa )**

**Við erum að leyta að jákvæðum aðilum sem hafa áhuga á að vinna sjálfstætt í opnu umhverfi í nýju glæsilegu húsnæði í 101 Reykjavík. Húsnæðið passar sérstaklega vel fyrir aðila sem hafa sérhæft sig t.d. í stólanuddi, svæðanuddi, reflexology, föðrun, fót- og handsnyrtingu. Leiga reiknast sem prósenta af tekjum fyrir unna vinnu. Auk þess er í boði söluþóknunun fyrir sölu á lífrænum snyrti- og heilsu vörum og öðrum varning. Hafið samband í síma 897 4315**

**Veitingarekstur.**

Til sölu veitingar og gistiheimili í Reykjavík, með öllum tækjum og búnaði til rekstrar. Langtímaleiga. Uppl. í s. 898 1177, Baldvin.

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

**VANTAR ÞIG MÚRARA?**
**Reyndir menn - klárir til vinnu!**
**Sverrir@Proventus.is**
**Hringdu núna S. 661-7000**


## Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**

## Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

## PÍPARAR

Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu

**Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf**

GT

Rauðhellu 1 - 221 Hafnarfjörður - Sími 580 16 00 Fax 580 16 01
Veffang gtverktakar@gtverktakar.is - www.gtverktakar.is

## Bílstjórar og gröfumenn

Óskum eftir að ráða vana gröfumenn og trailerbílstjóra.
Upplýsingar veitaTrausti í s. 896-1653

**Byggingarfyrirtæki í Reykjarvík vantar skúringarkonu**
sem þarf að hafa bíl til ráðstöfunar. Laun samkomulag
s:8207062

**Firma budowlana na terenie Rejkiaviku**
potrzebuje kobie do sprzatania z wolny samochodm
s:8207062

VINNUEFTIRLITIÐ

Vinnueftirlitið starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu. Meginmarkmið stofnunarinnar er að fækka vinnuslysum, draga úr atvinnutengdum sjúkdómum og stuðla að vellíðan starfsmanna á vinnustöðum.

## Vinnueftirlitið óskar að ráða eftirlitsmann til starfa í véla- og tækjaeftirliti á Vestfjörðum

**> Verksvið:**
- Vinnuvéla- og tækjaeftirlit
- Fræðsla, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

**> Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Staðgóð tæknimenntun, t.d. vélfræði- eða iðnmenntun
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi sem þessu, s.s vinna við stjórn eða viðgerð vinnuvéla
- Geti unnið sjálfstætt og sýni frumkvæði í starfi
- Góð framkoma og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla í tölvunotkun æskileg
- Reynsla af fræðslu- og kynningarstarfi kostur

Um er að ræða starf í Vestfrjarðarumdæmi með aðsetur á Ísafirði. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eigi síðar en 1. júní 2008. Starfsþjálfun fer fram við upphaf starfs. Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist Vinnueftirliti ríkisins, Árnagötu 2-4 400 Ísafjörður eða á netfang: valgeir@ver.is og á netfangið mg@ver.is fyrir 10. apríl nk. Umsóknareyðublað er ekki notað. Nánari upplýsingar um starfið fást hjá Valgeiri Haukssyni s. 4503082/8951594 valgeir@ver.is eða Magnúsi Guðmundssyni s. 5504600/8917622 (mg@ver.is)

# Íbúðir til leigu

Til leigu tveggja og þriggja herbergja glæsilegar íbúðir í nýju fjölbýlishúsi við Ánanaust.

Stendur húsið meðfram sjávarsíðunni vestast í vesturbænum. Lyfta er í stigahúsinu og eru íbúðirnar með frábæru útsýni og góðum svölum. Mánaðarleiga er kr. 130 þúsund fyrir tveggja herbergja og kr. 150 þúsund fyrir þriggja herbergja íbúð.

Nánari upplýsingar í síma 895-8340, 896-4013 og 866-6904.


vísir.is
"...ég sá það á vísi"








**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**




Marshall AMPLIFICATION

## Gítarpakki

Alvöru rafmagnsgítar • Marshalll nemar (pick-up) • 15w magnari • Snúrur, ól og gítartaska • Gítarstillir (tuner)

**24.989 kr.**

Fullt verð ~~29.999~~

## PS3 pakki





40Gb

**55.989 kr.**

2 leikir +2 ÞRÁÐLAUSIR STÝRIPINNAR FYLGJA FRÍTT

# Fyrirmyndar fermingargjafir



## 100GB flakkari



**Western Digital Passport 2**
2.5" 100GB flakkari • Tengist í USB2 • Styður Windows 2000/XP/Vista og Mac OS 10.1.5+ • USB2 kapall fylgir • Auðveld uppsetning og notkun • Linux stýrikerfi

## Nett Asus fartölva

**Asus EEE PC 4G Galaxy**
Fartölva • Intel Celeron M 900Mhz 512KB 400Mhz • 512MB 400mhz DDR2 • 7" WVGA (800x480) TFT LCD • 4GB Solid-State Disk • 10/100 & 802.11b/g þráðlaust netkort • Uppfæranlegt minni • Linux stýrikerfi



Minnisstækkun fyrir fartölvu

2GB MINNISKORT FYLGIR FRÍTT

Dúndur PAKKA TILBOÐ

**54.978 kr.**

# Hitta tæknilega beint í mark



## Max PC



## 19" LCD

**Acer AL1916C**
19" LCD skjár • Skerpa 700:1 • Viðbragðstími 5 ms • Upplausn 1280x1024 • Tengi VGA

**Max Skólavél**
Intel Pentium Dual Core E2140 örgjörvi • 1,6GHz 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni • 250GB SATAII 7200rpm 16MB harður diskur • 18x Samsung DVD+/-RW Dual Layer DVD drif • GeForce 7100 onboard 256MB skjákort • Realtek High Definition onboard 5,1 hljóðkort • Lan 10/100/1000, 6x USB2.0, DVI, VGA • Windows Vista Home Premium ofl.

**Creative SBS580**
5.1 hátalarakerfi

Dúndur PAKKA TILBOÐ

## Prentari



**Brother CP135**
Inkjet litaprentari • USB • Prentar 25 bls. sv/hv og 20 í lit á mín. • 1200 Dpi x 6000 Dpi • Prentar út í kanta

5.1 HÁTALARAR FYLGJA FRÍTT

**89.967 kr.**

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI



## Vefmyndavél

**Creative Live Cam Optia**
Passar á flesta LCD skjái • Virkar með Skype og MSN • Transparent hvít hönnun • USB tengt

**4.489kr.**



## Þráðlaust lyklaborð

**Logitech Comfort Laser**
• Tvískip þráðlaust lyklaborð • Þráðlaus Laser mús

**6.989kr.**
Fullt verð ~~8.989~~



## 7.1 milljóna punkta

**Olympus FE210**
• 7.1 milljóna punkta upplausn • 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom • Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 38 - 114mm) • 2,5" LCD Skjár • Hreyfimyndataka • USB tenging við tölvu • Tekur xD kort • 9MB innra minni

**14.489kr.**



## iPod Nano 4GB silfur

**iPod Nano 4GB**
4GB MP3 spilari • 2" LCD baklýstur skjár • Geymir allt að 1.000 lög • 3.500 myndir • 4 tíma af vídeói

**19.989kr.**
Fullt verð ~~22.989~~

# Dúndur PAKKA TILBOÐ



## DVD ferðaspilari

**Dantax DVDP9**
Fjölkerfa DVD spilari • 9" LCD breiðtjaldsskjár • Dolby • Digital stafræn hristivörn • Sýnir JPEG myndir • USB • Heyrnartólstengi • Coaxal útg. ofl

3 DVD í pakka FYLGJA FRÍTT - að eigin vali

**24.989kr.**



## Fimm góðar á hverjum DVD

**1.989kr.** stk.



## Seríur og safndiskar

**1.989kr.** stk.



## Þrjár úrvals myndir á hverjum DVD

**1.989kr.** stk.

# DVD verðhrun!

MAX RAFTÆKI

Tilboðin gilda til 13. 03. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.808 **+0,85%**

**Fjöldi viðskipta:** 273
**Velta:** 3.687milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **FØROYA BANK** | +3,65% |
| **ATL. PETROLEUM** | +0,67% |
| **ALFESCA** | +0,45% |

**MESTA LÆKKUN**

| | |
|---|---|
| **ICELANDIC GROUP** | -2,87% |
| **ATLANTIC AIRWAYS** | -2,49% |
| **STRAUMUR-B.ÁS** | 1,52% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 8,00 +0,00% ... Bakkavör 40,00 -1,24% ... Eimskipafélagið 29,10 +0,00% ... Exista 11,84 -0,92% ... FL Group 9,03 -1,42% ... Glitnir 16,80 -1,18% ... Icelandair 24,90 +0,00% ... Kaupþing 726,00 -1,23% ... Landsbankinn 26,60 +0,38% ... Marel 88,00 -0,57% ... SPRON 5,21 -1,51% ... Straumur-Burðarás 11,00 -1,52% ... Teymi 4,99 -0,99% ... Össur 90,60 -0,44%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Einu Íslendingarnir á lista Forbes

Bandaríski öldungurinn Warren Buffett er ríkasti maður heims, samkvæmt nýjasta lista bandaríska viðskiptatímaritsins Forbes yfir auðugustu einstaklinga í heimi. Bill Gates, stjórnarformaður og annar stofnenda bandaríska tölvurisans Microsoft, sem hefur verið í toppsætinu í heil þrettán ár, fellur í þriðja sæti. Í öðru sæti situr mexíkóski auðjöfurinn Carlos Slim Helu.

Eignir Buffetts, sem stýrir fjárfestingarfélaginu Berkshire Hathaway, nema 62 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði 4.114 milljarða íslenskra króna. Þetta er tíu milljörðum dala meira en fyrir ári.

Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums og Actavis, er í 307. sæti á lista bandaríska viðskiptatímaritsins Forbes yfir ríkustu einstaklinga í heimi. Tímaritið metur eignir hans á 3,5 milljarða dala, jafnvirði 232 milljarða króna, sem er óbreytt staða á milli ára. Í fyrra sat hann í 249. sæti listans. Faðir hans, Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans, er í 1.014. sæti á sama lista og lækkar hann um 211 sæti. Eignir hans eru metnar á 1,1 milljarð dala, sem er 100 milljónum minna en í fyrra.

Feðgarnir eru einu Íslendingarnir á listanum. **- jab**



**AUÐUGIR FEÐGAR** Björgólfur Guðmundsson og sonur hans og nafni eru á lista yfir ríkustu menn heims. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**TOPP TÍU LISTINN***

| Nafn | Búsetuland | Auður í ma.kr. |
|---|---|---|
| Warren Buffett | Bandaríkin | 4.125 |
| Carlos Slim Helu | Mexíkó | 3.992 |
| Bill Gates | Bandaríkin | 3.859 |
| Lakshmi Mittal | Bretland | 2.994 |
| Mukesh Ambani | Indland | 2.861 |
| Anil Ambani | Indland | 2.794 |
| Ingvar Kamprad | Svíþjóð | 2.062 |
| KP Singh | Indland | 1.996 |
| Oleg Deripaska | Rússland | 1.863 |
| Karl Albrecht | Þýskaland | 1.796 |

** Heimild: Forbes*

## Óbreyttir vextir

Bankastjórnir seðlabanka í Bretlandi og á evrusvæðinu ákváðu í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum. Ákvörðunin er í takt við væntingar.

Stýrivextir í Bretlandi voru lækkaðir um 25 punkta í síðasta mánuði og standa nú í 5,25 prósentum. Þeir standa hins vegar í fjórum prósentum á evrusvæðinu og hefur Jean-Claude Trichet seðlabankastjóri þráfaldlega sagt að ekki verði hreyft við vöxtunum fyrr en verðbólga gefi eftir.



**JEAN-CLAUDE TRICHET**

Sérfræðingar benda á að há gengisskráning evru, sem stendur í hæstu hæðum, geti bitnað á fyrirtækjum í útflutningi, ekki síst ef hrakspár um efnahagssamdrátt gangi eftir. **- jab**

## Olíudropinn aldrei dýrari

Verðmiðinn á hráolíu fór upp í tæpa 106 dali á tunnu í gær og hefur svartagullið aldrei verið dýrara.

Samtök olíuútflutningsríkja (OPEC) ákváðu á fundi sínum í Vín í gær að auka ekki olíuframleiðslu landanna. Abdallah Salem el-Badri, málsvari samtakanna, segir framboð og eftirspurn í jafnvægi. Þó muni samtökin boða til neyðarfundar gerist þess þörf.



**TALSMAÐUR OPEC**

Á sama tíma drógust olíubirgðir saman á milli vikna í Bandaríkjunum og gengi Bandaríkjadals fór í lægstu lægðir gagnvart evru en það keyrir alla jafna olíuverðið upp. **- jab**

## Sýn Moody's á bankana óbreytt

Lánshæfishorfum Íbúðalánasjóðs var breytt í neikvæðar úr stöðugum hjá alþjóðlega matsfyrirtækinu Moody's um leið og það sama var gert varðandi lánshæfi ríkisins á miðvikudag.

Matsfyrirtækið sendi frá sér sérstaka tilkynningu þar að lútandi, þar sem um leið var áréttað að horfur í lánshæfi íslensku bankanna væru áfram stöðugar, þrátt fyrir breytinguna sem að ríkinu sneri.

Á markaði hafa engin sérstök viðbrögð verið við nýju mati Moody's. Þannig varð til að mynda ekki breyting á skuldatryggingarálagi bankanna eftir síðustu breytingar. Samkvæmt heimildum blaðsins þykir Moody's í fjármálaheiminum hafa sett niður með hringlandahætti í lánshæfismati síðasta árið og hefur álit fyrirtækisins af þeim sökum ekki sömu vigt og áður. **- óká**


# PÁSKATILBOÐ Í BOHEMIA

Hefst 6. mars og stendur fram yfir páska

2007 árgerð af **Deluxe Spas** rafmagnsnuddpottum
Kanadísk hönnun
6 manna - 65 stútar - 4 dælur - Viðhaldsfrí klæðning - Útvarp og cd - Original Lucite skel - lok og trappa
Perluhvít skel: 498.000,- (aðeins örfá eintök eftir)

2008 árgerð af Deluxe Spas rafmagnsnuddpottum
20% afsláttur af staðfestum pöntunum.



**HAIER RAFTÆKI**
2 ára ábyrgð - Full þjónusta

**Uppþvottavél** - 12 manna
Orkuflokkur A - Vinduhæfni A - Þvottahæfni A - Þyngd 49 kg
Hvít eða stál: 33.000,-



**Þvottavél** - 1200 snúninga
Orkuflokkur A - Vinduhæfni A - Þvottahæfni B - Tekur 6 kg
Hvít eða silfurlit: 29.000,-



**Tvöfaldur ísskápur**
silfurlitur - kámfrír
Orkuflokkur A - 341 lítra kælir - 180 lítra frystir
109.000,-

**Vínkælir - tvær stærðir**
Verð frá 49.000,-



**Stækkanlegt borð** (180/260x100x76)
**og 8 stólar** 149.000,-

**Borð** (200x100 cm) **og 8 stólar** 129.000,-

**NÝTT** vorum að taka upp sprautulakkaða trévöru - mikið úrval

BOHEMIA

Bohemia - Akralind 4 - 201 Kópavogur - s: 544-2290
www.bohemia.is - bohemia@bohemia.is
Afgreiðslutími virka daga 10-18 og laugardaga 11-15

# Mömmugildra

UMRÆÐAN
Leikskólamál


BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR

Flestir foreldrar ungra barna þekkja þann vanda sem skapast þegar þarf að brúa bilið frá því fæðingarorlofi sleppir þar til barnið fær inni á leikskóla. Fyrir síðustu kosningar í borginni höfðu allir flokkar í borginni uppi stór orð um að brúa þetta bil með því að hraða uppbyggingu leikskólanna og taka inn yngri börn. Þar spöruðu sjálfstæðismenn og nýr borgarstjóri ekki stóru orðin. Nú hafa þessir flokkar samþykkt framtíðarsýn sína fyrir Reykjavíkurborg næstu 3 árin. Í stað þess að láta verkin tala eins og þeim sjálfum hefur verið svo tíðrætt um, eru uppbyggingaáform leikskólanna aðeins upp á þrjá nýja leikskóla auk örfárra sem á að stækka.

Þetta er dropi í hafið miðað við þá miklu þörf sem er fyrir fjölgun dagvistaúrræða fyrir ung börn í Reykjavík.

Til að bregðast við þessum veruleika bregst svo nýr meirihluti við með því að fara í sögusafn gamalla og úreltra hugmynda og draga fram illa endurnýjaða hugmynd um heimgreiðslur fyrir foreldra barna sem eru á biðlista eftir leikskólaplássi, eða svokallaða „mömmugildru“. Veruleikinn er hins vegar sá að foreldrar bíða eftir þjónustu frá leikskólum eða dagmæðrum en ekki skaðabótum. Það er svo átakanlegt að heyra að með hverju barni er fyrirhugað að fylgi um tíu þúsund krónur fyrir mánuðinn, sem enginn getur nýtt sér og barni sínu til framfærslu.

Reynsla annarra Norðurlanda sýnir að eingöngu mæður nýta sér heimgreiðslur. Ástæðan er einföld. Hagfræði heimilisins er þannig að sá sem hefur hærri tekjur fer fyrr út að vinna, sér í lagi þegar annað foreldrið kemst ekki til vinnu vegna skorts á dagvistunarúrræðum. Kynbundinn launamunur hallar á konur og því eru það nánast eingöngu konur sem verða eftir heima með barnið.

Í stað þess að nýr meirihluti nýti þessa fjármuni í að hraða uppbyggingu leikskóla og styðja enn frekar við önnur dagvistunarúrræði – er mömmugildran fest í sessi og þeir leyfa sér að halda því fram að um val foreldra sé að ræða.

Öll þessi aðgerð er á skjön við markmið mannréttindastefnu borgarinnar, svo og markmið nýrra jafnréttislaga. Aðgerðin ýtir undir að kynin fari aftur í gömul og úrelt kynjahlutverk á heimilum vinna ekki að lausn vandans heldur neyðir okkur aftur til fornaldar. Allt þvert á markmið feðraorlofs sem snýst um að gera körlum kleift að bera jafna ábyrgð á börnum sínum á við konur og að jafna aðstöðu kynjanna á atvinnumarkaði. Feðraorlofið hefur skilað miklum árangri en heimgreiðslur munu færa okkur aftur á bak í baráttunni.

Því biðla ég til nýs meirihluta að skila þessari afleitu hugmynd aftur á sögusafnið þaðan sem hún er sótt og taka til hendinni og byggja upp fleiri leikskóla í stað þess að rífa niður það jákvæða sem tekist hefur í jafnréttismálum.

*Höfundur er fulltrúi Samfylkingarinnar í leikskólaráði.*

# Vilt þú hafa fiðrildaáhrif?

UMRÆÐAN
Fiðrildavikan


HRUND GUNNSTEINSDÓTTIR

Það var að næturlagi sem árásarmennirnir komu. Ég var sofandi og ein í húsinu. Þeir voru fimm. Þeir réðust inn og rifu mig úr fötunum. Þeir stungu mig með sveðju í höfuðið og ofarlega í handleggina á meðan þeir héldu höfðinu á mér aftur. Ég öskraði allan tímann á meðan þeir nauðguðu mér – allir fimm, hver á eftir öðrum. Á meðan einn nauðgaði mér sagði annar: taktu hann út svo ég geti tekið hana! Þeir börðu með spýtu í hendina á mér sem er núna stórskemmd. Sársaukinn var skelfilegur. Þegar þeir fóru skreið ég út úr húsinu. Þeir kveiktu í húsum í þorpinu og svo kveiktu þeir í mínu. Nauðgunin orsakaði að ég rifnaði illa, fékk svæsna ígerð og lyktin af mér var hræðileg.“

Svona hljómar frásögn Kibakuli, sem er 70 ára kongósk kona frá Kanya Batundu í norðaustur Lýðveldinu Kongó. Reynsla hennar er því miður dæmigerð fyrir stúlkur og konur þar í landi en segja má að þar sé líkami kvenna sá vígvöllur sem barist er á. Fiðrildasöfnunin er umfangsmesta fjáröflun sem UNIFEM á Íslandi hefur skipulagt en hún er í þágu kvenna og stúlkna á stríðshrjáðum svæðum í Líberíu, Kongó og Súdan.

**Konurnar sjálfar skilgreina þörfina**

Stærstur hluti fórnarlamba í stríði í dag eru óbreyttir borgarar, aðallega konur og börn. Þó svo að friður hafi komist á í Líberíu árið 2003 og lýðræðislegar kosningar farið fram, þá er kynbundið ofbeldi ennþá algengasti glæpurinn í landinu. Í Súdan verða konur og stúlkur fyrir gríðarlegu kynferðisofbeldi, bæði á „gleymdum“ stríðssvæðum í suðri sem og í Darfúrhéraði, þar sem þjóðernishreinsanir eiga sér stað. Konurnar í Kongó, Líberíu og Súdan upplifa stríðsástand hvort sem átök eiga sér stað milli stríðandi fylkinga sem stendur eða ekki því enn fara blóðugir bardagar fram á líkömum þeirra.

Það fjármagn sem safnast í Fiðrildavikunni rennur í Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum og þaðan til kvenna og stúlkna í Súdan, Líberíu og Kongó. Styrktarsjóðurinn starfar samkvæmt þeirri hugmyndafræði að finna lausn við því sem konurnar sjálfar skilgreina sem vandamál – því þær þekkja sín samfélög best. Þess vegna svarar Styrktarsjóðurinn þörf kvenna, en ákveður ekki fyrir þær hver verkefnin eigi að vera.

**Mikill skortur á fjármagni**

Styrktarsjóðurinn er eini sjóður sinnar tegundar í heiminum og byggist á frjálsum framlögum. Úthlutað er úr sjóðnum í kringum 25. nóvember ár hvert en þá er alþjóðlegur baráttudagur gegn kynbundu ofbeldi. Í fyrra bárust sjóðnum 512 umsóknir frá 115 löndum, metnar á 105 milljónir Bandaríkjadala. Aðeins var hægt að styrkja 6% umsókna, eða 29 verkefni í 36 löndum, fyrir 5 milljónir Bandaríkjadala. Það er því ljóst að þörfin er gríðarleg en skortur á fjármagni mikill.

Fiðrildið er tákn fyrir umbreytingar í átt til frelsis. Fiðrildaáhrifin vísa í þá kenningu að vængjasláttur örsmárra fiðrilda í einum heimshluta geti haft gríðarleg áhrif á veðurkerfi hinum megin á hnettinum. Í því samhengi biður UNIFEM almenning að hafa fiðrildaáhrif því líkt og vængjasláttur fiðrilda getur framlag Íslendinga haft mikilvæg áhrif í þágu þeirra kvenna og stúlkna sem UNIFEM starfar fyrir. Ef við Íslendingar tökum höndum saman geta fiðrildaáhrif frá Íslandi veitt þessum konum og stúlkum í Líberíu, Súdan og Lýðveldinu Kongó byr undir báða vængi. Markmiðið er að þær fái að fljúga á eigin forsendum. Ónafngreind kongósk kona sagði í viðtali við Christian Science Monitor í apríl í fyrra: „Við, kongóskar konur, erum að gera það sem við getum til að hjálpa hverri annarri... Okkur hefur lengi fundist við vanræktar – en við vonum að þessi tilfinning eigi eftir að hverfa einn daginn.“

Vilt þú hafa fiðrildaáhrif?

*Höfundur er talskona Fiðrildavikunnar.*

# *Stofnun Rannsóknarstofnunar um utanríkis- og öryggismál II*

UMRÆÐAN
Utanríkis- og öryggismál


ÞORSTEINN ÓLAFSSON

Í fyrri hluta þessarar greinar sem birtist í Fréttablaðinu í gær var fjallað um nauðsyn vandaðra vinnubragða í síbreytilegum heimi í mótun utanríkisstefnu, um breytingar í alþjóðamálum er varða Ísland sérstaklega og breytingar í alþjóðamálum almennt.

**Umræða um íslensk utanríkis- og öryggismál**

Eftir að hilla tók undir lok sjálfstæðisbaráttunnar á fyrri hluta síðustu aldar mótuðust íslensk utanríkismál af hugmyndafræðilegum straumum í alþjóðamálum og frá lokum fjórða áratugarins einkum af kalda stríðinu líkt og utanríkismál annarra norrænna þjóða. Þjóðin skiptist í fylkingar í afstöðu sinni sem hafði veruleg áhrif á framþróun stjórnmála í landinu. Bera íslensk stjórnmál enn svip af þeim átökum og stjórnmálaumræðan sjálf að nokkru leyti einnig.

Að mínu mati er umræða og umfjöllun um íslensk utanríkismál enn að verulegu leyti í gömlu fari og mjög ófullnægjandi. Fræðileg umræða um alþjóðamál til glöggvunar á álitaefnum um stöðu mála og stefnu er sömuleiðis ófullnægjandi. Stefna undanfarinna ríkisstjórna hefur að mestu verið endurtekning gamalla grundvallarhugmynda sem til urðu við allt aðrar aðstæður en nú ríkja í heiminum og áberandi tregða er á að brydda upp á nýjum hugmyndum eða jafnvel taka knýjandi álitaefni til umræðu. Þá er áberandi veruleg vanþekking á þeirri hlið utanríkismálanna er snýr að innri öryggismálum landsins og samhæfingu skortir í mótun utanríkisstefnu landsins við utanríkis- og varnarmálastefnu nágrannaríkja og bandalagsþjóða. Valkostir Íslendinga í öryggismálum í núverandi stöðu eru allavega mjög óljósir. Þetta veldur því að utanríkisstefnan sýnist ómarkviss og því ekki trúverðug út á við.

Umræða á Alþingi Íslendinga ber þessi sömu veikleika merki. Þá hefur utanríkisráðuneytið unnið fyrir lokuðum dyrum að stefnumótun á þessu sviði og nýtur takmarkaðs aðhalds af upplýstri umræðu og rannsóknum varðandi stefnumótun í veigamiklum utanríkismálum. Slíkt er óæskilegt, sérstaklega með tilliti til þeirrar miklu óvissu sem nú ríkir á þessu sviði hvað varðar framtíðarstöðu og hagsmuni Íslands og þeirra miklu breytinga á hnattræna vísu sem hafa orðið og fyrirsjáanlegar eru. Það breytir ekki því að utanríkisráðuneytið hefur á að skipa mjög hæfu og reyndu starfsfólki sem hefði mikið til málanna að leggja ef umræða um utanríkismál væri opnari. Reyndar eru margir okkar reyndustu sendiherra mikils metnir málflytjendur á alþjóðavettvangi.

Í seinni tíð hefur mátt greina vilja ráðherra til alvarlegrar umræðu um utanríkismál sem þó hefur ekki megnað að vekja upp almenna, faglega umræðu af ástæðum sem fyrr hefur verið drepið á.

**Rannsóknarstofnanir á sviði utanríkis- og alþjóðamála**

Víða erlendis og trúlega alls staðar á vesturlöndum starfa rannsóknarstofnanir sem sérhæfa sig í alþjóðamálum og þróun þeirra, með tilliti til hagsmuna viðkomandi ríkja, og við greiningu á breytingum í alþjóðamálum sem viðkomandi ríki þurfa að bregðast við.

Við Háskóla Íslands starfar Alþjóðamálastofnun sem heyrir undir Háskólaráð. Stofnunin var sett á laggirnar árið 1990. Yfir stofnuninni er 11 manna stjórn sem í sitja fjórir dósentar frá Háskóla Íslands, fjórir erlendir fræðimenn auk fulltrúa utanríkisráðuneytis, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins. Stofnunin hefur á að skipa tveimur fastráðnum starfsmönnum.

Stofnunin hefur unnið ágætis starf á sínu sviði en fær aðeins rúmlega einnar milljónar króna framlag á fjárlögum og heildartekjur stofnunarinnar með sértekjum á árinu 2008 til að standa undir starfseminni eru um tólf milljónir króna.

Sem dæmi um erlendar rannsóknarstofnanir á sviði utanríkismála má m.a. nefna, Utenrikespolitisk Institut (UI) í Svíþjóð, stofnuð 1938, Norsk Utenrikespolitisk Institutt (NUPI), stofnuð 1958. Þá hafa Danir og Finnar nýlega komið á fót slíkum stofnunum eða árið 2003 og 2007 en það eru Dansk Institut for Internationale Studier (DIIA) og Finnish Institute of International Affairs (FIIA). Sem dæmi um fjölda starfsmanna hafði NUPI á að skipa 63 starfsmönnum árið 2006 og UI um 21 starfsmanni sama ár, en starfsmönnum fækkaði á árinu þar sem hluti starfseminnar hafði verið færður til stofnunar Önnu Lindh, sem sér um alla bókasafnsstarfsemi stofnunarinnar. Þá var rekstrarkostnaður NUPI um 54 m. norskar krónur og UI um 41 m. sænskra króna árið 2006, þar af var um 33-40% greitt af hinu opinbera.

> *Stærð stofnunarinnar gæti í byrjun miðast við um 15-20 stöðugildi með tilheyrandi kostnaði. Samkvæmt því mætti gróflega áætla að kostnaður við rekstur stofnunarinnar gæti orðið um 150-250 m.kr. á ári fyrstu árin auk stofnkostnaðar.*

Það er ekki tilviljun að Danir og Finnar skuli nýlega hafa komið þessum stofnunum á fót en endurspeglar fyrst og fremst nýjan skilning þjóðanna á mikilvægi þessa málaflokks.

Á alþjóðavísu starfa fjölmargar stofnanir á sama sviði og er International Institute of Strategic Studies á Bretlandi (IISS) trúlega ein þekktust þeirra. Enn fremur má nefna Council on Foreign Relations í Bandaríkjunum sem stofnuð var 1921.

**Stofnun Rannsóknarstofnunar um utanríkis- og öryggismál**

Ég er þeirrar skoðunar að afar brýnt sé að Íslendingar komi sér upp öflugri og sjálfstæðri sérfræðistofnun til rannsókna og ráðgjafar á sviði utanríkis- og öryggismála sem sé hafin yfir flokkadrætti og viðjar gamalla tíma og sé bær að halda uppi og örva faglega umræðu um þennan mikilvæga málaflokk. Fyrir þjóð sem sækist eftir sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna ætti tilvera slíkrar stofnunar að vera forsenda þess að þjóðin geti rækt það hlutverk sómasamlega af hendi, ef ekki forsenda þess að umsóknin verði tekin alvarlega.

Fyrir sjálfstæða þjóð á miklum breytinga- og óvissutímum er slík stofnun lífsnauðsynleg.

Ekkert er því til fyrirstöðu, að sú starfsemi Alþjóðamálastofnunar við HÍ, sem ekki tengist markmiðum háskólans sem kennslustofnunar, flytjist yfir til nýrrar stofnunar sem komið yrði á fót í þessu skyni. Þá væri sjálfsagt að tryggja samstarf hinnar nýju stofnunar við starfsemi Varnarmálastofnunar sem samkvæmt frumvarpi til varnarmálalaga verður sett á fót fyrir lok þings í vor og tekur m.a. við starfi Ratsjárstofnunar. Meðal verkefna hinnar nýju Varnarmálastofnunar verður ráðgjöf til utanríkisráðuneytisins varðandi stefnumótun og hættumat á sviði varnarmála. Það gæti m.a. falið í sér, fyrir utan það að framkvæma áhættumat á íslensku yfirráðasvæði, að framkvæma slíkt mat á starfsstöðvum íslenskra ríkisborgara um víða veröld og greina sjálfstætt stjórnmálaþróun þar til að þjóna íslenskum almanna- og atvinnulífshagsmunum. Síðara viðfangsefnið væri tilvalið verkefni nýrrar stofnunar sem gæti selt slíka þjónustu til hins opinbera eða fyrirtækja með starfsstöðvar í fjarlægum löndum.

Grundvallaratriði við uppbyggingu slíkrar stofnunar er að faglegt og stjórnunarlegt sjálfstæði hennar verði tryggt, jafnframt því að Alþingi, ráðuneyti, háskólar og samtök atvinnulífs og stærri fyrirtæki fái notið góðs af starfsemi hennar og gætu falið henni verkefni eða leitað álits hennar eftir þörfum.

Slík stofnun ætti að sjálfsögðu að kappkosta að byggja upp alþjóðlegt tengslanet við stofnanir á sama sviði en jafnframt sérstaklega að beina kröftum sínum að málefnum er varða séríslensk utanríkismál með hliðsjón af sérstöðu Íslands.

Markmið stofnunarinnar, skipulag og verksvið yrðu að vera vandlega skilgreind í stofnsamningi. Verkefni stofnunarinnar yrðu rannsóknir, útgáfu- og fræðslustarfsemi sem almenningur hefði aðgang að jafnframt því sem stofnunin veitti ráðgjöf eftir því sem til hennar yrði leitað á hinum margvíslegustu sviðum alþjóða- og utanríkismála. Stjórn hennar yrði skipuð faglega bærum einstaklingum á sviði utanríkis- og alþjóðamála, og þess vegna að hluta til þekktum erlendum sérfræðingum, en jafnframt hefði hún sérstaka rekstrarstjórn. Æskilegt væri að skipan í stjórn væri háð ítarlegu hæfnismati og í höndum óháðs aðila, t.d. fulltrúa háskólasamfélagsins eða annarra sambærilegra aðila.

Stofnunin ætti auðveldlega að geta nýtt sér reynslu okkar reyndustu sendiherra í störfum sínum sem og margra reyndra fræðimanna innan háskólasamfélagsins.

Sjálfstæði stofnunarinnar er augljóslega háð fjármögnun hennar og skipulagi. Að mínu mati kæmi vel til greina að stofnunin yrði fjármögnuð sameiginlega af ríkissjóði, Samtökum atvinnulífsins, fyrirtækjum og einstaklingum, þó þannig að ríkið væri í minnihluta. Sjálfsagt er að leita fyrirmynda erlendis hvað varðar fjármögnun sambærilegra stofnana.

Stærð stofnunarinnar gæti í byrjun miðast við um 15-20 stöðugildi með tilheyrandi kostnaði. Samkvæmt því mætti gróflega áætla að kostnaður við rekstur stofnunarinnar gæti orðið um 150-250 m.kr. á ári fyrstu árin auk stofnkostnaðar.

Með tilkomu slíkrar stofnunar væru Íslendingar í stakk búnir til að takast á við krefjandi úrlausnarefni á sviði utanríkis- og öryggismála á komandi árum. Grundvöllur myndi skapast til faglegrar umræðu um slík málefni og þar með yrði Íslendingum kleift að taka yfirvegaðar ákvarðanir um einn mikilvægasta þátt íslenskra stjórnmála til framtíðarheilla fyrir land og þjóð.

*Höfundur er viðskiptafræðingur og m.a. fyrrverandi forstjóri Norræna verkefnaútflutningssjóðsins, NOPEF, í Helsinki.*



## STEINARNIR TALA og BRÉF TIL LÁRU

# eftir meistara Þórberg

**Þetta eru fyrstu bækurnar í nýrri kiljuseríu Forlagsins sem ber yfirskriftina „Íslensk klassík“.**

**STEINARNIR TALA**

Í þessu magnaða verki segir Þórbergur frá bernsku sinni á Hala í Suðursveit á síðustu áratugum nítjándu aldar og setur sig í spor barns sem er að uppgötva umhverfi sitt og náttúruna. Allt er lifandi í hugarheimi þess og ímyndunaraflinu eru engar skorður settar.

**BRÉF TIL LÁRU**

Bókin olli miklu fjaðrafoki þegar hún kom út 1924 en boðaði um leið nýja tíma í íslenskum bókmenntum. Ýmsum sveið undan hárbeittri ádeilu verksins en það er ekki síst stórkostleg sjálfslýsing höfundar og óborganlegur húmor, sem nýtur sín til fulls í átölum hans og skopi, sem gerir *Bréf til Láru* að sígildri bók.

Soffía Auður Birgisdóttir ritar formála að báðum bókunum.




ÍSLENSK KLASSÍK

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Þann 12. mars næstkomandi eru liðin 120 ár frá fæðingu Þórbergs Þórðarsonar.
Þórbergssmiðja verður haldin 8. og 9. mars í Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Nánari upplýsingar á: http://www.hugvis.hi.is/page/Thorbergssmidja



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug og heiðruðu minningu*

**Jóns Hilmars Sigurðssonar**

líffræðings, Sléttuvegi 3 Reykjavík.

Gísli Sigurðsson, Jóhanna Bjarnadóttir
Ingibjörg Sigurðardóttir
Björn Sigurðsson
Sigrún Sigurðardóttir, Guðmundur Arason
Kristín Sigurðardóttir, Werner Rasmusson
Baldur Sigurðsson, Kristbjörg Steingrímsdóttir
Guðný Guðnadóttir
og fjölskyldur.



*Ástkær eiginmaður minn og vinur, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Kristinn Sigurðsson**

Þórufelli 18, Reykjavík,

lést á krabbameinslækningadeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 4. mars. Útförin verður auglýst síðar.

Jóhanna Antonía Sigsteinsdóttir
Sigsteinn Sigurðsson, Halla Pálsdóttir
Sigríður Sara Sigurðardóttir, Guðmundur Björnsson
Herdís Elísabet Kristinsdóttir, Sveinn Ingi Steinþórsson
Helena Kristinsdóttir, Sverrir Kári Karlsson
Halldór Sigurðsson
Haraldur Sigurðsson
Dagný Karlsen
barnabörn og aðrir aðstandendur.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Lúðvík Kjartan Kjartanson**

stýrimaður, áður til heimilis að Króki 2, Ísafirði,

lést á Húkrunarheimilinu Kumbaravogi sunnudaginn 2. mars. Útför hans fer fram frá Kotstrandarkirkju laugardaginn 8. mars kl. 15.00.

Anna Jónsdóttir
Ólína Louise Lúðvíksdóttir
Ásdís Jóna Lúðvíksdóttir, Helgi Leifsson
Hólmfríður Lúðvíksdóttir, Björn Gísli Bragason
Kjartan Jón Lúðvíksson, Anna Helga Sigurgeirsdóttir
Óli Pétur Lúðvíksson, Sólveig Ingibergsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Elías Valgeirsson**

fyrrverandi rafveitustjóri í Ólafsvík,

lést á heimili sínu Dalbraut 25, hinn 5. mars.

Magdalena Sigríður Elíasdóttir, Theódór Marínósson
Sigurður Rúnar Elíasson, Edda Sveinbjörnsdóttir
Valdimar Elíasson, Hong Shen
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Gunnarsson**

frá Arnanesi, Skálabrekku 1, Húsavík

sem lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sunnudaginn 2. mars síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 8. mars klukkan 14.00.

Þorbjörg Theodórsdóttir
Sólveig Sigurðardóttir, Þorsteinn Rúnar Eiríksson
Theodór G. Sigurðsson, Guðrún Lárusdóttir Blöndal
Guðrún Ásta Sigurðardóttir, Stefán Rúnar Bjarnason
barnabörn og barnabarnabarn.

**ÞJÓÐSKÁLDIÐ STEFÁN FRÁ HVÍTADAL ANDAÐIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1933.**

*„Æskan geymir elda og ævintýraþrótt.“*

***Skáldið Stefán var Sigurðsson og var eitt fremsta skáld nýrómantíkur í íslenskum bókmenntum. Hann andaðist 45 ára að aldri.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 7. MARS 1912**

## För Amundsen opinber

Árið 1912 kom hinn norski landkönnuður Roald Amundsen til hafnar á eyjunni Tasmaníu eftir að hafa orðið fyrstur á suðurpólinn hinn 14. desember 1911. Hann gaf þegar út yfirlýsingu um afrekið svo það yrði lýðum ljóst.



Hinn 20. október 1911 lagði Amundsen af stað, ásamt fjórum leiðangursmönnum, frá strönd Suðurskautslandsins inn að pólnum með fjóra sleða og 52 sleðahunda. Dag einn í seinni hluta nóvembermánaðar voru 24 af sleðahundunum skotnir og notaðir til matar fyrir mennina og hundana sem eftir voru. „Bitur verkalaun,“ skrifaði Amundsen í dagbókina sína en nýja kjötið bjargaði lífi hundanna sem eftir voru og einnig lífi mannanna.

Áfram héldu þeir með þrjú hundaeyki og 14. desember var komið á suðurpólinn í glampandi sólskini. Eftir þriggja daga viðdvöl við mælingar og rannsóknir héldu mennirnir til norðurs aftur með 2 sleða og 16 hunda. Hver dagleið var 30-50 km, stundum jafnvel 80. Hinn 26. janúar 1912 komu þeir aftur að ströndinni og voru bæði menn og hundar vel á sig komnir.

30. janúar yfirgaf Fram, skip Amundsens, Suðurskautslandið og sigldi til Hobart á Tasmaníu.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,*

**Kjartan Ólason**

Fagragarði 1, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 5. mars sl. Jarðarförin auglýst síðar.

Kristín V. Matthíasdóttir
Matthías Kjartansson, Anna Guðrún Tómasdóttir
Óli Þór Kjartansson, Jóhanna Grétarsdóttir
Hólmfríður Kjartansdóttir
Páll Ólason, Súsanna K. Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Vilborgar Sigursteinsdóttur,**

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilisins Höfða fyrir góða umönnun.

Stefán Bjarnason
Sigrún Stefánsdóttir, Árni Björgvinsson
Viðar Stefánsson, Valdís Ragnheiður Ívarsdóttir
Bjarni Stefánsson, Anna María Ingólfsdóttir
og ömmubörn.



*Elskuleg dóttir mín, móðir, tengdamóðir, amma, systir, frænka og fyrrum eiginkona,*

**Hafdís Þórarinsdóttir**

sjúkraliði á Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju mánudaginn 10. mars kl. 13.30

Þórdís Brynjólfsdóttir
Þórarinn Jakob Þórisson, Maren Óla Hjaltadóttir
Hanna Bryndís Þórisdóttir, Gunnar Jón Eysteinsson
Brynjar Davíðsson, Gréta Björk Halldórsdóttir
Sigurður Heiðar Davíðsson, Sylvía Dögg Tómasdóttir
Dröfn Þórarinsdóttir, Sigurður B. Friðriksson
barnabörn og aðrir aðstandendur,
Davíð Hauksson



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Lísa Pétursson**

áður til heimilis að Drápuhlíð 27,

lést á Droplaugarstöðum þriðjudaginn 4. mars síðastliðinn. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Guðrún Ingibjörg Jónsdóttir
Guðmundur Franklín Jónsson, Kolbrún Gestsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



**VEGLEG UPPFÆRSLA** Arnoddur Magnús Danks í hlutverki Jörundar í Félagsheimili Reykdæla í Logalandi. Leikritið Þið munið hann Jörund er frumsýnt í kvöld.

**UMF REYKDÆLA: FAGNAR ALDARAFMÆLI**

# Á landinu bláa

Ungmennafélag Reykdæla frumsýnir leikritið Þið munið hann Jörund eftir Jónas Árnason í félagsheimili sínu Logalandi í kvöld.

Það er vegleg uppfærsla enda telst hún einn af þeim viðburðum sem efnt er til vegna hundrað ára afmælis félagsins í ár. Alls koma um 50 manns að sýningunni, þar af 25 á svið og mikið er lagt upp úr búningum og annarri umgjörð. Logalandi hefur verið umturnað og breytt í þá gömlu og góðu krá Jokers & Kings í London. Stundin er mars 1810 og leikhópur kráarinnar sýnir gestum sagnfræðilegt drama um Danann unga Jörgen Jörgensen sem hélt til Íslands í júlí 1809 til að kaupa af Íslendingum tólg sem nota skyldi í sápu handa aðlinum í London. Undarlegir atburðir verða til þess að hann setur af hinn danska Trampe greifa og leggur landið undir sig. Hann ríkti í sex vikur um hundadagana árið 1809 og hefur æ síðan gengið undir nafninu Jörundur hundadagakóngur á Íslandi.

Annar afmælisviðburður Ungmennafélags Reykdæla er útgáfa bókar um sögu félagsins. Hún er á leið í prentun. Jóhanna Harðardóttir blaðakona hefur tekið bókina saman og er orðin býsna fróð eftir lestur fundargerða síðustu hundrað ára. „Þegar þetta félag var stofnað var þjóðin efnalega fátæk en í andanum rík og unga fólkið fullt af hugsjónum,“ segir hún. „Allt menningar- og íþróttalíf tók stakkaskiptum með tilkomu félagsins og einkunnarorðin „ræktun lýðs og lands“ átti vel við því skógrækt varð hluti af starfseminni. Einnig var ráðist í byggingu félagsheimilisins Logalands sem gerbylti aðstöðunni til samkomuhalds í sveitinni. Húsið er enn á sínum grunni, margstækkað og þar verður leikið af list og sungið í kvöld eins og oft áður. Eldmóðurinn hefur haldist hér í dalnum og sýningin í kvöld er til vitnis um það.“ **gun@frettabladid.is**



*Innilegar þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns,*

**Gunnars Inga Ingimundarsonar**

Faxabraut 31b, Keflavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 11G á Landspítalanum við Hringbraut.

Linda Gústafsdóttir og fjölskylda.


STÍGAMÓT
á staðinn
KAUPUM RÓSANÆLUR
TIL STYRKTAR STÍGAMÓTUM
ZONTA GEGN KYNFERÐISOFBELDI
Dagana 7.–8. mars munu Zontakonur selja rósanælur á höfuðborgarsvæðinu, í Árborg, á Ísafirði og á Akureyri. Ágóðinn mun renna til Stígamóta í verkefnið STÍGAMÓT Á STAÐINN og til systursamtaka þeirra með það að markmiði að auka og bæta þjónustu við þolendur kynferðisofbeldis á landsbyggðinni.
Þú getur einnig styrkt verkefnið með því að leggja inn á söfnunarreikning Zonta-sambandsins: 0115-26-11511 kt. 561090-2119
GLEÐI, KRAFTUR, LÍFSGÆÐI – UM ALLT LAND!

Utanríkisráðuneytið

**Umsóknir frjálsra félagasamtaka um framlög vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar**

Utanríkisráðuneytið tekur við umsóknum frá frjálsum félagasamtökum um styrki vegna langvinns neyðarástands tvisvar á ári. Umsóknarfrestur vegna fyrri úthlutunar er til 15. mars og vegna síðari úthlutunar 15. september, en tekið er við umsóknum vegna skyndilegra hamfara allt árið um kring.

Úthlutun verður í samræmi við verklagsreglur sem gefnar voru út í byrjun þessa árs. Einungis er tekið við umsóknum sem skilað er inn á þar til gerðum eyðublöðum. Hægt er að nálgast bæði verklagsreglurnar og umsóknareyðublöðin á vefsíðu utanríkisráðuneytisins http://www.utanrikisraduneyti.is/utanrikismal/throunarsamvinna/

Nánari upplýsingar veita Heiðrún Pálsdóttir og Elín Rósa Sigurðardóttir á skrifstofu þróunarmála í utanríkisráðuneytinu


# STUÐ MILL STRÍÐA Uppeldinu aldrei lokið

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** VILL VERA BEST Í ÖLLU



Síðustu sjö árum hef ég að töluverðum hluta eytt í uppeldi sonar míns, sem hefur að mínu mati bara gengið vel og verið skemmtilegt. Strákurinn er eldklár og fljótur að læra, sem þýðir að hann gerir sjaldnast sömu mistökin tvisvar. Það eina sem ég get því sagt að hafi verið virkilega erfitt að kenna honum er að stundum tekur tíma að læra ákveðna hluti og að æfingin skapar meistarann.

Þar sem pjakkurinn er vanur því að tileinka sér flest mjög hratt og auðveldlega fer það óstjórnlega í taugarnar á honum þegar hann nær ekki tökum á einhverju strax, og það er afgreitt sem leiðinlegt. Stundum er það meira að segja leiðinlegt þó að hann ráði alveg við það, bara af því að hann er ekki bestur, og því hafa fótboltaskórnir til dæmis verið lagðir á hilluna í óákveðinn tíma. Áhyggjur mínar vegna þessa voru þó lengi vel ekki stórvægilegar, þar sem ég gerði ráð fyrir að áður en uppeldishlutverki mínu yrði lokið yrði þolinmæði hans orðin meiri og fullkomnunaráráttan minni, en nú er ég farin að efast.

Í haust ákvað ég nefnilega að drífa mig í myndlistarskóla en mig hefur lengi langað til þess. Ég sótti myndlistarskóla samhliða menntaskóla þegar ég var yngri en hætti einhverra hluta vegna og mundi aldrei almennilega af hverju.

Fyrst fannst mér alveg rosalega gaman í skólanum. Í samanburði við aðra byrjendur fannst mér ég bara standa mig ágætlega og virkilega gott að takast á við þetta aftur.

Þegar líða fór á veturinn og ég fór að sækja námskeið með mér mun reyndara fólki hætti mér hins vegar að finnast jafn gaman. Þar sem ég var ekki best hvarflaði meira að segja að mér að hætta bara og snúa mér að öðru og allt í einu mundi ég af hverju ég hafði hætt á sínum tíma. Þegar ég áttaði mig á því hvað var að gerast sá ég að kannski yrði ég bara að ala sjálfa mig aðeins upp líka, þar sem það er eiginlega lágmark að ég standi sjálf undir þeim kröfum sem ég geri til barnsins.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman













**1.285** kr/kg. áður 1.862 kr/kg.
Goða ofnsteik villikrydduð




**998** kr/kg. áður 1.425 kr/kg.
Gourmet nautahakk




**959** kr/kg. áður 1.599 kr/kg.
Danskar kjúklingabringur - 1 kg.




**338** kr/kg. áður 675 kr/kg.
Ísfugl lausfrystir kjúklingaleggir




**999** kr/kg. áður 1.744 kr/kg.
Goða londonlamb




**95** kr/stk. áður 159 kr/stk.
Coke Zero 2 ltr.




**395** kr/kg. áður 598 kr/kg.
Goða 4 x grillhamborgarar m/brauði




**379** kr/pk. áður 549 kr/pk.
Ben and Jerry´s ís

H:N markaðssamskipti / SIA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 6. mars til 9. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**nettó**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# Burlaka tekur við Bolshoi

Danshöfundurinn Yuri Burlaka, sem einkum er þekktur í dansheiminum fyrir endurgerðir á klassískum ballettsýningum frá 19. öld, hefur verið útnefndur -nýr listrænn stjórnandi Bolshoi-ballettsins í Moskvu.

Burlaka tekur við starfinu 1. janúar næstkomandi af Alexei Ratmansky sem hefur gegnt starfinu frá árinu 2004. Stjórn Bolshoi-leikhússins þótti sýna nokkra dirfsku á sínum tíma við ráðningu hins unga og framsækna Ratmanskys, en það kom fljótlega í ljós að ráðningin var mikið heillaspor þar sem nálgun hans þótti blása nýju lífi í starfsemina.

Ratmansky tilkynnti formlega í febrúar síðastliðnum að hann hefði ekki í hyggju að framlengja samning sinn við danshópinn. Nokkuð kom á óvart að Burlaka yrði fyrir valinu sem arftaki hans þar sem áherslur hans í starfi hafa alla jafna verið nokkuð hefðbundnar.



**BOLSHOI-LEIKHÚSIÐ Í MOSKVU** Hýsir einn þekktasta ballett-hóp í heimi.

Anatoly Iksanov, stjórnandi Bolshoi-leikhússins sem hýsir danshópinn, sagðist þó gera ráð fyrir að Burlaka myndi halda áfram því starfi sem Ratmansky hefur lagt grunninn að. - vþ


GERÐUBERG
www.gerduberg.is



**Stefnumót við safnara III**
Sýnendur: Eymundur Matthíasson • Gunnar Örn Tynes • Joel Thurman • Magnús Birkir Skarphéðinsson • Pétur H. Jónsson • Sighvatur Ómar Kristinsson • Sigurlaug Gísladóttir • Sönke Holtz og hljómsveitin Hey Calypsó! • Viðar H. Gíslason • Úlfur Eldjárn



**Kvæðamannafélagið Iðunn**
Verið velkomin á aðalfund félagsins í kvöld kl. 20
Kynnið ykkur starfsemi félagsins á www.rimur.is



**Sjö landa sýn**
María Loftsdóttir, alþýðulistakona, sýnir vatnslitastemmningar frá Argentínu, Bólivíu, Brasilíu, Íslandi, Japan, Perú og Skotlandi.
Listakonan tekur á móti gestum um helgina!



**Hið breiða holt**
Ljósmyndasýning þar sem unglingar eiga stefnumót við afa sína eða ömmur!
Sýningarstjóri: Berglind Jóna Hlynsdóttir.



**Vissir þú...**
...að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir ráðstefnur, námskeið, fundi og veislur?
Salir og fundarherbergi fyrir 8 - 120 manns.
Sjá nánari upplýsingar: www.gerduberg.is, s. 575 7700.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16.
Sími 575 7700 • gerduberg@reykjavik.is


# Þingað um Þórberg

**Á morgun og sunnudag er efnt til Þórbergssmiðju í Háskóla Íslands þar sem margt er í boði aðdáendum og áhugamönnum um ritævi þessa sérstaka íslenska ritsnillings en skammt er í að 120 ár – stórt hundrað ára – verði liðin frá fæðingu hans á Hala í Suðursveit þar sem Þórbergur Þórðarson fæddist 12. mars árið 1888.** Bókmenntafræðistofnun og Hugvísindastofnun standa að hátíðinni í samvinnu við Mími, félag stúdenta í íslenskum fræðum, Forlagið, sem gefur út verk Þórbergs, og hóp stofnana og fyrirtækja.



**BÓKMENNTIR** Þórbergur Þórðarson á þeim árum þegar ungu skáldin stillltu sér upp í þungum þönkum. MYND/LJÓSMYNDARI ÓKUNNUR/FORLAGIÐ

Þórbergur Þórðarson er ótvírætt meðal merkustu rithöfunda 20. aldar. Hann var þó ekki aðeins rithöfundur heldur sannkallaður fjölfræðingur. Hann fékkst við skrímslafræði, esperantó, orðasöfnun, örnefnasöfnun og þjóðsagnasöfnun, stundaði líkamsrækt af austrænum og vestrænum uppruna undir berum himni og sjóböð, ýmiss konar mælingar á veröldinni, svo ekki sé minnst á að hann samdi lög við ljóð sín. Þórbergur var líka afar pólitískur, var til dæmis fyrstur Íslendinga til að skrifa gegn fasismanum í Evrópu og var dæmdur fyrir ummæli sín um Adolf Hitler.

Á síðustu árum hefur áhugi á ævi og verkum Þórbergs farið vaxandi. Má þar nefna að Þórbergssetur var opnað í Suðursveit árið 2006 og tvær bækur sem fjalla um skáldið komu út 2006 og 2007, eftir Halldór Guðmundsson og Pétur Gunnarsson og vöktu báðar athygli á ferli hans og verkum. Forlagið gefur út þrjár bækur eftir Þórberg á árinu og þess er ekki langt að bíða að útgáfa á verkum hans í Þýskalandi verði að veruleika en greint hefur verið frá samningum þar að lútandi. Þá mun Bókmenntafræðistofnun gefa út greinasafn um Þórberg í kjölfar Þórbergssmiðju.

Árið 2005 var fjölmenn málstofa um Þórberg haldin í íslenskuskor Háskólans. Fyrirlesarar voru ríflega þrjátíu – m.a. leikarar, tónskáld, myndlistarmenn, rithöfundar og fræðimenn – og fjölluðu frá ólíkum sjónarhornum um ævi skáldsins og samtíð, áhugamál þess og ritverk, svo og gildi verka þess fyrr og nú. Fyrirhuguð hátíð er byggð á þessum grunni, jafnt til að mæta áhuga fólks á Þórbergi og efla hann. Þórbergssmiðju er ætlað að vera fræðimönnum, skólafólki, börnum og öllum almenningi til upplýsingar jafnt sem ánægju. Margir hafa lagt hönd á plóginn til að gera hana að veruleika: Ágúst Einarsson, Ásbjörn Ólafsson, Forsætisráðuneyti, Háskólasjóður, Landsvirkjun, Menntamálaráðuneyti, Mjólkursamsalan, Morgunblaðið, Orkuveitan og Reykjavíkurborg.

Dagskráin hefst á morgun kl. 10 með Müllers-æfingum og setningu, en sérstaklega er séð fyrir dagskrá og umönnun fyrir börn á hátíðinni. Starfað er í tveimur málstofum fyrir hádegi á morgun þar sem Fjölnir Torfason, Helgi Máni Sigurðsson, brautryðjandi í rannsóknum á verkum Þorbergs, og Helga Jóna Ásbjarnardóttir halda erindi í einum sal frá kl. 10.30, en klukkustund síðar verður seinni málstofan þar sem Pétur Gunnarsson, Soffía Auður Birgisdóttir og Halldór Guðmundsson halda erindi en öll hafa þau fylgt í fótspor Helga Mána. Eftir hádegishlé er boðið upp á söng og göngur, leikþáttur er fluttur og ungskáld lesa úr verkum sínum. Nýjar málstofur verða í eftirmiðdag frá 15.10. Þá tala Ástráður Eysteinsson, Stefán Máni og Viðar Þorsteinsson, og kl. 15.10 tala Benedikt Hjartarson og Kristján Eiríksson.

Á sunnudag hefjast erindi í málstofum kl. 11.30: Þorbjörg Arnórsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson og Dagný Kristjánsdóttir halda þá sín erindi. Á sama tíma er önnur málstofa opin þar sem Bragi Ólafsson, Alfdís Þorleifsdóttir, Auður og Sólveig Einarsdætur flytja sín erindi. 13.25 spilar Baggalútur og í kjölfar þess ræða Matthías Johannessen og Vilborg Dagbjartsdóttir um Þórberg. Í eftirmiðdag kl. 15.30 verða tvær málstofur: Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir og Pétur Pétursson fara með tölur í annrri en í hinni er rætt um orðasöfnun, hrollvekjusmíðar og skrímslarannsóknir: Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson, Sigrún Margret Guðmundsdóttir og Þorvaldur Friðriksson tala þar. pbb@frettabladid.is




Biblía
21. ALDAR

Biblían hefur í gegnum tilveruna verið minn dýrmætasti vinur. Samband mitt við þann Guð sem ég trúi á, rækta ég með því að eiga morgunstund í bæn og lestri í hinni helgu bók. Ég er sannfærð um að Helder Camara biskup í Brasilíu hefur rétt fyrir sér þegar hann ráðleggur okkur að nota morgunstund til bæna. “Gerðu ekki Guð að koddanum þínum” Segir sá merki maður.

*Guðrún Ásmundsdóttir*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is


# Þrjár konur leika tónlist Ravels

Sjöttu og síðustu tónleikarnir í hádegistónleikaröðinni Von103 fara fram í dag. Á þeim munu þær Sesselja Kristjánsdóttir mezzósópran, Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari og Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari og listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar, flytja tónlist eftir Maurice Ravel.

Á efnisskránni er sönglagaflokkurinn Chants populaires frá árinu 1910 og Sónata fyrir fiðlu og píanó samin á árunum 1923-1927.

Ravel lagði með nýstárlegri tónsmíðatækni sinni grunn að fráhvarfi tónskálda frá rómantísku stefnunni, tónsmíðar hans eru byggðar úr sjálfstæðum einingum sem strengdar eru saman óháð hlutverki þeirra í hefðbundnu samhengi dúr- og mollkerfisins. Þessi nálgun Ravel hafði víðtæk áhrif á tónsmiði 20. aldarinnar allt frá Stravinsky til Ligeti og Riley. Í sönglagaflokknum Chants populaires sameinast þjóðlagahefð Ítalíu, Frakklands, Spánar og Ísrael einstæðum stíl Ravel á meðan Sónatan fyrir fiðlu og píanó, hin þekktari af tveimur slíkum sem hann samdi, leitar fanga í djass- og blús-tónlist. Þeir sem ekki þekkja tónlist þessa merka tónskálds fá því hér tilvalið tækifæri til þess að kynnast henni og lyfta sér upp í hádeginu í leiðinni.



**TÓNLIST UM MIÐJAN DAG** Þær Sesselja, Auður og Nína Margrét leika tónlist eftir Ravel í hádeginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tónleikagestir þurfa ekki að verða af hádegisverði þar sem að Te & kaffi stendur fyrir veitingasölu í tengslum við tónleikana.

Tónleikarnir hefjast kl. 12.15 og fara fram í salnum Von, Efstaleiti 7. Miðaverð er 2.000 kr., en 1.000 kr. fyrir námsmenn, öryrkja og eldri borgara. - vþ

# Það er alvöru kjarabót að kaupa flísarnar í Múrbúðinni

Nú höfum við **stækkað flísadeildina** hjá okkur þannig að við getum boðið enn meira úrval af gólf- og veggflísum á hinu frábæra Múrbúðarverði.



Veggflís 15x15 sm, hvít kr:
**795** pr.m²



Náttúrusteinn (Mustang) 30x60 sm, kr:
**2.390** pr.m²



Gólf /veggflís 30x30 sm, kr:
**990** pr.m²



Gólfflís 40x40 sm, kr:
**1.250** pr.m²



Gólf/veggflís 33,3x33,3 sm, kr:
**1.250** pr.m²



Bílskúrsflís 30x30 sm, kr:
**990** pr.m²



Gólf/veggflís 60x60 sm, kr:
**2.990** pr.m²



Gólf/veggflís 30x60 sm, kr:
**1.790** pr.m²



Veggflís 25x36,5 sm, kr:
**1.850** pr.m²



Gólf/veggflís 33,3x33,3 sm,- kr:
**1.250** pr.m²



Veggflís hvít 20x50 sm, kr:
**1.790** pr.m²



Flísaskerar frá kr:
**2.900**



Flísasög kr:
**24.900**




Öll verkfæri til flísalagna
á góðu verði

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

*Opið mán. - fös. kl. 8-18*
*laugardaga 9-16*

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# Píslarsaga Krists í myndum

Nú um helgina lýkur áhugaverðri sýningu í safnaðarheimili Háteigskirkju. Þar má sjá teikningar eftir Helga Gíslason myndhöggvara sem eru drög að röð þrívíðra verka sem sýna píslargöngu Krists. Stefnt er að því að setja þrívíðu verkin síðar meir varanlega upp í Háteigskirkju.

„Hugmyndin að þessum verkum er upphaflega komin frá Háteigssöfnuði, en fulltrúar hans komu að máli við mig og báðu mig að huga að gerð þessarar verkaraðar. Það er náttúrlega til staðar löng hefð fyrir því að listamenn vinni fyrir kirkjuna og því gaman að taka þátt í henni. Ég veit aftur á móti ekki til þess að píslarsögu Krists hafi verið gerð skil áður í íslenskri myndlist, enda hefur þetta minni fremur þrifist í list kaþólsku kirkjunnar en þeirrar lútersku,“ segir Helgi um tilurð verkefnisins.

Á sýningunni má sjá þrettán teikningar sem Helgi vann að þegar hann var staddur í Tékklandi í fyrravor. Þrátt fyrir að teikningarnar sýni eina þekktustu atburðarás biblíunnar segir Helgi þær ekki líkjast hefðbundinni kirkjulist. „Ég myndi frekar segja að verkin mín einkennist af húmanisma og vangaveltum um tilveruna. Ætli það mætti ekki segja að tilvistartónn sé sá sem sleginn er hvað sterkast í þessum teikningum. Þær eru í raun mín túlkun á píslarsögunni eins og hún kemur fyrir í nýja testamentinu.“

Sýningu Helga lýkur á sunnudag. - vþ



**STERKUR TILVISTARTÓNN** Helgi innan um verk sín í safnaðarheimili Háteigskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ljósmyndir af nekt

Sýningin Nekt verður opnuð í ljósmyndagalleríinu Fótógrafí á morgun kl. 17. Það er Anna Ellen Douglas sem sýnir þar myndir sínar, en hún sérhæfir sig í listrænum nektarmyndum af konum. Anna hefur starfað sjálfstætt sem ljósmyndari síðastliðin sex ár á Íslandi og í Skotlandi. Hún er meðlimur í bresku fagfélagi ljósmyndara, British Institute of Professional Photography.

Anna rekur ljósmyndastofuna Stúdíó Douglas á Vesturgötu 5. Sýningin stendur til 5. apríl. - vþ



**HAFNFIRSK LIST** Verk eftir Sigríði Erlu Guðmundsdóttur.

# Ný sýning í Hafnarborg

**Ný sýning verður opnuð í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, á morgun kl. 15. Myndlistarmennirnir 50 sem eiga verk á sýningunni hafa allir einhver tengsl við Hafnarfjörð; eru ýmist búsettir þar, hafa búið þar eða hafa vinnustofur sínar þar. Allir eiga þeir það sameiginlegt að vera starfandi myndlistarmenn sem hafa sótt menntun sína í viðurkennda listaháskóla, ýmist hér heima eða erlendis. Listamennirnir hafa sjálfir valið verkin en starfsfólk og listráð Hafnarborgar setja sýninguna upp. Sýningin stendur til 21. apríl.** - vþ

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is













KRINGLU KRÁIN
Stuðbandalagið í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

LA TRAVIATA
GIUSEPPE VERDI
SIGRÚN PÁLMADÓTTIR | JÓHANN FRIÐGEIR VALDIMARSSON | TÓMAS TÓMASSON

| | |
|---|---|
| föstudagur 7. mars | UPPSELT |
| sunnudagur 9. mars | UPPSELT |
| miðvikudagur 12. mars | UPPSELT |
| laugardagur 15. mars | UPPSELT |
| mánudagur 17. mars | UPPSELT |
| miðvikudagur 19. mars | ÖRFÁ SÆTI LAUS |

SÍÐUSTU SÝNINGAR!
Ósóttar pantanir seldar daglega
Kynning á verkinu í boði VÍÓ kl. 19.15
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 mánudaga - föstudaga. Miðasala á netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN




LÓKAL
Alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík 5.- 9. marz
Í kvöld kl 20:
No Dice
í Sætúni 8 (áður Heimilistæki)
Óþelló, Desdemóna og Jagó
Borgarleikhúsinu
Baðstofan
Þjóðleikhúsinu
L'effet de Serge
í Smiðjunni, Sölvhólsgötu 13
Ode to the man who kneels
Hafnarfjarðarleikhúsinu
Dagskrá og nánari upplýsingar á www.lokal.is

Salurinn
LAUGADAGUR 8. MARS KL. 13
MEISTARI MOZART.
STRENGJA-OG PÍANÓKVINTETT
TÓNLEIKAR KENNARA TÓNÓ KÓP.
LAUGADAGUR 8. MARS KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGBÓK JAZZINS.
TÓNLIST COLES PORTERS.
KRISTJANA STEFÁNS & FÉLAGAR
SUNNUDAGUR 9. MARS KL. 16
SÖNGLÖG JÓRUNNAR VIÐAR.
HELGA RÓS OG GUÐRÚN DALÍA
ÞRIÐJUDAGUR 11. MARS KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR.
LUBOV STUCHEVSKAYA,
TÓMAS TÓMASSON
OG KURT KOPETSKY
MIÐVIKUDAGUR 12. MARS KL. 20
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
SIMON SMITH - ÖLL PÍANÓVERK
HAFLIÐA HALLGRÍMSSONAR
EINSTAKT TÆKIFÆRI !
BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

# Stóri BÓKAMARKAÐURINN Perlunni

**Alla daga til 9. mars**
**Opið 10–18**

áður ~~4.990~~
nú 1.990
Þrjár kiljur í öskju

áður ~~5.590~~
nú 1.290

áður ~~14.990~~
nú 4.990
Aðeins 50 eintök í boði!

áður ~~14.990~~
nú 4.990
Aðeins 50 eintök í boði!

Mikill afsláttur
Ókeypis bók fylgir hverju eintaki!

áður ~~4.490~~
nú 1.490

áður ~~4.280~~
nú 1.500

áður ~~4.690~~
nú 1.990

áður ~~2.990~~
nú 1.990

áður ~~2.690~~
nú 990

áður ~~1.870~~
nú 900

áður ~~2.390~~
nú 1.390

Stóri bókamarkaðurinn er í Perlunni! Frábært úrval. Ótrúlegt verð. Yfir 10.000 titlar. Allt að 90% afsláttur! Rétta bókin bíður þín hjá okkur.

STÓRI BÓKAMARKAÐURINN PERLUNNI

Nýir titlar daglega!


PLANTS AND ANIMALS


STEPHEN MALKMUS

**> Í SPILARANUM**

Stephen Malkmus - Real Emotional Trash
Presidents of the United States of America - These are the Good Times People
Simon & Garfunkel - Live 1969
Snoop Dogg - Ego Trippin'
Plants And Animals - Parc Avenue

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Með afmælistertu á sviðinu

Hljómsveitin <3 Svanhvít! mætti með afmælistertu upp á svið á tónleikum á Organ um síðustu helgi þar sem hún hitaði upp fyrir The Pains of Being Pure at Heart frá Bandaríkjunum. Sveitin átti eins árs afmæli sama dag og kunnu tónleikagestir vel að meta uppátækið.

„Afmæli kallar á afmælisköku. Við erum vön að fá hugmyndir og framkvæma þær einn, tveir og þrír og við gerðum það," segir gítarleikarinn Daði Helgason. Með tertunni sló sveitin tvær flugur í einu höggi, eða í raun þrjár, því sama dag varð söngvarinn Halldór Kristján Þorsteinsson nítján ára auk þess sem jafnmörg ár voru liðin síðan bjórinn var lögleiddur á Íslandi.

Tíu meðlimir eru í <3 Svanhvít!, þar á meðal pottaleikari, töfragítarleikari og ræstitæknir sem spilar á ryksugu og kúst. Daði segir sveitina þó ekki algjöra grínsveit. „Við erum mikið að sprella og gera grín en þetta er alvöru grín skulum við segja." Hann kvartar heldur ekki yfir þrengslum uppi á sviði. „Við höfum spilað á ótrúlega litlum sviðum. Því þrengra, því skemmtilegra."

<3 Svanhvít!, sem varð í öðru sæti á Músíktilraunum í fyrra, er skírð í höfuðið á fyrrverandi forseta nemendafélags MR. „Það var mikil ást á henni sem kviknaði í fyrra og við skírðum hljómsveitina í höfuðið á henni. Við bjóðum henni á flesta tónleika og hún er mikill aðdáandi," segir Daði.

Sveitin er um þessar mundir að undirbúa sína fyrstu plötu sem kemur út í haust. **- fb**



MYND/KOLBRÚN KARLSDÓTTIR

**<3 SVANHVÍT!** Hljómsveitin <3 Svanhvít! með afmæliskökuna uppi á sviði.



**TÓNNINN GEFINN**
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

## *Stöðnunin í bresku rokki*

Þegar hljómsveitin Arctic Monkeys kom fram á sjónarsviðið var sveitinni hampað sem bjargvætti alheimsins. „Það sem heimurinn hefur beðið eftir" var slegið upp á forsíðu tónlistartímaritsins NME. En eins og svo oft áður á undanförnum árum þá skjátlaðist NME nokkuð hrapallega. Nú, rétt rúmum tveimur árum og breiðskífum seinna, (Arctic Monkeys fá reyndar plús fyrir að vera iðnir við kolann) virðist sem Arctic Monkeys hafi ekki reynst sú bylting sem pressan ætlaði í byrjun. Í raun virðist Arctic Monkeys einfaldlega hafa bætt sér í hóp þeirra hljómsveita sem böðuðu sig í sviðsljósinu eftir bylgju sem sveitir á borð við The Libertines og Franz Ferdinand hrundu af stað. Til þessa hóps teljast til dæmis, auk Arctic Monkeys, Razorlight, Bloc Party, The Kooks, Futureheads, Maximo Park, The Rakes og Babyshambles, Vá, til hamingju Arctic Monkeys.


**THESE NEW PURITANS** Athyglisverð bresk pönksveit.

Það má einfaldlega fullyrða að ekkert stórvægilegt hafi gerst í bresku rokki síðan í upphafi áratugarins. Klaxons og neu-rave bylgjan virtist reyndar ætla að tröllríða öllu en virðist nú ætla að hverfa jafnvel enn skjótar en hún skaust fram á sjónarsviðið. Hljómsveitirnar Foals, Does It Offend You, Yeah? og Friendly Fires gætu þó rétt úr kútnum. Sérstaklega finnst mér Friendly Fires vera að gera áhugaverða hluti.

Úr aðeins rokkaðri átt má nefna þrjár efnilegar hljómsveitir; Gallows, The Horrors og These New Puritans. The Horrors sendu frá sér hinn fínasta frumburð í fyrra en These New Puritans gaf út sína fyrstu skífu um daginn og sannaði rækilega að þar er mikið efni á ferð. Athyglisvert pönk þar sem er ekki síður litið til forms og strúktúrs en grípandi laglína. These New Puritans er allavega mitt lið í ensku deildinni um þessar mundir.

Auðvitað má ekki gleyma stelpunum í þessari umfjöllun. Kate Nash, Lily Allen, Adele, Duffy, Amy Winehouse og allar hinar stelpurnar hafa verið að slátra strákunum og því ber að fagna. Fleiri stelpur í rokkið væri hins vegar ákjósanleg þróun. Koma svo stelpur, bjargið líka breska rokkinu, strákarnir virðast ekki alveg vera þess megnugir.

# Engar ástarballöður

**Þó að Nick Cave hafi fagnað fimmtíu ára afmæli sínu síðasta haust hefur hann engu tapað af snerpunni og sköpunargleðinni. Í vikunni kom út fjórtánda plata hans með The Bad Seeds, Dig, Lazarus, Dig!!! og eins og Trausti Júlíusson komst að þegar hann hlustaði á gripinn er mikið snilldarverk þar á ferðinni.**


**NICK CAVE** Grinderman-verkefnið vakti rokkarann í Nick Cave til lífsins. Dig, Lazarus, Dig!!! er stappfull af rokkslögurum.

Dig, Lazarus, Dig!!! er fyrsta platan sem Nick Cave gerir með Tha Bad Seeds síðan hin tvöfalda Abattoir Blues/The Lyre of Orpheus kom út árið 2004. Í fyrra kom samt platan Grinderman með samnefndri sveit. Hún innihélt hrátt og æst bílskúrsrokk og var að sögn Nick Cave „afsökun til þess að fara niður í kjallara og öskra". Þó að Dig, Lazarus, Dig!!! sé flóknari og dýpri, bæði textarnir og tónlistin, heldur en Grinderman-platan þá er hún samt miklu rokkaðri en plötur Nick Cave & The Bad Seeds síðustu ár.

Nick Cave segist hafa tekið meðvitaða ákvörðun um að fjalla ekkert um ástina í textunum á nýju plötunni. Sú ákvörðun gerir umfjöllunarefnin kannski fjölbreyttari og yfirbragðið groddalegra og það er greinilegt að höfundurinn er í miklum ham. Skemmtilegir karakterar vaða uppi og textarnir eru fullir af tilvísunum, t.d. í Biblíuna, menningarsögu Vesturlanda síðustu áratuga, fyrri verk Cave sjálfs og svo framvegis... Það lak þó ein ekta Nick Cave ballaða í gegnum síuna; lagið Jesus of the Moon sem var einfaldlega of gott til að henda því ruslið að sögn Nick Cave.

### Áhrif frá æskuhetjunum

Eins og áður segir er Dig, Lazarus Dig!!! full af rokkslögurum. Píanóið sem hefur sett sterkan svið á ballöðuplötur Nicks Cave er komið aftarlega í mixið og trommur, bassi og gítar mynda rokkgrunn sem hinir fjölhæfu meðlimir The Bad Seeds hlaða síðan ofan á. Áhrifin frá æskuhetjum Nicks Cave, Iggy og The Stooges og Lou Reed og Velvet Underground, eru augljós í mörgum laganna. Gítarsándið í Today's Lesson minnir t.d. mikið á fyrstu Stooges-plötuna og viðlagið vitnar í lagið Real Cool Time af þeirri plötu. We Call Upon the Author byrjar ekki ósvipað Sister Ray með Velvet Underground og svo er nettur Waiting for the Man fílingur í lokalaginu, More News from Nowhere svo nokkur dæmi séu tekin...

### Málið að semja lög

Nick Cave and The Bad Seeds eru nú að undirbúa tónleikaferð til að fylgja Lazarusi eftir. Þó að Nick Cave hafi komið til Íslands og spilað nokkrum sinnum þá getur maður ekki annað en vonað að hanni komi enn og aftur. Það væri ekkert smá gaman að heyra Bad Seeds renna í gegnum Dig, Lazarus Dig!!! plötuna.

Og það góða við þetta allt saman er að karlinn er ekkert að fara að hætta að gera plötur. Hann lifir fyrir þetta: „Ég vil gera eins margar plötur og ég mögulega get," segir hann. „Ég vil semja fullt af lögum. Það er málið. Að semja lög er það sem gerir mig hamingjusaman, heldur mér á beinu brautinni og heldur mér ánægðum..." Jibbí!




**BRENNSLAN - MARGRÉT EIR**

„Ég hlusta mikið á eldri tónlist þessa dagana. Þar er eitthvað í gangi sem mér finnst vanta í það nýja. Mikil ástríða og frábær flutningur," segir söngkonan Margrét Eir Hjartardóttir um brennsluna sína.

**1. The Songs That We Sing - Charlotte Gainsbourg**
„Heyrði þennan disk fyrir tilviljun. Hef hlustað stundum á Serge Gainsbourg og þetta er dóttir hans."

**2. Dreams - Fleetwood Mac**
„Af plötunni Rumours. Bara frábær plata og algjör nauðsyn að kynnast."

**3. Polly Come Home - Robert Plant og Alison Krauss**
„Þetta er af plötunni Raising Sand. Ég féll algjörlega fyrir þeim. Frábærir söngvarar."

**4. I´ve Been Loving You - Otis Redding**
„Ég á þetta í tónleikaútgáfu. Þetta kalla ég að syngja með tilfinningunni."

**5. At Last - Etta James**
„Ég er svolítið að hlusta á gamalt þessa dagana og það er mikill innblástur að hlusta á svona flutning."

**6. Sveitin milli sanda - Ellý Vilhjálms**
„Stundum er fínt að hlusta á textalausar laglínur, þær hljóma svo vel."

**7. Cecila - Thomas Dybdal**
„Þetta er norskur tónlistarmaður sem ég var kynnt fyrir og hann hefur ekki farið úr tækinu síðan."


**MARGRÉT EIR HJARTARDÓTTIR** Margrét Eir hlustar mikið á eldri tónlist þessa dagana.

**8. I Want You (She´s so Heavy) - The Beatles**
„Algjör gredda í þessu lagi, eitthvað fyrir mig."

**9. Don´t Bring Me Down - Sia (Color the Small One)**
„Eitthvert kærulaust þunglyndi yfir þessu lagi sem er uppáhaldslagið mitt af þessari plötu með söngkonu sem ekki margir þekkja hérna."

**10. Across the Universe - Rufus Wainwright**
„Flott útgáfa á góðu lagi og hlakka mikið til að fara á tónleika með honum."

# FERMINGARPAKKINN FÆST HJÁ ATT.IS

## VIÐ ERUM OG VERÐUM ALLTAF ÓDÝRARI!!

att.is ER MEÐ FRÁBÆR FERMINGARTILBOÐ. ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

## INTEL TÖLVUPAKKI 3

- 2.66GHz Intel Core2Duo E6750
- 2GB DUAL DDR2 XMS 800MHz
- 500GB WD SATA2 - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GT
- 22" Acer skjár, 5ms DVI
- Windows Vista Home Premium

119.950

## INTEL TÖLVA 1

- Intel Core2Duo E2180
- 1GB DDR2 667MHz
- 160GB SATAII WD - 8MB
- 256MB Geforce 7100
- Vista Home Basic

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

49.950

## AMD TÖLVA 2

- X2 DualCore 4600+
- 2GB DDR2 667MHz
- 320GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce NX8500GT
- Vista Home Premium

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

69.950

## TURNUPPFÆRSLA 4

- Intel Core2Duo E6750
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce NX8600GT

64.950

## ACER 22" AL2216WBD

Acer 22" viewable AL2216WBD TFT LCD, svartur breiðtjaldsskjár 1680x1050 í upplausn, 700:1 í skerpu, 5ms

acer 23.950

## ACER 20" AL2051WB

Hágæða 20" Gamers LCD Crystalbrite tölvuskjár með 1680x1050 upplausn, 1000:1 í skerpu og 2ms

acer 27.950

## LOGITECH MX518

Logitech MX518 Gaming Grade Optical mús stórglæsileg og þægileg með fullt af flýtitökkum

Logitech 5.450

## LOGITECH LX710

Logitech LX710 þráðlaust lyklaborð með flýtihnöppum, ábrenndir ísl. stafir. Þráðlaus geislamús fylgir

Logitech 7.950

## INTEL TÖLVA 5

- 2.4GHz Intel Core 2 Quad Q6600
- 4GB DUAL DDR2 XMS 800MHz
- 500GB SATAII WD - 16MB
- 512MB Geforce NX8800GT
- Vista Home Premium

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

124.950

## 500GB ICYBOX

500GB IcyBox margmiðlunarspilari m. LCD skjá, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.

ICYBOX 22.950

## SAROTECH DVP370

Sarotech margmiðlunarspilari fyrir SATA harða diska spilar kvikmyndir og tónlist án tövu. Fjarstýring fylgir.

Sarotech 15.750

## ACER ASPIRE 5520-40

- 1.9Ghz AMD Turion64 X2
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 160GB SATA 5400rpm
- 256MB DDR Geforce 8400 GS
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer 89.950

## LOGITECH Z4

Logitech Z-4 hátalarkerfi 40W RMS, 2 öflugir hátalarar, fjarstýring og risa bassabox

Logitech 13.950

## SANDISK 2GB MP3

Flottur 2GB MP3 spilari frá Sandisk, getur tekið upp tal, kemur með snúru um hálsinn og heyrnartólum

5.950

## 500GB MY BOOK

Nýr og enn betri My Book utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2. Tilbúin til notkunnar.

WD Western Digital 14.750

## 160GB WD PASSPORT

Lítill og nettur utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2. Tilbúin til notkunnar.

WD Western Digital 12.950

## SENNHEISER HD-202

SENNHEISER

Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól. Frábær hljómur, frábært verð

2.750

## 1GB MINNISLYKILL

Corsair 1GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð

CORSAIR 1.250

## ACER ASPIRE 5315

- 1.80Ghz Intel Celeron M 540
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 120GB, SATA 5400rpm
- 358MB Intel GMA X3100
- 15.4" CrystalBrite skjár

acer 67.950

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

# www.att.is

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

> TATTÚDRAUMAR

Leikkonan smávaxna Christina Ricci skartar sjö litlum húðflúrum á líkama sínum og vill ólm fá sér fleiri. Hún segist hins vegar ekki vera nógu stór stjarna til að geta leyft sér að fá sér stórt og mikið tattú. „Þegar ég verð sjúklega, sjúklega fræg ætla ég að fá mér eitt á handlegginn. Þá stendur öllum á sama," segir hún.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Ísfirsk næturvakt slær met

Fjórir ísfirskir menntskælingar hyggjast slá heimsmet – eða í það minnsta Íslandsmet – í dag. Þeir Gunnar Atli Gunnarsson, Gunnlaugur Gunnlaugsson, Daníel Þór Þorsteinsson og Guðmundur Jónsson skipa Næturvaktina á útvarpsstöðinni MÍ-Flugan. Útvarpsstöðin sendir út í tíu daga, á meðan Sólrisuhátíð Nemendafélags Menntaskólans á Ísafirði stendur yfir.

„Það er sent út allan sólarhringinn, en við tökum við á miðnætti og fylgjum hlustendum inn í nóttina. Við erum oftast til svona níu, tíu," útskýrir Gunnar Atli. Í gærkvöldi hertóku þeir félagar hins vegar hljóðverið klukkan sex og hyggjast verja þar heilum sólarhring. Þegar Fréttablaðið náði tali af Gunnari Atla í gær var hann enda heima að leggja sig til að safna kröftum fyrir þolraunina.



**NÆTURVAKTIN Í METABÆKURNAR** Gunnar Atli Gunnarsson og félagar hans í ísfirska útvarpsþættinum Næturvaktinni ætla að reyna að slá heimsmet í þætti sínum í dag.

Hugmyndin að heimsmetinu er ný af nálinni og spratt fram holdi klædd um fimmleytið aðfaranótt fimmtudags, að sögn Gunnars. „Við vorum að hugsa hvað við gætum eiginlega verið lengi í loftinu. Þá var einhver sem stakk upp á því að slá heimsmetið. Við reyndum að fletta því upp en fundum ekki neitt, svo það virðist ekki vera skráð heimsmet í þessu. Ég trúi samt ekki öðru en að þetta verði Íslandsmet," segir hann.

Næturvaktin fjallar um hin ýmislegustu málefni, að sögn Gunnars, sem segir nafn þáttarins ekki endilega vísa í samnefnda og geysivinsæla sjónvarpsþáttaröð. „Það er held ég alveg óvart. Við erum alveg jafn hressir og þeir, en þetta er samt enginn vitleysingaþáttur. Við tökum ýmislegt fyrir og töluðum til dæmis um fordóma í fimmtíu mínútur um daginn," segir hann.

MÍ-flugan sendir út á FM 101.00 á Ísafirði.



**YUKSEK** Frakkinn Yuksek ætlar að gera allt vitlaust á Organ í kvöld.

## Dúndrandi elektró-pönk

Einn ferskasti raftónlistarmaðurinn í dag, hinn franski Yuksek, ætlar að bjóða upp á dúndrandi elektró-pönk á Organ í kvöld. Yuksek hefur verið líkt við flytjendur á borð við Justice og Sebastian enda hefur plötusnúðurinn Busy P og Justice lofað hann í hástert. Telja þeir hann næstu stjörnuna innan raftónlistargeirans.

Yuksek, sem hefur endurhljóðblandað lög fyrir Ghostface Killah, Das Pop og Shit Disco, er þekktur fyrir frábæra sviðsframkomu og því ætti enginn að verða svikinn af tónleikunum í kvöld.

## Blaðamenn skoða Lókal

**Fjöldi erlendra blaðamanna er staddur hér á landi til að fjalla um leiklistarhátíðina Lókal sem stendur yfir fram á sunnudag. Á meðal þeirra eru Mark Blankenship sem skrifar fyrir New York Times, Variety og vefritið Theater Mania, Helen Shaw sem skrifar fyrir The Sun og Time Out, og David Cote, aðalleikhúsgagnrýnandi Time Out sem skrifar einnig fyrir Theater Magazine. Cote hefur einnig bókað viðtal við Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrum forseta Íslands. Hefur hann áhuga á að gera greinargóða umfjöllun um íslenskt leiklistarlíf í tímaritinu Theater Magazine.**



**ELÍZA** Elíza Geirsdóttir gefur út nýja smáskífu í Bretlandi á mánudag.

## Ný smáskífa

Ný smáskífa Elízu Geirsdóttur Newman með lögunum Change My Name og Return to Me kemur út í Bretlandi á mánudag í stafrænu formi. Lögin eru tekin af plötunni Empire Fall sem kom út í Bretlandi í nóvember.

Smáskífan hefur þegar hlotið góða dóma í breska tónlistartímaritinu Losing Today og verður hún smáskífa vikunnar í næsta tölublaði. Elíza og hljómsveit hennar halda tvenna tónleika í Oxford og London á sunnudag og mánudag til að kynna nýju skífuna.



**HEFÐI FREKAR VILJA MÆTA MR Í ÚRSLITALEIK** Gettu betur-lið Borgarholtsskóla.



**SKEMMTILEGT AÐ MÆTA BÆÐI MA OG MH Í ÚRSLITALEIK** Gettu betur-lið MR.

# Fara í sund á keppnisdag

**Í kvöld er komið að seinni undanúrslitaleiknum í Gettu betur þegar hinn ungi Borgarholtsskóli mætir stríðsvél MR. Fréttablaðið skellti liðunum á röntgenbekkinn.**

### Spila ólsen-ólsen

Lið Borgarholtsskóla skipa þeir Sturla Snær Magnússon, Hafsteinn Birgir Einarsson og Einar Bjartur Egilsson. Sturla varð fyrir svörum.

*Besti árangur Borgarholtsskóla til þessa?*
„Sigur í keppninni árið 2005 þar sem að Steini, Baldvin og Beggi sýndu glæsilega og eftirminnilega nördatakta."

*Hvernig er undirbúningi háttað fyrir keppni?*
„Það er eiginlega aldrei eins. Við gerum eiginlega bara það sem að okkur dettur í hug að gera á þeim tíma. Æfum kannski frekar stíft en á keppnisdag tökum við því bara rólega og förum í sund."

*Helgisiðir fyrir keppni?*
„Það er helst að við spilum ólsen-ólsen rétt fyrir keppni. Ég persónulega geri voðalega lítið annað en að hlusta á góða tónlist tvo daga fyrir keppni."

*Óska andstæðingur í úrslitum?*
„Það hefði nú verið MR en fyrst það er ekki í boði lengur, þá skiptir það ekki höfuðmáli."

*Óska stigavörður?*
„Steinunn Vala Sigfúsdóttir er og verður ávallt okkar uppáhaldsstigavörður. Hún er svo mikið krútt!"

*Sérsvið þitt?*
„Mitt sérsvið felst sér í lagi í goðafræði, bókmenntum og fáránlegri vitneskju sem ég hef sankað að mér í gegnum árin."

*Hvað veistu akkúrat ekkert um?*
„Ég veit akkúrat ekkert um landafræði, sem er svo sem allt í lagi vegna þess að Einar Bjartur er landafræðigúrú."

*Hver er kynþokkafyllstur í liði Borgarholtsskóla?*
„Allir eru sammála um að það sé klárlega ég. Reyndar er Einar að saxa á mig með skegginu. Þetta skegg getur nú verið ansi sexí á stundum."

*Uppáhaldshljómsveit íslensk?*
„Uppáhalds íslensku hljómsveitirnar mínar eru Jet Black Joe (Páll Rósinkrans er bestur) og Gus-Gus."

*Uppáhaldssjónvarpsþáttur (fyrir utan Gettu betur!)?*
„Dexter er í miklu uppáhaldi í augnablikinu, ég hef einstaklega gaman af þessum gjörsamlega siðblinda morðingja hans Jeffs Lindsay."

### Helgisiðir trufla bara

Lið MR skipa Björn Reynir Halldórsson, Magnús Þorlákur Lúðvíksson og Vignir Már Lýðsson. Magnús svaraði spurningum Fréttablaðsins.

*Besti árangur MR til þessa?*
„MR hefur unnið keppnina 13 sinnum, oftast allra skóla. Fyrst árið 1988, síðan 11 sinnum í röð frá 1993 til 2003 og svo í fyrra."

*Hvernig er undirbúningi háttað fyrir keppni?*
„MR hefur í gegnum árin komið sér upp þægilegri rútínu á keppnisdag. Við fáum frí í skólanum og sofum út, hittumst síðan á notalegum matsölustað í miðbæ Reykjavíkur og fáum okkur að borða. Við förum því næst í Neslaugina, slökum á í pottinum og kíkjum í gufu. Að lokum fáum við okkur svo bakkelsi og erum þá reiðubúnir í átökin í Smáralindinni."

*Helgisiðir fyrir keppni?*
„Við reynum meðvitað að koma okkur ekki upp helgisiðum. Slíkt gerir ekki annað en að trufla okkur þegar keppnin er hafin."

*Óska andstæðingur í úslitum?*
„Við viljum aðallega bara komast í úrslitin, andstæðingar eru svo sem aukaatriði. Það væri þó mjög skemmtilegt að mæta bæði MH og MA. Við höfum harma að hefna gegn MA frá því fyrir tveimur árum og það er alltaf gaman að mæta nágrönnum okkur í Reykjavík."

*Óska stigavörður?*
„Steinunn Vala Sigfúsdóttir, núverandi stigavörður, hún er svo sæt."

*Sérsvið þitt?*
„Ég vil helst ekki svara þessari spurningu, það verður nefnilega svo vandræðalegt að klúðra spurningu á sviði sem maður hefur opinberað sem sérsvið sitt. Látum styrkleika mína bara koma í ljós."

*Hvað veistu akkúrat ekkert um?*
„Ég er því miður mjög illa að mér í íslenskri landafræði. Ég hef góða liðsfélaga svo það kemur ekki að sök."

*Hver er kynþokkafyllstur í liði MR?*
„Björn Reynir, án nokkurs vafa, þegar þú hefur séð loðna bringu Björnsins þá er ekki aftur snúið."

*Uppáhaldshljómsveit íslensk?*
„Góðvinir mínir í Rökkurró eru mjög flott hljómsveit en ætli Sigur Rós sé ekki í fyrsta sæti."

*Uppáhaldssjónvarpsþáttur (fyrir utan Gettu betur!)?*
„Ég á mjög erfitt með að gera upp á milli Seinfelds og Vesturálmunnar."



**FÆR FIMM LÖG AÐ VELJA ÚR** Armenska söngkonan Sirusho.

## Sungið í blóðugum óeirðum

Í Armeníu er allt á suðupunkti. Í höfuðborginni, Jerevan, hafa blóðugar óeirðir staðið yfir vegna meints svindls í nýlegum forsetakosningum. Fjöldi manna er slasaður og að minnsta kosti átta liggja í valnum. Neyðarlög hafa verið sett í landinu og verður þeim ekki aflétt fyrr en í fyrsta lagi 20. mars.

Armenar taka nú þátt í Eurovision í þriðja sinn og var ákveðið að senda söngkonuna Sirusho í ár. Fimm lög hafa verið valin ofan í hana og fær þjóðin að velja vinningslagið í sjónvarpsþætti 8. mars. Sérstakir tónleikar áttu að fara fram vegna valsins í óperuhöllinni í Jerevan, en vegna ótryggs ástands hafa þeir verið færðir í stúdíó armenska ríkissjónvarpsins. Þar er auðveldara að hafa stjórn á málum, segja yfirvöld.

Söngkonan Sirusho er 21 árs og hefur til þessa sungið þjóðlega armenska tónlist í nútímalegri poppútfærslu á tveim plötum. Hún er vinsæl og virt í heimalandinu. Armenía, sem áður var hluti af Sovétríkjunum, er lítið land, rúmlega þrisvar sinnum minna en Ísland. Þar búa rúmlega þrjár milljónir manna.

EUROVISION

**78 DAGAR TIL STEFNU**

# Þórbergur er æðislegur!

Þórbergur Þórðarson fæddist 12. mars árið 1888. Í næstu viku eru því liðin 120 ár frá fæðingu hans. Af því tilefni verður efnt til veglegrar hátíðar í Háskóla Íslands, Þórbergssmiðju. Hún verður haldin um næstu helgi og byrjar báða dagana á Müllers-æfingum í umsjón Bryndísar Petru Bragadóttur. Annars er boðið upp á bæði fyrirlestra og tónlistaratriði, meðal annars ætlar hljómsveitin Baggalútur að koma fram á sunnudaginn klukkan 13.25.

„Við ætlum að leika nokkur vel valin dægurlög af dagskrá hljómsveitarinnar og svo tökum við Sósulagið," segir Guðmundur Pálsson, söngvari Baggalúts. „Við grófum það upp úr einhverjum gömlum útvarpsþætti. Þórbergur syngur það við undirleik einhvers trúbadors. Meiningin er að setja það í nútímalegan búning þótt við horfum að sjálfsögðu til upprunalegu útgáfunnar."

Guðmundur er ekki í neinum vafa um að Þórbergur hefur haft mikil áhrif á starf Baggalúts. „Við þekkjum hans verk ágætlega og persónulega er ég mikill aðdáandi. Það leynast áhrif frá honum bæði í dægurlagatextagerðinni hjá okkur og eins í skrifum á netsíðunni okkar. Hann var mikill stílisti, fyndinn, og tja, bara alveg æðislegur!"

Guðmundur segir að upptökur standi nú yfir á næstu plötu hljómsveitarinnar. „Það eru til um tuttugu lög og það er verið að fínpússa þetta núna. Það verða töluverðar nýjungar á þessari plötu. Við notum til dæmis þverflautu á henni."

- glh



**HEIÐRAR ÞÓRBERG MEÐ BAGGALÚTI** Guðmundur Pálsson verður í Þórbergssmiðju.

# Sigur Rós hertekur Youtube

„Þetta er æðisleg kynning fyrir þá því þarna eru um hundrað milljón „hit“ á síðuna á dag,“ segir Kári Sturluson, umboðsmaður Sigur Rósar, sem mun hertaka forsíðu heimasíðunnar Youtube í dag.

Notendur geta horft á heimildarmynd sveitarinnar Heima í heild sinni í einn sólarhring og verður það í fyrsta sinn sem tónlistarmynd í fullri lengd verður í boði á síðunni. Einnig verður hægt að horfa á brot úr myndinni. Þeir sem skoða síðuna geta sömuleiðis horft á tíu bestu myndböndin sem voru send inn í samkeppni sem Sigur Rós og Youtube efndu til í tilefni af útkomu Heima, auk þess sem fólk getur skoðað myndband sem meðlimir Sigur Rósar tóku upp sérstaklega fyrir Youtube.

„Þetta sýnir líka hvað þeir eru búnir að festa sig rosalega í sessi, sérstaklega í kjölfar myndarinnar sem fólk úti um allan heim gjörsamlega dýrkar,“ segir Kári og bætir við í léttum dúr: „Í kjölfarið á þessu Youtube-ævintýri ættu ferðaþjónustuaðilar á Íslandi að auka aðeins við símavaktina hjá sér. Ég bendi þeim síðan á bankareikning Sigur Rósar.“

Myndin Heima hefur verið sýnd í kvikmyndahúsum um heim allan við miklar vinsældir og hafa meðlimir Sigur Rósar verið duglegir við að fylgja henni eftir. Því ferli er lokið og við taka sýningar á myndinni í sjónvarpi víðs vegar um heiminn, enda kepptust erlendar sjónvarpsstöðvar um að fá hana til sýningar.

Að sögn Kára kemur þessi Youtube-viðburður á frábærum tíma fyrir bandið, bæði vegna sjónvarpssýninganna og væntanlegrar plötu. Að auki mun viðburðurinn auka enn frekar áhuga á tónleikaferð sveitarinnar um heiminn sem hún fer í síðar á árinu til að fylgja plötunni eftir.

- fb



**SIGUR RÓS** Jónsi og félagar í Sigur Rós verða allsráðandi á heimasíðunni Youtube í dag.






FIÐRILDAVIKA
3.–8. mars 2008

Landssöfnun fyrir Styrktarsjóð UNIFEM til afnáms ofbeldis gegn konum

Söfnunarsímar:

904-1000
styrkir um 1000 kr.

904-3000
styrkir um 3000 kr.

904-5000
styrkir um 5000 kr.

Hringdu núna og hafðu fiðrildaáhrif!

Söfnunarreikningur:
Bankanr.
0101-15-630052
kt. 551090-2489



UNIFEM
www.unifem.is

# Meint kvenfyrirlitning laganema

**Í harðorðri bókun jafnréttisráðs Háskóla Íslands kemur fram að í Grími geitskó – blaði laganema við Háskóla Íslands – gæti bæði kvenfyrirlitningar og fordóma. Sigurður Kári Kristjánsson þingmaður segir fráleitt að Grímur kasti rýrð á orðstír skólans.**



**ARNAR GÍSLASON** Kannski ekki viljandi verið að níðast á konum en það er það sem úr verður. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Í frétt Fréttablaðsins var greint frá harkalegum viðbrögðum jafnréttisnefndar Háskóla Íslands við blaði laganema, Grími geitskó, en nefndin bókaði meðal annars það að blaðið varpaði skugga á orðstír skólans. Pálmar Pétursson ritstjóri segir bókunina vafasama og leggur á það áherslu að um grínblað laganema sé að ræða. En blaðið byggir á langri hefð sem slíkt.

Arnar Gíslason er jafnréttisfulltrúi Háskólans, er starfsmaður nefndarinnar en í henni sitja formaður Brynhildur Flóvenz úr lagadeild, Ólafur Pétur Pálsson úr verkfræðideild, Þórarinn Sveinsson úr læknadeild, Arnfríður Guðmundsdóttir úr guðfræðideild og svo Steindór Grétar Jónsson frá stúdentaráði.

Arnar segir að í blaðinu beri á kvenfyrirlitningu og það sé nokkuð sem nefndinni finnist ekki skólanum til sóma. „Heilsíðuauglýsing frá Goldfinger er ekki mjög smekkleg, spurning hvar menn vilja staðsetja sig með henni.“ Arnar rekur ýmislegt í blaðinu sem orkar tvímælis en þar er talað um „grúppíur“, „höltu stelpuna sem ég slummaði uppí á Hverfisbarnum“, „ólögráða drengur óskast til undaneldis“ og svo framvegis. „Það er kannski ekki endilega meðvitað verið að níðast á konum en það er samt það sem úr verður. Kannski í hugsunarleysi. Mikilvægt er að öllum líði vel innan skólans og ein grundvallarforsenda þess er að borin sé virðing fyrir báðum kynjum,“ segir Arnar.

Aðspurður segir Arnar það spurningu hvenær grín hættir að vera fyndið og verður særandi. Grín sé vandmeðfarið. Um gagnrýni Pálmars hvað varðar að hafa ekki fengið að svara fyrir nefndinni segir Arnar nefndina hafa litið svo á að blaðið tali fyrir sig sjálft og afstaða ritstjórnar, sem öll er skipuð körlum, komi þar vel fram.

Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, er fyrrverandi formaður Orators, félags laganema, og hann þekkir Grím geitskó vel. Tekur reyndar skýrt fram að hann hafi ekki séð umrætt tölublað. „Auðvitað verða menn að passa sig á að fara ekki yfir strikið en hafa verður í huga að Grímur geitskór hefur frá upphafi verið skemmtiblað innan lagadeildar, þar er skotið á allt og alla, og menn hafa aldrei tekið blaðið alvarlega.“

Sigurður Kári segir að menn verði að lesa blaðið sem slíkt og varðandi auglýsingu Goldfingers segir hann Geira mega auglýsa eins og hvern annan meðan starfsemi hans er lögleg. „Það er fráleitt í besta falli að ætla blaðið til þess fallið að kasta rýrð á skólann og deildina,” segir Sigurður Kári.

**jakob@frettabladid.is**

## ÁRÉTTING

Jóhannes Eiríksson og Einar Björgvin Sigurbergsson, framkvæmdastjórar Úlfljóts, tímarits laganema, vilja koma á framfæri því að Grímur geitskór, sem nefnt er í bókun jafnréttisráðs Háskóla Íslands „tímarit laganema Háskóla Íslands”, sé fréttablað laganema en ekki tímarit laganema. Það heitir Úlfljótur.


SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE BUCKET LIST DIGITAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| AUGUST RUSH | kl. 5:30 - 8 | 7 |
| DARK FLOORS | kl. 10:30 | 14 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10:30 | 16 |
| STEP UP 2 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 -10:10 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| MR. MAGORIUMS | kl. 3:30 | L |

KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE BUCKET LIST | kl. 4 - 6 - 8:20 - 10:30 | 7 |
| JUNO | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 4:10 - 6:10 | L |
| STEP UP 2 | kl. 8:20 - 10:30 | 7 |

ÓSKARSMYNDIRNAR
ERU Í SAMBÍÓUNUM
nánari upplýsingar um ÓSKARSMYNDIRNAR má finna á www.SAMbio.is

SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 8 | L |
| ATONEMENT | kl. 8 | 12 |
| SWEENEY TODD | kl. 10:10 | 16 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 10:40 | 7 |
| ÁSTRÍKUR M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 6 | L |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| UNDERDOG ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 - 10 | 7 |
| STEP UP 2 | kl. 6 | 7 |
| JUNO | kl. 8 | 7 |
| DARK FLOORS | kl. 10 | 16 |

KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE BUCKET LIST | kl. 8 - 10:10 | L |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10:20 | 16 |
| UNDERDOG M/ÍSL TALI | kl. 6 | L |
| MR. MAGORIUMS... | kl. 6 | L |
| 27 DRESSES | kl. 8 | L |

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SEMI-PRO | kl. 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| FLUGDREKAHLAUPARINN | kl. 5.30, 8 og 10.20 | 12 |
| RAMBO | kl. 8 og 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.30 | L |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| SEMI PRO LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| BE KIND REWIND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | |
| 27 DRESSES | kl. 8 - 10.30 | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.40 ÍSL. TAL | |
| JUMPER | kl. 6 - 10.10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE ORPHANAGE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| AUGUST RUSH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| BE KIND REWIND | kl. 8 - 10.15 | |
| DIVING BELL | kl. 5.40 - 8 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 10.10 | 12 |
| | | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE KITE RUNNER | kl. 6 - 9 | 12 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 8 | 16 |
| INTO THE WILD | kl. 10.10 | 7 |
| ATONEMENT | kl. 5.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 | 12 |
| BE KIND REWIND | kl. 10.10 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR




KLIPPIÐ HÉR!
1 Ekkert hlé
2 Minna af auglýsingum
3 Engin truflun
græna ljósið - Ekkert hlé á góðum myndum
FRÉTTABLAÐIÐ 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvísun þessarar úrklippu.
www.graenaljosid.is - Skráning í Bíóklúbb Græna ljóssins margborgar sig

# Hryllilega léleg

Faðir einhverfrar stúlku er á leið út frá spítala hennar þegar lyftan bilar. Þegar þau komast út eru þau, ásamt öðru fólki, í tómu húsinu.

Hljómsveitina Lordi þarf vart að kynna eftir sigur hennar í Eurovision 2006 en nú hafa skrímslabúningaklæddir meðlimir hennar leikið í sinni fyrstu kvikmynd, Dark Floors. Myndin er eftir leikstjóra tónlistarmyndbanda þeirra og frá heimalandi sveitarinnar Finnlandi, en töluð á ensku og með íslenska framleiðendur.

Það væri ekki orðum ofaukið að segja myndina vera verstu hrollvekju liðinna mánuða, þótt samkeppnin þar sé hörð. Það er hreint ótrúlegt hvað slík leiðindi geta fundið sér leið á tjaldið. Ekki nóg með að söguþráður sé varla til staðar og hvað þá áhugaverðar persónur, er ekki snefil af alvöru spennu eða hrylling að finna í henni. Ekki bæta hinir lítt þekktu leikarar úr skák, þótt einn kannist maður við úr Aliens, og þreytandi er sú sem leikur einhverfu stúlkuna.

Að ekki sé minnst á bjánalegheitin að sjá Lordi-skrímslin sem óvætti sem taka á alvarlega. Dark Floors má kannski eiga það að hún lítur ágætlega út, en hún er gersneydd öllu öðru sem prýðir góða hrollvekju.

**Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is**



**KVIKMYNDIR**

**Dark Floors: The Lordi Motion Picture**

Leikstjóri: Pete Riski. Aðalhlutverk: Hr. Lordi o.fl.

★

Vondur söguþráður, óáhugaverðar persónur, engin spenna eða alvöru hryllingur. Hryllilega léleg mynd.

# Spila í Brussel í kvöld

Sjö íslenskir flytjendur; múm, Skakkamanage, Kira Kira, Parachutes, Kria Brekkan, Kippi Kanínus og Unnur Andrea Einarsdóttir leika á tvennum Iceland Airwaves-tónleikum á tónleikastaðnum Ancienne Belgique í Brussel í kvöld og annað kvöld. Tónleikarnir eru liður í listahátíðinni Iceland on the Edge, stærstu menningar- og kynningarhátíð Íslands á erlendri grundu á þessu ári.

Þetta eru þriðju tónleikarnir sem Iceland Airwaves stendur að á hátíðinni. Hinir fyrstu voru haldnir 15. febrúar í menningarmiðstöðinni Bozar í Brussel. Þar spiluðu Amiina, Jóhann Jóhannsson, Seabear og Ólafur Arnalds við góðar undirtektir.



**SKAKKAMANAGE** Hljómsveitin Skakkamanage treður upp í Brussel í Belgíu um helgina ásamt fleiri Íslendingum.





* Fjármögnunarleiga m.v. 60 mán. lán í erlendri myntkörfu (50% chf og 50% jpy) með 20% útborgun, með og án/vsk.

www.renault.is www.atvinnubilar.is

ATVINNUBÍLAR FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

**RENAULT, LEIÐANDI MERKI Í ATVINNUBÍLUM Í EVRÓPU!** Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi. Notagildi, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; þægindi vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn inn stóran hluta úr degi; sparneytni svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu. Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.

**B&L ATVINNUBÍLAR**

GRJÓTHÁLSI 1 - SÍMI 575 1200 - RÁÐGJAFASÍMI 575 1224/25 - WWW.BL.IS

RENAULT






## > Viggó tekur við Fram

Samkvæmt frétt á Vísi í gærkvöldi mun Viggó Sigurðsson hafa náð samkomulagi við handknattleiksdeild Fram um að taka við þjálfun liðsins næsta sumar og skrifa undir tveggja ára samning við félagið. „Þetta gekk nokkuð skjótt að og við vorum bara tvo daga að ganga frá þessu," sagði Viggó í viðtali við Vísi í gærkvöld. Ferenc Antal Buday, þjálfari Fram, stýrir Safamýrarliðinu út núverandi keppnistímabil.



sport

sport@frettabladid.is

**STEFÁN GÍSLASON:** ER BJARTSÝNN Á AÐ BRÖNDBY NÁI AÐ BJARGA TÍMABILINU EFTIR ERFIÐA BYRJUN Í UPPHAFI MÓTS

# *Þurftum lögreglufylgd eftir einn leikinn í vetur*



Landsliðsmaðurinn Stefán Gíslason var á dögunum gerður að aðalfyrirliða danska stórliðsins Bröndby eftir að hafa aðeins verið í herbúðum félagsins í rúmlega hálft ár. Bröndby má reyndar muna sinn fífil fegri og félagið hefur átt undir högg að sækja síðan knattspyrnustjórinn Michael Laudrup og aðstoðarmaður hans John „Faxe" Jensen hættu í júní árið 2006, en Stefán kvaðst bjartsýnn á framhaldið í viðtali við Fréttablaðið í gær.

„Það er náttúrlega mikill heiður fyrir mig að vera beðinn um að taka við fyrirliðabandinu og þó að þetta hafi komið frekar óvænt upp, þar sem ég er nú ekki búinn að vera lengi hjá félaginu, þá er ég vitaskuld ánægður. Mér fannst andrúmsloftið ekki vera sérstaklega gott hjá félaginu þegar ég kom fyrst en Tom Køhlert, knattspyrnustjóri Bröndby, er búinn að hreinsa aðeins til hjá félaginu. Mér finnst mórallinn vera allt annar núna, leikmennirnir eru búnir að leggja hart að sér við æfingar í vetrarfríinu og við verðum vonandi tilbúnir þegar lokaátökin í deildinni hefjast 16. mars næstkomandi," sagði Stefán. Félagið er sem stendur í 9. sæti deildarinnar, sem er vitanlega algjörlega óviðunandi á þeim bænum og það þótti til að mynda algjört hneyksli þegar liðið endaði í 6. sæti í deildinni í fyrra.

„Harðkjarna stuðningsmenn Bröndby létu óánægju sína í ljós út af slöku gengi liðsins í upphafi þessa tímabils og það var mjög sérstakt að upplifa það að við leikmennirnir þurftum lögreglufylgd úr rútunni og inn á leikvang Bröndby út af okkar eigin stuðningsmönnum eftir tapleik á útivelli. Þetta voru auðvitað bara örfáir ólátabelgir og megnið af aðdáendum félagsins studdi liðið í gegnum súrt og sætt og hafa verið frábærir á þessu tímabili en kröfurnar eru vissulega til staðar. Bröndby er náttúrlega búið að vera í baráttunni um titla meira og minna undanfarin tuttugu og fimm ár ef frá er talið tímabilið í fyrra og markmiðin voru því skýr fyrir tímabilið. Úr þessu stefnir félagið hins vegar á að ná fjórða sætinu í deildinni sem gefur þátttökurétt í Evrópukeppninni að ári auk þess sem stefnan er sett á að vinna bikarkeppnina í Danmörku," sagði Stefán bjartsýnn.

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *N1-deild karla í handbolta*

Fram-Afturelding 28-26 (15-12)

**Mörk Fram (skot):** Andri Berg Haraldsson 9/4 (14/5), Rúnar Kárason 5 (13), Haraldur Þorvarðarson 4 (5), Stefán Baldvin Stefánsson 3 (4), Jón Björgvin Pétursson 3 (6), Halldór Jóhann Sigfússon 2 (3), Brjánn Guðni Brjánsson 1 (1), Einar Ingi Hrafnsson 1 (3)

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 13 (30/3 43,3%), Magnús Gunnar Erlendsson 8/1 (17/3 47,1%)

**Hraðaupphlaup:** 4 (Stefán, Brjánn, Rúnar, Haraldur)

**Fiskuð víti:** 5 (Andri, Einar, Rúnar, Halldór, Stefán)

**Utan vallar:** 6 mínútur

**Mörk Aftureldingar:** Daníel Jónsson 7 (12), Magnús Einarsson 5 (9), Hrafn Ingvarsson 3 (4), Ásgeir Jónsson 3 (5), Einar Örn Guðmundsson 3/3 (11/3), Davíð Ágústsson 2 (4), Ingimar Jónsson 2/1 (5/2), Hilmar Stefánsson 1/1 (1/1), Jón Andri Helgason (1)

**Varin skot:** Davíð Svansson 19 (46/3 41,3%), Oliver Kiss (1/1 0%)

**Hraðaupphlaup:** 5 (Ásgeir 2, Daníel, Davíð, Magnús)

**Fiskuð víti:** 6 (Ásgeir 2, Magnús 2, Einar, Daníel)

**Utan vallar:** 6 mínútur

### *N1-deild kvenna í handbolta*

Valur-Fylkir 28-19

### *Iceland Express-deild karla*

Njarðvík-Skallagrímur 113-83 (54-48)

**Stig Njarðvíkur:** Brenton Birmingham 29, Hörður Axel Vilhjálmsson 22, Jóhann Ólafsson 11, Guðmundur Jónsson 11, Sverrir Þór Sverrisson 10, Damon Bailey 10, Friðrik Stefánsson 9, Daníel Guðmundsson 5, Egill Jónasson 2, Elías Kristjánsson 2, Hjörtur Einarsson 2

**Stig Skallagríms:** Darrell Flake 23, Allan Fall 19, Florian Miftari 11, Pálmi Þór Sævarsson 11, Axel Kárason 7, Pétur Sigurðsson 7, Ómar Helgason 5

ÍR-Stjarnan 84-87 (43-49)

**Stig ÍR:** Tahirou Sani 25 (8 frák.), Nate Brown 16 (10 frák., 7 stoðs.), Eiríkur Önundarson 13, Hreggviður Magnússon 10, Sveinbjörn Claessen 10, Ólafur Jónas Sigurðsson 5, Steinar Arason 2, Ómar Sævarsson 2, Þorsteinn Húnfjörð 1.

**Stig Stjörnunnar:** Dimitar Karadzovski 26 (6 af 9 í 3ja), Jarrett Stephens 26 (11 frák.), Jovan Zdravevski 15, Fannar Freyr Helgason 9 (9 frák., 6 stoðs.), Sævar Ingi Haraldsson 5 (6 stoðs), Kjartan Atli Kjartansson 2, Ottó Þórsson 2, Guðjón Hrafn Lárusson 2

Keflavík-Tindastóll 106-85

KR-Hamar 95-66 (48-37)

**Stig KR:** Joshua Helm 25, Jeremiah Sola 15, Pálmi Sigurgeirsson 13, Avi Fogel 12, Darri Hilmarsson 11, Skarphéðinn Ingason 8, Fannar Ólafsson 6, Ellert Arnarsson 2, Eldur Ólafsson 2, Helgi Már Magnússon 1.

**Stig Hamars:** Roman Moniak 27, Svavar Pálsson 14, Bojan Bojovic 11, Lárus Jónsson 4, Roni Leimu 4, Ari Gunnarsson 3, Viðar Hafsteinsson 3.

**Hamarsmenn og Fjölnismenn** féllu niður í 1. deild í gær. Hjá báðum félögum var það sigur Stjörnumanna á ÍR-ingum í Seljaskóla sem gerði útslagið. Hamarsmenn eru með 8 stig en eiga aðeins tvo leiki eftir og geta því ekki náð Stjörnunni og Tindastól að stigum. Fjölnismenn sem mæta Þór í kvöld, geta náð bæði Stjörnunni og Tindastól að stigum en eru með verri innbyrðisárangur gegn báðum liðum.

### *Evrópukeppni félagsliða:*

Bolton-Sporting 1-1

1-0 Gavin McCann (25.), 1-1 Simon Vukcevic (69.). Heiðar Helguson var í byrjunarliði Bolton.

Fiorentina-Everton 2-0

1-0 Zdravko Kuzmanovic (70.), 2-0 Riccardo Montolivo (81.).

Tottenham-PSV 0-1

0-1 Jefferson Farfán (34.).

Anderlecht-Bayern München 0-5

0-1 Hamit Altintop (10.), 0-2 Luca Toni (45.), 0-3 Lukas Podolski (57.), 0-4 Miroslav Klose (67.), 0-5 Franck Ribery (86.).

### *Meistaradeildin í körfubolta*

Lottomatica Roma-CSKA Moskva 54-82

Jón Arnór Stefánsson skoraði tvö stig fyrir Roma og tók tvö fráköst á tæpum 25 mínútum.

# Kennslustund hjá Njarðvík

**Njarðvík átti ekki í miklum erfiðleikum gegn Skallagrími í Iceland Express-deild karla í gærkvöld og sigraði örugglega 113-83 í Ljónagryfjunni í Njarðvík. Stigin tvö eru heimamönnum í Njarðvík afar dýrmæt í baráttunni um fjórða sætið.**

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík vann Skallagrím 113-83 í Iceland Express-deild karla í gærkvöld.

Skallagrímur var ekki lengi að finna fjölina í Ljónagryfjunni og komst í 3-11 eftir aðeins þrjár mínútur. Á meðan gestirnir voru vel frískir rann vart blóðið í heimamönnum og mátti sjá á töflunni stöðuna 14-26 þegar þrjár mínútur voru eftir af fyrsta leikhluta. Leikur heimamanna hresstist verulega með innkomu Sverris Þórs Sverrissonar en gestirnir leiddu eftir fyrsta leikhluta, 27-31. Skallarnir voru einnig mun sterkari í upphafi annars leikhluta og réðu Njarðvíkingar ekkert við Darrell Flake, sem frákastaði og skoraði að vild. Staðan var 39-43 þegar rúmar fjórar mínútur lifðu af fyrri hálfleik. Þessar fjórar mínútur voru eign Njarðvíkur frá upphafi til enda. Liðið pressaði úti um allan völl og stal ófáum boltum og í kjölfarið leiddi Njarðvík eftir fyrri hálfleik, 54-48.

Njarðvíkingar komu mun frískari til leiks en í þeim fyrri. Liðið byggði hægt og rólega upp forskot í leikhlutanum og var staðan 67-58 þegar hann var hálfnaður. Skömmu áður var Florian Miftari leikmanni Skallagríms hent út úr húsi fyrir að hrópa „fuck you" að Björgvini Rúnarssyni, öðrum dómara leiksins. Gjörsamlega óafsakanlegt og hárréttur dómur. Staðan að loknum þrem leikhlutum var 90-70 fyrir Njarðvík. Í fjórða leikhluta mátti sjá greinilega að Skallagrímsmenn voru búnir að gefast upp. Í stað þess að reyna að minnka forskot Njarðvíkur og einbeita sér að því fór öll orka þeirra í að mótmæla dómum og í raun tuða yfir öllu. Þegar lokaleikhlutinn var hálfnaður var staðan 102-77 fyrir Njarðvík og leiknum löngu lokið. Lokamínúturnar var sýning að hálfu Njarðvík og sigruðu heimamenn að lokum 113-83.

Brenton Birmingham var gríðarlega öflugur í kvöld sem og Hörður Axel Vilhjálmsson. Hörður var sáttur í leikslok.



**MIKILVÆGUR SIGUR** Njarðvíkingar standa vel að vígi í baráttunni um fjórða sætið, sem gefur heimaleikjarétt þegar kemur í úrslitakeppnina, eftir yfirburðasigur gegn Skallagrími í Ljónagryfjunni í Njarðvík í gærkvöldi. JÓN BJÖRN/VÍKURFRÉTTIR

„Þetta var bara virkilega góður leikur af okkar hálfu. Við vildum senda ákveðin skilaboð fyrir úrslitakeppnina þar sem við byrjum hana í fjórða sæti og endum sem Íslandsmeistarar." Hjá Skallagrími var meðalmennskan í fyrirrúmi og baráttuhundurinn Pálmi Þór Sævarsson var ómyrkur í máli eftir leikinn.

„Þetta var skelfilegur leikur. Í raun var fyrri hálfleikurinn ágætur en í þeim síðari fórum við að hlaupa með þeim, sem er alls ekki okkar leikur og nokkuð sem við ráðum engan vegin við." **- höþ**



**ENN MÖGULEIKI** Kjartan Kjartansson og félagar í Stjörnunni eru enn í baráttunni um sæti í úrslitakeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mikilvægt hjá Stjörnunni:

# Vann á útivelli

**KÖRFUBOLTI** Stjörnumenn unnu mikilvægan útisigur á ÍR, 84-87, í Seljaskóla í gær og eiga því enn möguleika á að komast í úrslitakeppnina.

Stjörnumenn höfðu tapað sex útileikjum í röð fyrir leikinn í gær en eftir leikinn eru þeir tveimur stigum á eftir Þór, sem situr í áttunda og síðasta sætinu sem gefur þátttökurétt í úrslitakeppninni. Með sigrinum felldu Stjörnumenn líka bæði Hamar og Fjölni.

Stjarnan var með frumkvæðið allan tímann, 24-26 yfir eftir fyrsta leikhluta, 45-49 yfir í hálfleik og náði mest 11 stiga forskoti, 64-75, í upphafi fjórða leikhluta. Í lokaleikhlutanum voru Garðbæingar nærri því búnir að henda frá sér leiknum því þeir töpuðu þá 11 boltum, þremur fleiri en ÍR-ingar gerðu allan leikinn. Stjörnumenn héldu þó út og Makedónarnir Dimitar Karadzovski og Jovan Zdravevski gulltryggðu sigurinn með því að skora úr fjórum vítaskotum á lokasekúndunum.

ÍR-ingar reyndu hvert þriggja stiga skotið á fætur öðru í lokin en aðeins 2 af 15 þeirra skiluðu sér í körfuna í 4. leikhluta og Breiðhyltingar misstu því af tækifærinu á að komast upp að Skallagrím í 6. sætið. **- óój**

Fram styrkti stöðu sína í toppbaráttu N1-deildar karla þegar liðið vann Aftureldingu 28-26 í gærkvöld:

# Fram í vandræðum með Aftureldingu

**HANDBOLTI** Fram marði Aftureldingu, 28-26, í hörkuleik og minnkaði forystu Hauka á toppi N1-deildarinnar í tvö stig.

Afturelding hóf leikinn af krafti. Daníel Jónsson skoraði fyrsta mark leiksins eftir tuttugu sekúndur og Davíð Svansson varði fjögur skot í fyrstu sókn Fram. Engu að síður var lítil stemning í liði Aftureldingar og Fram náði fljótt góðum tökum á leiknum og eftir 18 mínútna leik munaði fimm mörkum á liðunum, 10-5.

Afturelding hóf þá að sýna þann baráttuanda sem liðið hefur verið þekkt fyrir í vetur og minnkaði muninn í eitt mark, 13-12, þegar innan við mínúta var til leikhlés. Síðustu mínútuna nýtti Fram vel og staðan var 15-12 í hálfleik.

Fram hélt þriggja til fjögurra marka forystu fyrstu mínútur síðari hálfleiks en um miðbik hálfleiksins náði Afturelding að skora þrjú mörk í röð og jafna leikinn, 21-21. Skömmu síðar var Afturelding komin yfir, 22-23 og spennan í Safamýrinni rafmögnuð.

Afturelding virtist líkleg til að sækja óvænt stig þar til leikmenn liðsins réðu ekki við spennuna á lokasprettinum. Fram skoraði þrjú síðustu mörkin og sigraði 28-26, en Afturelding skoraði ekki fimm síðustu mínútur leiksins.

Stórskyttan Andri Berg Haraldsson hjá Fram var mjög góður í fyrri hálfleik en var ekki sáttur við leik sinn í síðari hálfleik.

„Ég náði þó að skora sigurmarkið í lokin en þetta var ekkert sérstakt. Ég trúði því aldrei að við myndum tapa fyrsta leik eftir bikarúrslitin en það má segja að taugarnar hafi verið sterkari okkar megin," sagði Andri í leikslok.

**- gmi**



**NAUMUR SIGUR** Framarar áttu í erfiðleikum gegn Aftureldingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



BT
FLOTTAR FERMINGAGJAFIR
59.999,-
Uncharted Drake's Fortune, Rathect & Clank fylgir
This is living
PLAYSTATION 3
PS3 Leikjavél 40 GB Starter Pack
Playstation 3 inniheldur þráðlaust netkort og 40 GB harðan disk. Playstation 3 er líka Blu-Ray spilari fyrir myndir í HD. Inniheldur leikina Uncharted Drake's Fortune, Rathect & Clank Tools of Destruction 2 Sixasis stýripinna. 9933250.
19.999,-
Fáanleg bæði svört og silfur
PSP
PSP slim
PSP Slim & Lite gerir þér kleyft að spila tónlist, kvikmyndir og hágæða tölvuleiki hvar sem þú ert á ferðinni. Nú er einnig hægt að nota Skype á psp og tengja hana þráðlaust á internetið. 9409953/9410256.
44.999,-
This is living
PLAYSTATION 3
PS3 Leikjavél 40 GB
Playstation 3 inniheldur þráðlaust netkort og 40 GB harðan disk. Playstation 3 er líka Blu-Ray spilari fyrir myndir í HD. 943075.
6.999 HVER LEIKUR
Unreal Tournament 3
PC 4.999,-
Army of Two
XBOX 360 6.999,-
Soldier of Fortune Payback
XBOX 360 6.999,-
Fifa Street 3
XBOX 360 6.999,-
3.299,-
PC
Sims 2 Free Time
4.999,-
Frontlines Fuels of War
XBOX 360 6.999,-
2.299 HVER MYND
DVD
Stardust
Eastern Promises
Ævintýraeyja Ibba
ísl & enskt tal
2.299,-
DVD
Ratatouille
ísl & enskt tal
2.999,-
Blu-ray Disc
Ratatouille
4.999 HVOR SERÍA
DVD
My Name is Earl Season 1
My Name is Earl Season 2
www.bt.is · Auglýsingin gildir 7. - 10. mars 2008

## > Kim Basinger

Kynbomban Kim Basinger, sem setið hefur nakin fyrir í Playboy, á víða ættir að rekja. Hún rekur ættir sínar til Svíþjóðar, Þýskalands, Írlands og Cherokee-indíánaættbálksins. Basinger leikur eitt aðalhlutverkanna í myndinni The Sentinel sem Stöð 2 sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON VARAR VIÐ SLYSUM VIÐ SKJÁINN

# *Fagur söngur er hættulegur fyrir okkur mömmu*

Móðir mín er afar tónelsk og þegar hún heyrir fallegt lag í fallegum flutningi er eins og hún falli í dá. Nú er samveru okkar þannig háttað að ég sé venjulega móður mína í þessu ástandi fyrir framan sjónvarpið. Það getur því verið tvöföld ánægja að horfa á Idolið því þegar keppendur fara á kostum er freistandi að hafa augun af skjánum og líta á þá gömlu þegar augun galopnast og hakan ber við gólf, sem jafnan gerist þegar hún kemst í þetta ástand. Eitt sinn bar reyndar svo við að faðir minn sá hana í þessu ástandi og hljóp hann þá strax fyrir framan skjáinn til að athuga hvað gæti framkallað þennan svip, sem er eflaust ekkert ólíkur þeim sem hún var með þegar hún leit Bílddælinginn atarna með brilljantíngreiðsluna á dansleik á Bifröst forðum daga. Þá var þetta samvinnuskóli enda heppnaðist samvinna þeirra hjóna afar vel eins og ég er gott dæmi um. En mikið var hann skelkaður þegar hann sá á skjáinn og komst að því að Páll Óskar Hjálmtýsson hafði komið henni í þetta ástand enda er hann einn albesti lagatúlkandi sem við eigum.



Mamma hefur aldrei verið mikill rokkari og því kom mér það verulega á óvart að hún skyldi falla í dá yfir þættinum Bandið hans Bubba. Það var þó ekki Bubbi sem heillaði hana enda ekki brilljantíni á hann komandi. Það gerði hins vegar ungur lubbi frá Dalvík sem söng af svo mikilli hjartans lyst að annað eins hef ég ekki heyrt frá því að ég vandi mig af því að syngja í sturtunni (ég fékk nefnilega staðfestingu á því þegar fyrrverandi nágranni minn kvartaði að sá söngur hljómar aðeins vel í mínum eyrum).

Ég horfði á mömmu en einbeitti mér svo að þessum fagra söng Norðlendingsins. Þá gerðist nokkuð óvænt; reyndar ekki svo óvænt því ég er nú sonur móður minnar. Ég missti hökuna í gólfið.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.00** Survivor: Micronesia
SKJÁR EINN



▶ **22.00** A Dirty Shame
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.10** The Sentinel
STÖÐ 2



▶ **23.00** Femme Fatale
SJÓNVARPIÐ



▶ **02.00** Phoenix - Utah
SÝN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Spæjarar**

**17.55 Bangsímon, Tumi og ég**

**18.20 Þessir grallaraspóar**

**18.25 07/08 bíó leikhús**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Gettu betur** Spurningakeppni framhaldsskólanema. Seinni undanúrslitaþáttur í beinni útsendingu úr Vetrargarðinum í Smáralind þar sem Borgó og MR mætast.

**21.30 Hundur í hernum** (Chips, the War-dog) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1990 um ungan mann og þýskan fjárhund sem parast saman í verkefninu Hundar í hernaði í seinni heimsstyrjöldinni.

▶**23.00 Háskakvendið** (Femme Fatale) Frönsk/bandarísk spennumynd frá 2002 um unga glæpakonu sem reynir að snúa frá villu síns vegar en fortíðin eltir hana uppi. Leikstjóri er Brian De Palma og leðal leikenda eru Rebecca Romijn, Antonio Banderas og Peter Coyote. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.50 Stigamenn** (Plunkett & Macleane) Bresk bíómynd frá 1999. Tveir menn á Englandi á 18. öld gera með sér samkomulag um að losa aðalsmenn við eigur sínar. Leikstjóri er Jake Scott og meðal leikenda eru Jonny Lee Miller, Iain Robertson, Robert Carlyle, Liv Tyler, Michael Gambon og Ken Stott. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.

**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Weather Man**

**08.00 Owning Mahowny**

**10.00 Moon Over Parador (e)**

**12.00 Chronicles of Narnia**

**14.20 Owning Mahowny**

**16.00 Moon Over Parador**

**18.00 Chronicles of Narnia**

**20.20 The Weather Man**

▶**22.00 A Dirty Shame** Kolsvört og snargeggjuð gamanmynd eftir drottningu subbugrínsins, John Waters, með Johnny Knoxville úr Jackass í aðalhlutverki.

**00.00 The Pilot´s Wife**

**02.00 Hard Cash**

**04.00 A Dirty Shame**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stuð í sumarbúðum, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar

**08.10 Oprah**

**08.50 Í fínu formi**

**09.05 The Bold and the Beautiful**

**09.25 La Fea Más Bella**

**10.10 Studio 60** (9:22)

**11.15 60 mínútur**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours** (Nágrannar)

**13.10 Wings of Love**

**13.55 Wings of Love**

**14.45 Man´s Work** (10:15)

**15.25 Bestu Strákarnir** (18:50) (e)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Galdrastelpurnar, Batman, Smá skrítnir foreldrar, Sylvester og Tweety

**17.28 The Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours** (Nágrannar)

**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.50 Ísland í dag og íþróttir**

**19.35 The Simpsons** (21:22)

**20.00 Logi í beinni** Þátturinn verður laufléttur, með frjálsu sniði og það eina sem lagt er upp með er að hann verði skemmtilegur; bjóða uppá skemmtilega viðmælendur, skemmtilega tónlist og skemmtilegar uppákomur.

**20.50 Bandið hans Bubba** (6:12) Þátturinn verður í beinni útsendingu og einn keppandi fellur úr leik hverju sinni, þar til eftir stendur nýr söngvari fyrir Bandið hans Bubba. 2008.

▶**22.10 The Sentinel** (Leyniþjónustan) Stjörnum hlaðinn samsæristryllir í anda 24 með Michael Douglas, Kiefer Sutherland, Kim Basinger og Evu Longoria. Leyniþjónustumaður lendir í miklum hremmingum þegar hann er ranglega sakaður um að skipuleggja banatilræði á Bandaríkjaforseta. Aðalhlutverk: Kiefer Sutherland, Kim Basinger, Michael Douglas, Martin Donovan, Eva Longoria. Leikstjóri: Clark Johnson. 2006.

**00.00 Damien: Omen II**

**01.40 The Cooler**

**03.20 Goal!**

**05.15 The Simpsons** (21:22)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**18.05 Gillette World Sport**

**18.35 Inside the PGA** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.

**19.00 FA Cup - Preview Show 2008** Elsta og virtasta keppni heims skoðuð bak og fyrir.

**19.30 Utan vallar**

**20.15 Spænski boltinn - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

**20.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.05 World Supercross GP** Útsending frá World Supercross GP en að þessu sinni fór þetta magnaða mót fram í RCA Dome í Indianapolis.

**22.00 Heimsmótaröðin í póker**

**22.50 Heimsmótaröðin í póker 2006**

**23.40 World Poker Tour 4**

**01.10 World Series of Poker**

▶**02.00 NBA körfuboltinn** Bein útsending frá leik Phoenix og Utah í NBA-körfuboltanum.

## SÝN2

**17.30 Fulham - Man. Utd**

**19.10 Arsenal - Aston Villa**

**20.50 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

**21.50 PL Classic Matches** (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches**

**22.50 Season Highlights** (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**23.45 Enska úrvalsdeildin - Upphitun**

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.45 Vörutorg**

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 Game tíví** (e)

**19.00 One Tree Hill** (e)

**20.00 Bullrun** (8:10) Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með æsispennandi götukappakstri um þver og endilöng Bandaríkin. Það eru 12 lið sem hefja leikinn á heimasmíðuðum tryllitækjum og það lið sem kemur fyrst á áfangastað snýr heim með 13 milljónir í farteskinu.

▶**21.00 Survivor: Micronesia - NÝTT** Sextánda þáttaröðin í vinsælustu raunveruleikaseríu allra tíma. Nú eru það tíu eldheitir aðdáendur þáttanna sem fá að spreyta sig gegn tíu vinsælum keppendunum úr fyrri Survivor-seríum.

**22.00 Law & Order** (18:24) Gömul kona er barin til dauða í íbúð sinni. Briscoe og Green telja sig vera komna á sporið en hinir grunuðu hafa fjarvistarsönnun. Í ljós kemur að konan var lykilvitni í máli gegn meintum stríðsglæpamanni Nasista.

**22.50 The Boondocks** (10:15) Bráðfyndin teiknimyndasería með kolsvörtum húmor fyrir fullorðna. Aðalsöguhetjurnar eru bræðurnir Huey og Riley og afi þeirra, Robert. Bræðurnir alast upp í einu hættulegasta og grófasta hverfi Chicago en flytja í úthverfi með afa sínum og finna ólíkar aðferðir til að aðlagast breytingunni.

**23.15 Professional Poker Tour** (10:24)

**00.45 Dexter** (e)

**01.35 C.S.I. Miami** (e)

**02.25 Da Vinci's Inquest** (e)

**03.15 The Dead Zone** (e)

**04.05 World Cup of Pool 2007** (e)

**05.05 Vörutorg**

**06.05 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50
### Bandið hans Bubba

Átta keppendur standa eftir í Bandinu hans Bubba. Úrslitakeppnin er í beinni útsendingu en hver keppandi flytur eitt lag fyrir Bubba Morthens og dómarana Björn Jörund og Villa Naglbít sem fá aðstoð frá einum gestadómara í hverjum þætti. Einn keppandi fellur úr leik hverju sinni, þar til eftir stendur nýr söngvari fyrir Bandið hans Bubba.



## ▶ VIÐ MÆLUM
### Gettu betur
### Sjónvarpið kl. 20.20

Í kvöld mætast Borgarholtsskóli og MR. Skólarnir tveir hafa oft mæst í keppninni og hafa viðureignirnar oftar en ekki verið sögulegar. Skemmst er að minnast úrslitaviðureignarinnar frá 2001 þegar MR sigraði í bráðabana og svo viðureignin frá 2004 þegar Borgó varð fyrstur skóla til að sigra MR í ellefu ár. Spennan verður því væntanlega í hámarki í kvöld.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.31** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Brot af íslenskri menningarsögu: Flatey á Breiðafirði
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Svörtu sönggyðjurnar
**23.00** Kvöldgestir
**01.03** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Skífulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**17.50 Totally Frank** (23:26)
**18.15 Hollywood Uncensored** (25:26)
**19.00 Hollyoaks.**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Skífulistinn**
**20.50 Totally Frank** (23:26) Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn.
**21.15 Hollywood Uncensored** (25:26)
**22.00 My Name Is Earl** (5:13)
**22.25 Flight of the Conchords** (7:12) Einn allra frumlegasti, skemmtilegasti og umtalaðasti gamanþáttur síðari ára.
**22.50 Numbers** (21:24) Bræðurnir Charlie og Don Eppes snúa aftur í þessari hörkuspennandi þáttaröð um glæpi og tölfræði.
**23.35 ReGenesis** (2:13) Hörkuspennandi nýir spennuþættir sem lýsa má sem blöndu af CSI og X-Files.
**00.25 Falcon Beach** Falcon Beach er sumarleyfisstaður af bestu gerð. Þangað fer fólk til að slappa af og skemmta sér í sumarfríinu sínu enda snýst allt þar um sumar og frelsi. En þar mætast líka tveir heimar - sumarleyfisgestirnir og íbúar bæjarins. Hvað gerist þegar einstaklingar sem eiga ekkert sameiginlegt verða á vegi hvers annars?
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Mér finnst...** Raunveruleikasjónvarp ... þar sem konur tjá sig hispurslaust um allt sem stendur og situr, rís og hnígur, vakir og sefur á þessari plánetu. Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Guðrún Bergmann og Björk Jakobsdóttir eru gestir þáttarins ásamt leynigesti.
**21.00 Hvað ertu að hugsa?** Þáttur í umsjá Guðjóns Bergmanns. Guðjón fær til sín Kristján Jónsson, framkvæmdastjóri Þjálfunar. Þeir ræða um fitubrennslu og offituvandamál út frá fyrirlestri Dr. Deans Ornish.
**21.30 Birkir Jón** Birkir Jón Jónsson umsjónarmaður þáttarins ræðir við Björk Magnúsdóttur, formann Stúdentaráðs. Málefni háskólanema eru í brennidepli.

## DR 1

**11.10** Ærlig talt **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.25** Svampe - på liv og død **12.50** Rabatten **13.20** Kender du typen? **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** Hannah Montana **16.30** Det kongelige spektakel **16.45** Alfons Åberg og uhyret **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgørelsen **20.55** Men in Black 2 **22.15** Hudson Hawk - Mestertyven **23.50** Boogie Listen

## NRK 1

**11.40** Columbo **12.50** Schrödingers katt **13.15** Doc Martin **14.00** Megafon **14.30** Dinosapiens **14.50** Sketsj **15.05** Hannah Montana **15.30** Fin fredag **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **16.59** Barne-tv **17.00** Ørneredet **17.05** Mamma Mirabelle viser film **17.15** Rorri Racerbil **17.25** Store maskiner **17.30** Miniplanetene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Showbiz **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Detektimen: Lewis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Detektimen: Lewis **23.00** VM friidrett innendørs **23.20** Ronan Keating

## SVT 1

**9.30** Garage **11.00** Rapport **11.05** Grön glädje **11.35** Netrebko & Villazón **12.35** Melodifestivalen 2008: Deltävling 4 **14.10** Törnfåglarna **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Klass 9A **16.30** Plus **17.00** Bolibompa **17.25** Gruffalon **17.30** Evas superkoll **17.40** Felix och Fenix **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Så ska det låta **20.00** Robins **20.30** Friidrott: inomhus-VM **21.30** In Good Company **23.20** Rapport **23.30** Kulturnyheterna **23.45** Dubbat



## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Ég hef aldrei unnið handtak um ævina, þetta var allt saman ein skemmtun.“*

Tómas Tómasson hamborgarakóngur í viðtali við DV árið 1993.

„Þetta var held ég eitthvað sem ég stal frá Walt Disney. Ég stend ennþá við þetta, þetta er allt ein skemmtun. Maður verður að hafa gaman af þessu,“ segir Tómas í dag.

# Björgólfur ríkari en Oprah Winfrey

Björgólfur Thor Björgólfsson er í 307. sæti yfir ríkustu menn veraldar. Þetta kemur fram á nýjum lista Forbes-tímaritsins sem kynntur var í gær. Eignir Björgólfs eru metnar á 3,5 milljarða Bandaríkjadala, eða um 227 milljarða íslenskra króna. Eignir hans voru metnar jafn háar á sama lista í fyrra. Þá var Björgólfur aftur á móti í sæti 249 og hefur því fallið um 58 sæti á listanum. Faðir hans Björgólfur Guðmundsson er í sæti 1014.



**Í SKUGGA BJÖRGÓLFS** Oprah Winfrey á ekki roð í Björgólf Thor.

Warren Buffet er ríkasti maður heims samkvæmt listanum en Bill Gates, sem trónað hefur á toppnum um árabil, fellur niður í þriðja sæti. Önnur kunn nöfn ofarlega á listanum eru meðal annars Roman Abramovich, eigandi Chelsea (15. sæti), Silvio Berlusconi og fjölskylda (90. sæti), tískukóngurinn Armani (203. sæti) Richard Branson (236. sæti), Ralph Lauren (253. sæti) og kvikmyndagerðarmaðurinn George Lucas (277. sæti). Björgólfur Thor skýtur fjölmörgu heimsfrægu fólki ref fyrir rass. Hann er þannig ríkari en Rússinn Alexander Lebedev (358. sæti), kvikmyndagerðarmaðurinn Steven Spielberg (368. sæti), Donald Trump (368. sæti) og sjónvarpsdrottningin Oprah Winfrey. Hún er í sæti 462.

\- hdm



**RÍKASTI ÍSLENDINGURINN** Björgólfur Thor Björgólfsson er í sæti 307 yfir ríkustu menn veraldar.



**LÁRÉTT**
**2.** loga **6.** fæddi **8.** meðal **9.** sníkjudýr **11.** tveir eins **12.** orðrómur **14.** fótmál **16.** kúgun **17.** knæpa **18.** fát **20.** svell **21.** þjappaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** blöðru **3.** gangþófi **4.** ölvun **5.** þróttur **7.** lævís **10.** stykki **13.** rölt **15.** aflast **16.** margsinnis **19.** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lífa, **6.** ól, **8.** lyf, **9.** lús, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** skref, **16.** ok, **17.** krá, **18.** fum, **20.** ís, **21.** tróð.

**LÓÐRÉTT: 1.** bólu, **3.** il, **4.** fylleri, **5.** afl, **7.** lúmskur, **10.** stk, **13.** ark, **15.** fást, **16.** oft, **19.** mó.











**HOLY B** Lætur ljómandi vel af sér í Berlín þótt þýskan gangi upp og ofan en ekki dugar barnaskólaþýska vilji menn láta taka mark á sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### HELGI BJÖRNSSON: TILNEFNDUR TIL ÞÝSKRA MENNINGARVERÐLAUNA

# Þýskir elska hús Holy B

„Hvað eigum við að segja? Þetta er einhvers konar Gríma. Mikil hátíð verður á þriðjudaginn í Hamborg og þá vonandi verður maður á sviðinu að þakka pabba og mömmu fyrir að hafa getið þennan afburðadreng sem þangað er kominn. Eigum við ekki að fella tár yfir því?“ spyr Helgi Björnsson tónlistarmaður, leikari og athafnamaður – sem við hátíðleg tækifæri er nefndur Holy B. og vísað til merkingar nafns hans á ensku.

Helgi er einn eigenda mikils leik- og viðburðahúss í Berlín þar sem fer fram fjölbreytileg starfsemi. Nú hefur húsið verið tilnefnt til Der Deutsche Live Entertainment-Preis – eða þýsku menningarverðlaunanna. „Já, þar er mitt fína leikhús, Admiralspalast, meðal tilnefndra í flokki „Location des Jahres“ eða Hús ársins. Þar erum við tilnefnd ásamt þremur öðrum.“

Helgi segir þetta ágæta viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Þýðir kannski ekkert sérstakt umfram klapp á bakið. „En vonandi einnig að þetta feli í sér meiri meðvitund um húsið og ætti að geta orðið virðisaukandi fyrir starfsemina.“

Hús Helga er enginn Hlaðvarpi. Um er að ræða fimm hæða hús sem telur um 25 þúsund fermetra. Í hjarta Berlínar. Og fer þar fram fjölbreytileg starfsemi. Þar er að finna stórt leikhús og tvo aðra sali sem taka 450 manns í sæti. Í húsinu er veitingahús sem getur tekið á móti 150 gestum og á efstu hæð er verið að opna Spa. Til stendur að opna skemmtiklúbb í kjallaranum. Helgi metur það sem svo að vikulega komi í húsið um 50 þúsund gestir.

„Berlín er einstök borg og hefur upp á margt að bjóða. New York Evrópu. Hér mætast stefnur og straumar og mikið um að vera í menningu og listum. Þjóðverjar eru mjög duglegir að sækja lifandi atburði, fara í leikhús og á skemmtanir. Jákvæðir áhorfendur í flesta staði,“ segir Helgi sem er alfluttur til Berlínar. Er í fjarbúð en fær fjölskylduna í heimsókn reglulega og er sjálfur væntanlegur til landsins um páskana. Segist sakna Íslands þegar vetur er sem nú, sjó festi og íslensk veðrátta ríkjandi. En hvernig gengur með þýskuna?

„Hún gengur upp og niður. Þetta getur verið erfitt því ekki dugar að tala einhverja barnaskólaþýsku ef taka á mark á manni,“ segir Helgi sem nú bíður þess 11. spenntur.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Faðir tónlistarmannanna **Mikes og Dannys Pollock**, Francis Lee, lést í Bandaríkjunum í síðasta mánuði eftir tveggja ára baráttu við krabbamein. Michael samdi lag og texta til heiðurs föður sínum sem hann flutti við jarðarför hans í Wisconsin. Nefnist það Papa Lee og þar minnist hann samverustunda þeirra feðga á tilfinningaríkan hátt.



Mikil stemning er í herbúðum Birtings. Í dag fer full flugvél héðan og flýgur með starfsmenn á árshátíð til Svíþjóðar nánar tiltekið til Málmeyjar á Hilton-hótel þar í bæ. DV-menn undir forystu **Reynis Traustasonar** og tímaritafólk fer flest og er haft á orði að ef vélin farist þá þurrkist út á einu bretti tímaritaútgáfa á Íslandi. Til að koma í veg fyrir það verður flogið með hluta starfsmanna út á morgun.



Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu er **Garðar Thor Cortes** tilnefndur fyrir plötu ársins á Bresku tónlistarverðlaununum í sígildri tónlist. Um er að ræða mjög eftirsótt verðlaun en í fyrra var það **Sir Paul McCartney** sem hreppti hnossið. Í gær hófst netkosning um verðlaunin og geta Íslendingar því stutt sinn mann til dáða. Kosningin fer fram á Classicalbrits.co.uk.



\- fb/jbg/hdm

# Pönklandsliðið kemur saman aftur

„Þetta er svona svipað og íslenska óperan, bara hugsjónastarf,“ segir Helgi Briem bassaleikari um tónleikana Pönk 2008 sem fram fara á Grand Rokki annað kvöld, laugardagskvöld. Þar ætla tónlistarmenn sem voru á fullu á Rokk í Reykjavík-árunum að koma saman til að spila erlent gullaldarpönk.

Þetta er fólk sem spilaði meðal annars með Fræbbblunum, Taugadeildinni, Tappa tíkarrassi, Q4U og Das Kapital og er meiningin að spila um fjörutíu lög eftir meistara pönksins á borð við Clash, Sex Pistols, Ramones, Stranglers og Buzzcocks.

„Æfingar hafa gengið mjög vel enda er rosalega gaman að spila þessa músík,“ segir Helgi. „Eins og í gamla daga er aðalatriðið sú hugsun að allir geti spilað og ennþá kann enginn almennilega á hljóðfærin sín. Tja, nema reyndar einn í hópnum, hann Ríkharður H. Friðriksson tónskáld. Þetta eru ríflega tíu manns og það verða tíðar innáskiptingar og margar samsetningar reyndar. Aðalatriðið er að það sé gaman.“

Helgi er ekki í neinum vafa um að pönkið lifi. „Pönkið hefur aldrei farið neitt, bara breytt um nafn; indie, Britpop, þetta er allt það sama, bara mismikið skrúfað upp í fössinu. Ég meina, hvað er Arctic Monkeys annað en pönk?“

Helgi segist ekki vera mjög jákvæður í garð söngleiks Hallgríms Helgasonar, Ástin er diskó, lífið er pönk, sem Þjóðleikhúsið setur nú upp. „Ég ætlaði að taka þátt í þessari pönklagasamkeppni sem var í gangi en féllust hendur þegar ég sá hverslags leirburður textarnir voru. Mér sýnist þeir ekki vera til annars en að reyna að ljúga því að fólki að pönkið hafi verið asnalegt.“

Pönkfjörið byrjar klukkan 22 á laugardagskvöldið og stendur fram eftir nóttu. „Ef svo ólíklega vill til að það verði einhver innkoma af þessu fer hún öll til þurfandi,“ lofar Helgi. Pönkið lifir!

\- glh



**ÞENUR BASSANN MEÐ FRÆBBBLUNUM** Helgi Briem er í pönklandsliðinu.



**SEX PISTOLS** Lög sveitarinnar eru meðal þeirra sem munu heyrast.

lagerútsala!



stillanleg rúm • einbreið rúm • tvíbreið rúm • gaflar • stólar • svefnsófar • teppasett o.fl.




ekki missa af þessu!!

Bak við Holtagarða!!

lagerútsalan í fullum gangi

30-70% afsláttur

aðeins fimmtudag til sunnudags

fim. fös frá kl. 13-18, lau. sun frá 11-16

Betra BAK

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

vísir.is
„...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

# Bekkjafyllerí

Af aðdáunarverðri yfirvegun var sagt frá því í fréttum að kostnaður vegna nýrra áhorfendabekkja við Laugardalsvöll hefði farið 400 milljón krónur fram úr áætlun. Og að mati Geirs Þorsteinssonar og félaga hjá KSÍ eiga borgarbúar að borga brúsann. 400 milljónir. Fyrir áhorfendabekki.

**ÉG** er með svokallað síhringikort, það er debetkort sem hringir eftir heimild í hvert sinn sem það er notað. Þannig kem ég í veg fyrir að fara yfir á reikningum og greiða svimandi háar upphæðir í FIT-kostnað. Þessarar spaklegu ráðstöfunar greip ég til fyrir nokkrum árum eftir að hafa greitt meiri pening en ég kærði mig um í FIT-gjöld. Stundum sætti ég reyndar lagi og lét renna kortinu í gegn, þótt ég vissi að ég væri orðinn dálítið tæpur, og vonaði að greiðslan færi athugasemdalaust í gegn. Sem stundum gerðist, mér til óblandinnar ánægju. Þar til kom að skuldadögum, því ólíkt KSÍ þurfti ég sjálfur að endurgreiða peningana sem ég eyddi þótt ég ætti þá ekki til.

**ÉG** skil sem sagt hvernig það getur komið fyrir að fólk fer nokkra þúsundkalla yfir á reikningnum; ég skil líka hvernig með einbeittum vilja og úrræðasemi er hægt að fara allmarga þúsundkalla yfir á kortinu. En 400 milljónir, það er allt önnur deild. Landsbankadeild karla að því er virðist vera. Hvað kom fyrir? Gáði enginn á heimabankann? Er þetta meira eða minna allt FIT-kostnaður? Var Intrum komið í málið?

**SANNLEIKURINN** er því miður sá að það er regla en ekki undantekning á Íslandi að menn fari fram úr fjárheimildum. Með öðrum orðum eyði peningum sem þeir hafa ekkert leyfi til að ráðstafa. Þetta eru menn reyndar farnir að gera af svo mikilli list að það er spurning hvort við ættum ekki að flytja þessa þekkingu út. Þegar harðnar á dalnum munu mörg fyrirtæki ekki eiga neina peninga. Við eigum menn sem geta samt eytt þeim.

**Í** fullkomnum heimi myndu syndaselirnir endurgreiða þessar 400 milljónir með því að selja vandarhögg á afturendann á sér. KSÍ rukkar okkur um 5.000 krónur að fá að skella rassinum á harða brík á fótboltalandsleik, og því rökrétt að við þurfum að greiða jafn mikið fyrir að skella bríkinni á rassinn á þeim. Það þyrfti þá ekki nema rétt um 80 þúsund rassskelli til að endurgreiða skuldina, fyrir utan vexti auðvitað. En engar áhyggjur Geir, við bjóðum upp á raðgreiðslur.

## GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 7. mars, 67. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.13 | 13.38 | 19.05 |
| Akureyri | 8.01 | 13.23 | 18.48 |

Heimild: Almanak Háskólans




# Úrvalsfólk

Ferðalög og frábær félagsskapur.

## Albir

15. apríl í 22 eða 25 nætur



Verð frá 83.900,-
m.v. tvo í íbúð á La Colina í 22 nætur
Skemmtanastjóri: Ásdís Árnadóttir

## Marmaris

28. apríl í 22 daga



Verð frá 89.900,-
m.v. tvo í íbúð á Forum
Skemmtanastjóri: Hjördís Geirsdóttir

## Tenerife

23. apríl í 27 nætur og 30. apríl í 20 nætur



Verð frá 118.645,-
m.v. tvo í herb. á hótel Fanabe með hálfu fæði
Skemmtanastjóri: Sigvaldi Þorgilsson

## Portúgal

3. maí í 17 nætur



Verð frá 74.608,-
m.v. tvo í stúdíó á Paraiso de Albuferia
Skemmtanastjórar: Sigríður Hannesdóttir og Ottó Péturs.

## Lúxussiglingar í Karíbahafi

9. og 16. september í 11 nætur



Verð frá 219.776,-
m.v. tvo í „deluxe" klefa með svölum
Skemmtanastjórar: Kjartan Sigurðsson og Lilja Jónsdóttir

## Skosku hálöndin

31. júlí í 7 nætur



Verð frá 137.900,-
m.v. tvo í herbergi með hálfu fæði
Fararstjórar: Inga Geirsdóttir og Snorri Guðmundsson

Úrvalsfólki fjölgar stöðugt og telur ferðafélagið nú um 10 þúsund manns. Af því tilefni bjóðum við upp á spennandi sólstrandaferðir víðsvegar um Evrópu og lúxussiglingar í Karíbahafinu með glæsilegum skemmtiferðaskipum. Skemmtanastjórar í sólarlandaferðunum skipuleggja fjölbreytta dægradvöl, t.d. leikfimi, spilavist og skemmtikvöld. Farið er saman út að borða, í dans og danskennslu, golf og mínígolf ásamt fjölmörgum öðrum skemmtilegum uppákomum. Úrvalsfólk er lífsglatt og nýtur þess að skemmta sér saman í góðum hópi jafnaldra, vina og kunningja.

MasterCard VISA

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN – LÁGMÚLA 4 – 108 REYKJAVÍK –
S. 585 4000 – F. 585 4065 – INFO@UU.IS – WWW.UU.IS